BÓHEM OG SJÓARI

Heiða Eiríksdóttir og Sigrún Eðvaldsdóttir myndu taka vel í að leigja Ingibjörgu Sólrúnu og Ásmundi Ásmundssyni herbergi.

ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. október 2007 — 279. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Skoppa og Skrítla í útrás

Linda Ásgeirsdóttir og Hrefna Hallgrímsdóttir fara með Skoppu og Skrítlu til New York.

FÓLK 30

Ný hljómsveit

Kristján Þórðarson, betur þekktur sem Stjáni stuð, verður umboðsmaður og söngvari sveitarinnar Big Strong Boys.

FÓLK 30

Ný jólaplata

Björgvin Halldórsson fagnar fjörutíu ára bransaafmæli í ár.

FÓLK 22

SPORT

Ný gullaldarár í vændum

Fjórir fyrirliðar Vals rifja upp gömlu góðu dagana og velta framtíðinni fyrir sér.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



NORÐAUSTLÆG ÁTT og úrkoma víða um land. Hvasst á Vesturlandi, 12-18 m/s, en hægara austanlands. Hiti 2-8 stig.

VEÐUR 4



19 MÖRK Eiður Smári Guðjohnsen skorar hér 19. markið fyrir A-landslið karla í seinni hálfleik gegn Lettum í gær. Mörkin hans í gær voru langþráð fyrir landsliðsfyrirliðann sem hafði ekki skorað í síðustu sex landsleikjum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Markamet A-landsliðs karla:

Eiður Smári á nú metið einn

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen skoraði sitt 18. og 19. mark fyrir íslenska A-landsliðið gegn Lettum í gær og bætti með því markamet A-landsliðs karla sem hann hafði átt með Ríkharði Jónssyni síðan 2. september í fyrra.

Eiður Smári hafði ekki skorað í síðustu sex landsleikjum sínum og var búinn að vera án marks í 543 mínútur þegar hann skoraði fyrra mark sitt í gær en mörkin 19 hefur hann skorað í 48 landsleikjum frá árinu 1996. Þetta var aðeins í annað skiptið sem Eiður Smári skorar meira en eitt mark í sama leiknum en því náði hann einnig í 3-0 sigri á Litháum 16. október 2002.

Ríkharður Jónsson var búinn að eiga markametið í rúm 59 ár eða síðan hann jafnaði markamet Alberts Guðmundssonar í leik gegn Finnum á Melavellinum 2. júlí 1948 en Albert skoraði tvö fyrstu mörk íslenska landsliðsins. Ríkharður Jónsson skoraði mörkin sín 17 í 33 landsleikjum frá 1947-1965 en hann átti markametið einn frá árinu 1951 til ársins 2006.

- óój

Meirihluti styður nýja borgarstjórn

Rúmlega 63 prósent kvenna og 50 prósent karla styðja nýjan meirihluta í Reykjavík. Samfylking og Vinstri græn bæta við sig fylgi en aðrir flokkar missa fylgi frá kosningum 2006. Frjálslyndir og óháðir fengju ekki kjörinn fulltrúa.

SKOÐANAKÖNNUN 56,5 prósent segjast styðja núverandi meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Mestur er stuðningurinn meðal þeirra sem segjast myndu kjósa Samfylkingu, Vinstri græn og Framsóknarflokk.

Alls 93,9 prósent stuðningsmanna Samfylkingar styðja nýjan meirihluta, 92,0 prósent stuðningsfólks Framsóknarflokks og 92,4 prósent þeirra sem styðja Vinstri græn styðja nýjan meirihluta.

78,6 prósent þeirra sem styðja Frjálslynda flokkinn styðja nýjan meirihluta, en ekki nema 4,1 prósent þeirra sem styðja Sjálfstæðisflokkinn. Af þeim sem ekki gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa segjast 53,9 prósent styðja nýjan meirihluta borgarstjórnar.

Vinstri græn og Samfylking bæta við sig fylgi frá sveitarstjórnarkosningum 2006 og myndu samkvæmt því bæta við sig einum borgarfulltrúa hvor flokkur. Aðrir flokkar missa fylgi. Framsóknarflokkur þó mjög lítillega og myndi halda sínum borgarfulltrúa. Sjálfstæðisflokkur og Frjálslyndir og óháðir myndu tapa einum borgarfulltrúa hvor.

FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKA

Hvaða flokk myndir þú kjósa ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga nú?



Vinstri græn bæta mestu við sig, tæpum sex prósentustigum. Nú segjast 19,4 prósent myndu kjósa flokkinn, en hann hlaut 13,5 prósent í síðustu kosningum. Þá bætir Samfylking við sig rúmum þremur prósentustigum. Nú segjast 30,7 prósent myndu kjósa flokkinn sem hlaut 27,4 prósent atkvæða í síðustu kosningum.

Frjálslyndi flokkurinn og óháðir tapa mestu fylgi frá kosningum, tæpum sjö prósentustigum. Nú segjast 3,1 prósent myndi kjósa frjálslynda og óháða, sem hlutu 10,1 prósent atkvæða í síðustu kosningum. Fylgi Sjálfstæðisflokksins er rúmum þremur prósentustigum minna en í síðustu kosningum. Nú segjast 39,4 prósent myndu kjósa flokkinn sem hlaut 42,9 prósent atkvæða í kosningum. Fylgi Framsóknarflokksins breytist hins vegar mjög lítið. Nú segjast 5,8 prósent myndu kjósa flokkinn sem hlaut 6,3 prósent atkvæða í síðustu borgarstjórnarkosningum. -ss/ sjá síðu 4

MEGAS Lóa, Lóa, söng listamaðurinn.

Frábær stemning í Höllinni:

Tryllti lýðinn

MENNING Ofboðsleg fagnaðarlæti brutust út í Laugardalshöll í gærkvöld þegar Megas og Senuþjófarnir stigu þar á svið. Áhorfendur réðu sér vart fyrir fögnuði þegar Megas og félagar renndu sér í hverja perluna á fætur annarri. - vj

100 myndir á 2500 krónur í október

HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár

Kringlu 20-50% kast

AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

Opið 13-17 í dag

LOKADAGUR!

Kringlan

SPURNING DAGSINS

Björgvin, verður Volcano í Eyjum næsta sumar?

„Það verður skálað í Volcano í tilefni 35 ára gosafmælis."

Bjórinn Volcano, sem framleiddur er í Vestmannaeyjum, kemur á markað næsta sumar. Þá eru 35 ár liðin frá eldgosinu í Heimaey. Björgvin Þór Rúnarsson er annar eigandi fyrirtækisins 2B.

Verðandi borgarstjóri segir ótal tækifæri gefast meirihluta án sjálfstæðismanna:

Félagshyggja sameinar flokkana

REYKJAVÍK „Ótal tækifæri opnast með félagshyggjustjórn sem eru ekki fyrir hendi í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn," segir Dagur B. Eggertsson, verðandi borgarstjóri Reykjavíkur. Nýr meirihluti Samfylkingar, Vinstri grænna, Framsóknarflokks og F-lista tekur við í næstu viku.

„Við ætlum að láta málefnin koma fram í verkum okkar á næstu vikum. Heildarstefna verður kynnt í tengslum við kynningu fjárhagsáætlunar í nóvember," segir Dagur. „Félagshyggja og varðstaða um almannahagsmuni sameinar þessa flokka. Við viljum starfa fyrir borgarbúa, en ekki einstaka flokka eða flokksbrot, eins og hefur birst okkur á undanförnum dögum."

Dagur segir forgangsatriði að koma á festu og stöðugleika við stjórnun borgarinnar og fyrirtækja hennar. „Við viljum einhenda okkur í þau verkefni sem snúa að daglegu lífi og þjónustu við fólk, hvort sem það er í leikskólum, á öldrunarstofnunum í skólum eða í þrifum á götum úti." Dagur tekur undir staðhæfingu Björns Inga Hrafnssonar, borgarfulltrúa Framsóknarflokksins, að aftur verði mögulegt að koma á gjaldfrjálsum leikskóla í borginni. **- sgj**

NÝ BORGARSTJÓRN Heildarstefna ekki kynnt fyrr en fjárhagsáætlun verður kynnt í nóvember.

Bush Bandaríkjaforseti:

Styðja þarf frjáls viðskipti

BANDARÍKIN, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti segir mikilvægt að efla frjáls viðskipti, enda muni verndarstefna í viðskiptum fækka góðum störfum í Bandaríkjunum. Nýleg skoðanakönnun sýndi minnkandi stuðning almennings við frjáls viðskipti, sérstaklega meðal þeirra sem styðja Repúblikanaflokk forsetans.

„Aukinn útflutningur mun stuðla að betri og betur launaðri störfum," sagði forsetinn í vikulegu útvarpsávarpi sínu. „Til að hagkerfið eflist þurfum við að efla frjáls viðskipti." **- sgj**

Jafet Ólafsson:

Enginn beðinn um að meta REI

ORKUMÁL Undarlegt er að enginn hafi verið fenginn til að meta hlut Orkuveitu Reykjavíkur sem rann inn í Reykjavík Energy Invest (REI) við sameiningu við Geysi Green Energy, segir Jafet Ólafsson viðskiptafræðingur.

JAFET ÓLAFSSON

„Enginn sérfræðingur eða matsfyrirtæki hefur lagt mat á gengið í fyrirtækinu," segir Jafet. „Ég veit ekki til þess að þeir hafi spurt neinn banka, verðbréfafyrirtæki, fjárfestingarbanka eða sérfræðinga um hvort menn treysti sér til að meta þetta."

Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins og stjórnarmaður í OR og REI, sagði á föstudag að án opinbers verðmats hafi hluturinn selst fyrir sjö til átta milljörðum meira en ella. **- sgj**

BÖRN Í ÚGANDA Þróunarsamvinnustofnun Íslands hyggst verja um 600 milljónum króna í byggðaþróun.

Þróunarsamvinnustofnun:

Eykur umsvif sín í Kalangala

ÚGANDA Þróunarsamvinnustofnun Íslands mun auka umsvif sín í Kalangala-héraði í Úganda á næstu árum. Frá árinu 2002 hefur stofnunin stutt við fullorðinsfræðslu í héraðinu, en nú verður farið út í allsherjar byggðaþróun.

„Við erum að hefja miklu umfangsmeira þróunarstarf. Verkefnið nær til skólabygginga, menntunar, heilsugæslu, ráðleggingar um fiskveiðar, eflingar stjórnsýslu og fleira," segir Sighvatur Björgvinsson, forstjóri stofnunarinnar.

Hann áætlar að verkefnið kosti rúmar 600 milljónir króna á næstu fimm til sex árum. **- kóþ**

SPÁNN

Tveir hafa látist í óveðri

Að minnsta kosti tveir hafa látið lífið í óveðri sem nú geisar á Spáni. Annar þeirra var maður sem var á seglbretti þegar vindsveipur kastaði honum um fimmtíu metra vegalengd á vegg hótels.

Borgarstjóri vissi ekki um framsóknarmenn

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri segist ekkert hafa vitað um eign áhrifamanna í Framsóknarflokknum í REI. Vilhjálmur segir að veittar hafi verið villandi upplýsingar um 20 ára einkaréttarsamning við REI á stjórnarfundi.

STJÓRNMÁL „Það kemur ekkert á óvart að frétta af framsóknarmönnum þegar um svona fyrirtæki er að ræða, þetta er ekki í fyrsta sinn," segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að tveir áhrifamenn í Framsóknarflokknum, Helgi S. Guðmundsson og Kristinn Hallgrímsson eiga helmingshlut í félaginu VGK-Invest sem í gegn um hlut sinn í Geysi Green Energy (GGE) á nú tveggja prósenta hlut í Reykjavík Energy Invest (REI). Helgi var formaður kosningastjórnar Framsóknarflokksins fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar.

Vilhjálmur segist ekkert hafa vitað um eign Helga og Kristins í GGE. „Og ég vil ekki vera að dæma eitt eða neitt í þessu sambandi," segir hann. Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, er harðorðari.

„Ef upplýsingar Fréttablaðsins um eignatengsl Helga S. Guðmundssonar og Kristins Hallgrímssonar við REI eru réttar þá horfir máli öðru vísi við en áður. Ef þeir eiga þarna stórra fjárhagslegra hagsmuna að gæta þá má vel vera að þarna sé farið að skína í ástæðu alls þessa máls frá byrjun og af hverju Björn Ingi Hrafnsson var til í að slíta meirihlutasamstarfinu," segir Kjartan.

Björn Ingi Hrafnsson segist ekkert hafa vitað um hlut Helga og Kristins í GGE. „Ef ég væri í þessu máli bara að hugsa um hagsmuni auðmanna, hvort sem þeir væru í Framsóknarflokknum, Sjálfstæðisflokknum eða öðrum flokkum, þá hefði ég að sjálfsögðu fallist á óskir sjálfstæðismanna um að selja strax hlut Orkuveitunnar í REI. Þá hefðu þessir svokölluðu auðmenn fengið REI strax og fyrir lítið fé," segir Björn Ingi.

Á fundi 3. október samþykkti stjórn Orkuveitunnar samning sem meðal annars veitir REI forgang að verkefnum sem Orkuveitan aflar erlendis næstu tuttugu árin. Einnig hefur REI aðgang að sérfræðingum Orkuveitunnar gegn þóknun. Vilhjálmur borgarstjóri segir að ekki hafi verið dregin upp rétt mynd af innihaldi samningsins á stjórnarfundinum. „Tillagan gekk einfaldlega út á það að við værum að samþykkja það að veita þessu fyrirtæki aðgang að tækniþjónustu.

BJÖRN INGI HRAFNSSON OG VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og framsóknarflokks klöppuðu oddvitum sínum lof í lófa þegar þeir innsigluðu meirihlutasamstarf í borgarstjórn í maí í fyrra. Nú deila þeir hart og nýr meirihluti er tekinn við stjórn borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Má vel vera að þarna sé farið að skína í ástæðu alls þessa máls frá byrjun og af hverju Björn Ingi Hrafnsson var til í að slíta meirihlutasamstarfinu.
>
> **KJARTAN MAGNÚSSON**
> BORGARFULLTRÚI SJÁLFSTÆÐISFLOKKS

Samingurinn sem lá til grundvallar var ekki ræddur á fundinum og er mun víðtækari en orðalag tillögunnar gefur til kynna. Hann var ekki kynntur sem einkaréttarsamningur. Tillagan var því villandi," segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. **gar@frettabladid.is**

Fjöldi stjórnmálamanna vilja skipta Írak upp í mörg sjálfstjórnarhéruð í einu ríki:

Vilja sjálfstjórn íraskra héraða

ÍRAK, AP Einn helsti leiðtogi sjía-múslima í Írak hvatti í gær til sjálfstjórnar héraða í Írak. Með því að skipta landinu upp í mörg ríki eftir trúarbrögðum og kynþætti mætti styrkja það.

Ammar al-Hakim er talinn verða næsti leiðtogi stærsta stjórnmálaflokks sjía í Írak. Á fundi með hundruðum stuðningsmanna vakti hann máls á hugmyndum sínum.

„Ég skora á alla syni þjóðarinnar að berjast fyrir sjálfstjórn í héruðum sínum," sagði al- Hakim. Hann sagði að stjórnvöld í höfuðborginni hefðu einokun á ákvarðanatöku.

Tveir bandarískir þingmenn og forsetaframbjóðendur, demókratinn Joseph Biden og repúblikaninn Sam Brownback, hafa stungið upp á sams konar hugmyndum um aukna sjálfstjórn ólíkra héraða í Írak. Þingsályktunartillaga þess efnis var samþykkt í öldungadeild Bandaríkjaþings í september, en George W. Bush Bandaríkjaforseti segist ekki munu þrýsta á slíkt kerfi án vilja Íraka.

Forsætisráðherra Íraks, Nouri Al-Maliki, er andvígur hugmyndinni og segir þingsályktunina vera brot gegn sjálfræði Íraka. Forseti Íraks, Jalal Talabani, er hins vegar fylgjandi hugmyndinni. Hann er Kúrdi og mikill talsmaður aukinnar sjálfstjórnar héraða. **- sgj**

AMMAR AL-HAKIM Al-Hakim er sonur núverandi leiðtoga stærsta flokks Sjía í Írak. Hann er talinn líklegur arftaki hans. NORDICPHOTOS/AFP

VIÐ HÍTARÁ Kona velti bíl skammt frá Hítará í gær.

Kona og barn á Snæfellsnesi:

Sluppu ómeidd úr bílveltu

LÖGREGLA Kona með tveggja ára barn í bíl sínum lenti utan vegar nálægt Hítará á Snæfellsnesvegi um klukkan eitt í gær. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Borgarnesi virðist sem konan hafi ekið út í lausamöl í vegkantinum og misst stjórn á bílnum þannig að hann valt hálfa veltu og endaði á hliðinni.

Konan og barnið voru í bílbelti og sluppu með minni háttar skrámur. Sömuleiðis mun bíllinn hafa virst lítið skemmdur en hann var engu að síður fluttur á brott. Konan sem var á vesturleið sneri hins vegar við og fékk far með barnið aftur til Reykjavíkur þaðan sem hún kom. **- gar**

Tillaga frá John Howard:

Frumbyggjar viðurkenndir

ÁSTRALÍA, AP Frumbyggjar í Ástralíu fagna áætlun Johns Howard forsætisráðherra um að frumbyggjar fái sérstaka viðurkenningu sem fyrstu íbúar landsins í stjórnarskránni.

Howard hefur deilt við leiðtoga frumbyggja í ýmsum málum á ellefu ára valdatíma sínum. Gagnrýnendur segja þetta of lítið, of seint og aukinheldur kosningabrellu hjá Howard en búist er við því að hann boði bráðlega til kosninga.

Frumbyggjar eru um 450.000 af 21 milljón íbúa Ástralíu. Eru þeir fátækasti og verst setti þjóðfélagshópurinn í landinu. **- sdg**

HÓLMAVÍK

Tvö stöðugildi hverfa

Kaupþing segir að rúm tvö stöðugildi leggist af vegna styttingar á afgreiðslutíma útibús bankans á Hólmavík. Sveitarstjórn lýsir vonbrigðum með „viljaleysi Kaupþings banka til að leita annarra leiða í samvinnu við sveitarfélagið".

ÞJÓÐKIRKJAN

Prestsvígsla á Hólum

Hildur Inga Rúnarsdóttir guðfræðingur verður í dag í Hóladómkirkju vígð til prestsþjónustu í Kolfreyjustaðarprestakalli. Vígslan hefst klukkan tvö.

RANGÁRÞING YTRA

Ævintýraland borgi leiguna

Sumarbúðir Ævintýralands eiga að fá ekki umbeðna lækkun á reikningi vegna skólahúsnæðis sem tekið var á leigu af Rangárþingi ytra í sumar sem leið.

www.toyota.is

risaSMÁR



ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37239 05/07

Yaris risaSMÁR - aftur og aftur

Yaris er enginn venjulegur bíll.
risaSMÁ hönnun hans og tækni gerir það að verkum að hann hefur eiginleika stærri bíla hvað varðar rými og getu en jafnframt eiginleika smærri bíla hvað varðar lipurð og eyðslu. Yaris er bíll sem fólk vill eiga og keyra. **Aftur og aftur.**

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.
En risaSMÁR er snilld.

Verð frá 1.469.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

GENGIÐ 12.10.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	60,05	60,33
Sterlingspund	121,71	122,31
Evra	85,11	85,59
Dönsk króna	11,424	11,49
Norsk króna	11,132	11,198
Sænsk króna	9,336	9,39
Japanskt jen	0,5111	0,5141
SDR	93,2	93,76

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
114,3398
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Borgarstjórinn í Kaupmannahöfn ræðir í fyrsta sinn við fulltrúa ungmenna:

Skilyrði Ungdomshus rædd

DANMÖRK Ritt Bjerregaard, borgarstjóri Kaupmannahafnar, átti á fimmtudag fund með fulltrúum ungmenna sem hafa barist fyrir því að borgin útvegi nýtt hús í stað æskulýðsheimilisins á Norðurbrú sem rifið var síðastliðið vor.

„Þetta var góður fundur," er haft eftir Bjerregaard í dönskum fjölmiðlum, en hún vildi ekki ræða nánar það sem fram fór á fundinum.

„Það góða við fundinn var að við erum sammála um að hefja viðræður og taka okkur góðan tíma í það," var haft eftir henni á fréttavef dagblaðsins Politiken.

Þetta voru fyrstu beinu viðræðurnar milli fulltrúa ungmennanna og borgarstjórnarinnar,

Borgarstjórnin krefst þess að ef húsið á að vera í eigu borgarinnar verði borgin að hafa eftirlit með rekstrinum. Ungmennin hafa átt erfitt með að fallast á það. Næsta skrefið verður þá að ræða nánar þau skilyrði sem borgin vill setja rekstri slíks húss.

Æskulýðsheimilið á Norðurbrú var árið 1982 afhent ungmennum í Kaupmannahöfn, sem ráku þar félagsstarfsemi ýmiss konar, meðal annars veitingarekstur og tónleikastarfsemi. Mikil átök hafa reglulega orðið á götum Kaupmannahafnar síðan það var rifið í vor. - gb

ÁTÖK Í KAUPMANNAHÖFN Um síðustu helgi börðust grímuklædd ungmenni við lögregluna en á fimmtudag hittu fulltrúar þeirra borgarstjórann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Landsbankinn styður HA:

Gefa milljón á ári til fimm ára

MENNTUN Landsbankinn styrkir rannsóknarsjóð Háskólans á Akureyri um eina milljón á ári næstu fimm árin. Þorsteinn Gunnarsson rektor, Birgir Björn Svavarsson, útibússtjóri Landsbankans á Akureyri, og Sigrún Stefánsdóttir, formaður sjóðsstjórnar rannsóknarsjóðs háskólans, skrifuðu undir samning þess efnis á fimmtudag.

Markmiðið er að efla og treysta fjárhagslega getu Háskólans á Akureyri til stuðnings við rannsóknarstarfsemi kennara og sérfræðinga við skólann, samkvæmt fréttatilkynningu. - sþs

Dagur með mest fylgi í stól borgarstjóra

56,5 prósent borgarbúa styðja nýjan meirihluta í Reykjavíkurborg. Sjálfstæðisflokkur og Frjálslyndir myndu missa borgarfulltrúa, en Samfylking og Vinstri græn bæta við sig. 41,3 prósent segjast vilja Dag B. Eggertsson sem borgarstjóra.

SKOÐANAKÖNNUN 39,4 prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga nú. Samkvæmt því fengi flokkurinn sex borgarfulltrúa, einum færri en hann hefur nú. Í sveitarstjórnarkosningunum 2006 hlaut flokkurinn 42,9 prósent atkvæða.

Næststærstur yrði Samfylkingin og segjast 30,7 prósent styðja hana. Borgarfulltrúar hennar yrðu því fimm, einum fleiri en borgarfulltrúar Samfylkingar eru nú. Í kosningunum 2006 hlaut flokkurinn 27,4 prósent atkvæða.

Vinstri græn bæta við sig fylgi frá kosningum, þegar flokkurinn hlaut 13,5 prósent atkvæða. Nú segjast 19,4 prósent styðja flokkinn. Ef gengið yrði til kosninga nú myndi flokkurinn því fá þrjá borgarfulltrúa og bæta við sig einum manni.

5,8 prósent segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn og myndi Björn Ingi Hrafnsson því halda sínu sæti. Í kosningunum hlaut flokkurinn 6,3 prósent atkvæða.

Frjálslyndi flokkurinn og óháðir myndu hins vegar ekki hljóta mann kjörinn og segjast 3,1 prósent myndi kjósa flokkinn nú. Frjálslyndir og óháðir hlutu 10,1 prósent atkvæða í síðustu borgarstjórnarkosningum.

1,6 prósent segjast myndu kjósa annan flokk, í öllum tilfellum sögðu svarendur að þeir myndu kjósa Reykjavíkurlistann.

Rúmlega helmingur, 56,5 prósent, segjast styðja nýjan meirihluta borgarstjórnar í Reykjavík. Fleiri konur en karlar eru ánægðar með nýjan meirihluta, 63,2 prósent kvenna, en 50,2 prósent karla.

Þá segjast flestir, eða 41,3 prósent, vilja að Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar og verðandi borgarstjóri, verði borgarstjóri. Næstflestir nefndu nafn Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, oddvita Sjálfstæðisflokk og fráfarandi borgarstjóra. Stuðningur við hann var 21,3 prósent.

18,0 prósent sögðust vilja að Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstri grænna, yrði borgarstjóri og 6,3 prósent nefndu Gísla Martein Baldursson. Af öðrum oddvitum í Reykjavík sögðust 4,9 prósent vilja að Björn Ingi Hrafnsson yrði borgarstjóri og 0,9 prósent nefndu Margréti Sverrisdóttur.

Hringt var í 600 Reykvíkinga á kosningaaldri laugardaginn 13. október og skiptust svarendur jafnt eftir kyni. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga nú? 74,8 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. Einnig var spurt: Styður þú núverandi meirihluta borgarstjórnar? 88,5 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. Að lokum var spurt: Hver vilt þú að sé borgarstjóri Reykjavíkur? 74,2 prósent tóku afstöðu til þeirrar spurningar. svanborg@frettabladid.is

HVER VILT ÞÚ AÐ SÉ BORGARSTJÓRI REYKJAVÍKUR?



SKV. SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 13.10

Dagur B. Eggertsson:

Stoltur yfir sterkri útkomu

„Mér finnst þetta mjög sterk útkoma fyrir nýjan meirihluta," segir Dagur B. Eggertsson, verðandi borgarstjóri Reykjavíkur. „Ég er undrandi og stoltur yfir hvað ég fæ sterka útkomu út úr þessu. Við getum öll verið stolt af þessari útkomu, því að við göngum þess ekkert dulin að við erum að taka við í borginni við mjög sérstakar aðstæður."

Um útkomu Sjálfstæðisflokksins og Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar í könnuninni segir Dagur að hún endurspegli þann vanda sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur komið sér í.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson:

Bíð eftir að rykið setjist

„Þetta auðvitað endurspeglar þá umræðu sem orðið hefur um REI og ýmis mál því tengd," segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri og oddviti Sjálfstæðisflokks, um útkomu flokksins í skoðanakönnun Fréttablaðsins. Varðandi þau nöfn sem þátttakendur í könnuninni nefna sem borgarstjóra nefnir Vilhjálmur aftur málið með REI. „Það hefur verið erfitt fyrir mig persónulega og fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Ég hef haft þá stöðu að hafa yfir 50 prósent og ætla bara að bíða eftir því að rykið setjist."

Björn Ingi Hrafnsson:

Sáttur miðað við hamagang

„Þetta er vel viðunandi því að ég man ekki eftir að við höfum áður náð inn manni í könnunum Fréttablaðsins," segir Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins. „Ég get verið sáttur miðað við hamaganginn undanfarið."

Svandís Svavarsdóttir:

Finnum fyrir stuðningnum

„Það er stórkostlegt að sjá þennan mikla stuðning við nýjan meirihluta," segir Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstrihreyfingarinnar - grænsframboðs. Hún segir aukinn styrk VG eðlilegan í ljósi mikilla breytinga á síðustu dögum.

Margrét Sverrisdóttir:

Mjög jákvætt

„Það er mjög jákvætt að kjörfylgi flokkanna hafi ekki minnkað," segir Margrét Sverrisdóttir, verðandi forseti borgarstjórnar. Hún segist ekki samsama sig fylgi Frjálslynda flokksins, en rúm þrjú prósent styðja Frjálslynda og óháða. „Enda er ég farin úr þeim flokki."

Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

VEÐURSPÁ

Kólnandi veður um allt land.

Í dag má búast við úrkomu um mest allt land, rigningu sunnan og vestanlands en slydduéljum á Norðurlandi en þurrt verður eystra. Hitinn lækkar talsvert, einungis 1-4 stig norðanlands, en 3-7 stig sunnantil. Á morgun og þriðjudag kólnar enn frekar og má búast við frosti norðanlands, en hita um frostmark sunnantil, þá birtir til suðvestanlands, en áfram él norðan- og austanlands. Í BORGINNI Í DAG: Austlæg átt, 10-15 m/s, rigning, hiti 4-7 stig.

um hádegi »



» á morgun



Norðaustlæg átt 8-13 m/s

» þriðjudagur



Norðlæg átt 5-10 m/s

um hádegi »

Kaupmannahöfn	13°C léttskýjað	London	18°C léttskýjað	Eindhoven	17°C léttskýjað
Billund	12°C skýjað	París	18°C heiðskírt	Basel	19°C skýjað
Osló	15°C léttskýjað	Frankfurt	17°C léttskýjað	Alicante	23°C skýjað
Stokkhólmur	12°C rigning	Friedrichshafen	15°C skýjað	Róm	24°C heiðskírt
Gautaborg	14°C skúrir	Berlín	19°C léttskýjað	Las Palmas	24°C heiðskírt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Ég er á dvalarheimili

ég er sjálfboðaliði
Rauði krossinn

„Ég gerðist sjálfboðaliði til þess að vinna gefandi vinnu með fólki úr öllum stigum samfélagsins. Sjálfboðastarfið er bæði fræðandi og skemmtilegt.“ Kamilla Guðmundsdóttir, 26 ára

Rúmlega 300 sjálfboðaliðar starfa sem heimsóknavinir, á dvalarheimilum, sambýlum, sjúkrahúsum, fangelsum og einkaheimilum.

spron
er styrktaraðili átaksins

Sjálfboðaliðar Rauða krossins vinna ómetanlegt starf sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, mæta neyð og aðstoða þá sem eru hjálparþurfi af einhverjum orsökum. Þú getur gerst sjálfboðaliði, eða lagt okkur lið á annan hátt, í starfi sem leitast við að auka mannúð og bæta samfélag okkar.

Verkefnin eru gefandi, fjölbreytt og óþrjótandi – vertu með!

Rauði krossinn
Sími 570 4000 • www.raudikrossinn.is

Fíton/SÍA FI023269 Ljósynd: Spessi

KJÖRKASSINN

Ert þú ánægð(ur) með nýjan meirihluta borgarstjórnar?

Já	52%
Nei	48%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Horfðir þú á landsleik Íslands og Lettlands?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Rektor Listaháskóla Íslands segir alla stjórnmálaflokka hlynnta skólanum:

Óttast ekki nýjan meirihluta

MIÐBORGIN „Nei, ég geri ekki ráð fyrir að þetta hafi nokkur áhrif á áform skólans, þau fyrirheit sem hafa verið sett, þau standa," segir Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskólans.

Vinstri græn lýstu sig á sínum tíma mótfallin því þegar Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri undirritaði viljayfirlýsingu frá 7. maí um að skólinn fengi 11.000 fermetra lóð í Vatnsmýrinni.

Viljayfirlýsingunni hefur enn ekki verið fylgt eftir með formlegri úthlutun og nú eru Vinstri græn aftur við stjórnvölinn í borginni. Hjálmar óttast þó ekki að reynt verði að koma í veg fyrir að viljayfirlýsingin nái fram að ganga.

HJÁLMAR H. RAGNARSSON Rektor vinnur ótrauður áfram að nýbyggingu skólans. Vinstri græn mótmæltu því á sínum tíma hvernig skólanum var lofað lóð í Vatnsmýri.

„Ég geng út frá því að það verði ekki einu sinni til umræðu. Ég held að þeir flokkar sem nú mynda stjórn borgarinnar beri sama hug til skólans og fyrri meirihluti."

Hann segir að athugasemdir Vinstri grænna á sínum tíma hafi fyrst og fremst snúist um að Náttúrufræðistofnun fengi ekki lóð í Vatnsmýrinni.

Samkvæmt yfirlýsingunni var skólanum heimilt að ráðstafa lóðinni til þriðja aðila í samráði við borgina. Skólinn vinnur nú með Samson Properties, félagi Björgólfsfeðga, að því að reisa skólann á Frakkastígsreitnum. Samson hefur hug á að fá lóðina í Vatnsmýrinni í staðinn. **- kóþ**

Samkynhneigður í Vatíkaninu:

Preláti vildi kynlíf með karli

VATÍKANIÐ, AP Vatíkanið rak í gær háttsettan preláta eftir að hann varð uppvís um að falast eftir kynmökum við ungan karlmann. Í ítölskum sjónvarpsþætti var sýnd upptaka af prelátanum þar sem hann steig í vænginn við manninn og fullvissaði hann um að kynlíf tveggja karlmanna væri ekki synd.

Samkvæmt kenningum kaþólsku kirkjunnar er samkynhneigð synd. Talsmaður páfa, séra Federico Lombardi, sagði prelátann hafa verið látinn víkja úr embætti á meðan rannsókn á hvort hann væri maðurinn á upptökunni færi fram. - sgj

Deilur um heiti evrunnar:

Búlgarar vilja evro í stað euro

EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP Evrópusambandið hefur jafnan staðið fast á því að aðildarríkin stafsetji heiti evrunnar „euro", en nú reyna búlgörsk stjórnvöld að fá undanþágu frá þeirri reglu.

EVRA

Í Búlgaríu, sem fékk aðild að Evrópusambandinu í ársbyrjun, bera íbúar landsins nafn gjaldmiðilsins fram „evro" og krefjast þess að fá að stafsetja gjaldmiðilsheitið í samræmi við það.

Búlgörsk stjórnvöld hóta því nú að verði ekki orðið við þessu muni þau ekki staðfesta samstarfssamning ESB við Svartfjallaland, þegar atkvæði verða greidd um hann í næstu viku. **- gb**

Ekki mælst lægra í nítján ár:

Innan við prósent án atvinnu

VINNUMARKAÐUR Skráð atvinnuleysi í september var 0,8 prósent. Að meðaltali voru 1.336 manns án vinnu á tímabilinu, sem eru 140 færri en í ágúst. Atvinnuleysi er um átján prósentum minna en á sama tíma í fyrra, þegar það mældist eitt prósent.

Í tilkynningu frá Vinnumálastofnun segir að meginskýringin á minna atvinnuleysi í september sé sú að á höfuðborgarsvæðinu hafi atvinnuleysi dregist saman um átján prósent. - sþs

LAXÁ Í LEIRÁRSVEIT Fljúgandi möl skemmdi fólksbíla á Vesturlandsvegi. MYND/JÓHANNA HARÐARDÓTTIR

Illa gengið frá vörubílsfarmi:

Jós möl á bíla á þjóðveginum

LÖGREGLUMÁL Tveir fólksbílar skemmdust í gærmorgun þegar möl af vörubílspalli helltist yfir þá á Vesturlandsvegi í gær. Vörubíllinn var á suðurleið og fólksbílarnir á norðurleið þegar þeir mættust um klukkan ellefu um morguninn nálægt Laxá í Leirársveit. Að sögn lögreglunnar í Borgarnesi sprakk framrúða í öðrum fólksbílanna og báðir rispuðust.

Kona sem ók öðrum bílnum mun hafa sagt lögreglunni frá því að henni hafi brugðið svo mikið þegar gusan kom að hún hafi hreinlega gripið fyrir andlitið. Þykir lögreglu mikil mildi að við það hafi konan ekki misst bílinn undir vörubílinn eða út af veginum. **- gar**

BRETLAND

Vill hreinsa nafn sitt

Robert Murat, sem fyrstur var grunaður í máli Madeleine McCann, hefur grátbeðið portúgölsku lögregluna um að hreinsa nafn sitt og hleypa honum aftur til Bretlands. Hann hefur haft réttarstöðu grunaðs manns í fimm mánuði en hefur ekki verið ákærður eða handtekinn.

Ályktun um þjóðarmorð vekur reiði

Tyrknesk stjórnvöld hóta viðbrögðum ef ályktun utanríkismálanefndar Bandaríkjaþings, um að mannfall Armena í Tyrkjaveldi í fyrri heimsstyrjöldinni hafi verið þjóðarmorð, verður samþykkt í atkvæðagreiðslu í þinginu.

WASHINGTON, AP Tyrknesk stjórnvöld hafa kallað sendiherra sinn tímabundið heim frá Bandaríkjunum eftir að utanríkismálanefnd neðri deildar Bandaríkjaþings samþykkti ályktun á miðvikudag þar sem morðum á hundruðum þúsunda Armena í Tyrkjaveldi snemma á síðustu öld er lýst sem þjóðarmorði.

Ráðherra alþjóðaviðskipta í Tyrklandi hefur hætt við ferð sína til Bandaríkjanna vegna málsins. Einnig hóta tyrknesk stjórnvöld að grípa til aðgerða ef ályktun nefndarinnar verði samþykkt í þinginu.

Áður en kosið var um ályktunina reyndu George W. Bush Bandaríkjaforseti og ríkisstjórn hans að fá nefndarmenn til að hafna henni. „Samþykkt hennar getur skaðað alvarlega samband okkar við lykilbandamann í Atlantshafsbandalaginu og í hinu hnattræna stríði gegn hryðjuverkum," sagði Bush meðal annars.

Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, varaði við því að ályktunin gæti skaðað samskipti ríkjanna á sama tíma og herafli Bandaríkjanna í Írak þyrfti að reiða sig á leyfi tyrkneskra stjórnvalda til að fá að nota lofthelgi Tyrklands.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagðist meta sambandið við Tyrki mikils og því hafi Bandaríkjamenn sent erindreka til Tyrklands til að reyna að leysa úr deilunni.

Forseti Tyrklands, Abdullah Gül, gagnrýndi harðlega að kosið hefði verið um ályktunina. „Þessi óviðunandi ákvörðun nefndarinnar hefur hvorki gildi fyrir tyrknesku þjóðinni né virðingu hennar," sagði Gül.

Bandarískir stjórnarerindrekar hafa undanfarnar vikur hljóðlega verið að undirbúa fulltrúa tyrkneskra stjórnvalda fyrir þessa niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Nicholas Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir Tyrki „ekki hafa hótað sérstökum aðgerðum" sem viðbrögð við atkvæðagreiðslunni og að hann vonist til að „vonbrigðin muni takmarkast við yfirlýsingar".

MÓTMÆLI Í ANKARA Hundruð Tyrkja mótmæltu ályktun Bandaríkjaþings fyrir utan bandaríska sendiráðið í Ankara, höfuðborg Tyrklands, á fimmtudag. AP

MISMUNANDI TÚLKUN Á SÖGUNNI

Í fyrri heimsstyrjöldinni barðist Tyrkjaveldi við Rússland. Hluti Armena studdi Rússland og var grimmilega hefnt fyrir þann stuðning.

Armenar segja að 1,5 milljónir þeirra hafi látist í fyrri heimsstyrjöldinni, annaðhvort með kerfisbundnum aftökum eða svelti.

Tyrkir segja að bæði Armenar og Tyrkir hafi fallið í þjóðernisátökum og aftökur hafi átt sér stað á vegum beggja hliða. Þeir áætla að 300.000 Armenar hafi látist.

Mikið hefur verið deilt um hvort skilgreina beri atburðina sem þjóðarmorð á Armenum. Yfir 20 ríki hafa tekið upp þá skilgreiningu, þar á meðal Belgía, Frakkland og Rússland. **Heimild: BBC**

sdg@frettabladid.is / steindor@frettabladid.is

ég er sjálfboðaliði

Heimsóknavinir

Rauði krossinn auglýsir eftir sjálfboðaliðum í heimsóknaþjónustu.

Markmið verkefnisins er að rjúfa einsemd og félagslega einangrun fólks. Boðið er upp á hefðbundnar heimsóknir inn á einkaheimili en einnig heimsóknir á stofnanir.

Sjálfboðaliðar þurfa að hafa áhuga á mannlegum samskiptum og skuldbinda sig til að heimsækja gestgjafa sinn reglulega í samræmi við samkomulag þeirra á milli.

Nánari upplýsingar í síma 570 4000 og á raudikrossinn.is

spron er styrktaraðili átaksins

Rauði krossinn

Flúði eftir að hafa valdið gróðurskemmdum og mengað hringtorg með olíu:

Ók yfir Melatorg og missti hjól

LÖGREGLUMÁL Hreinsa þurfti upp olíu á Melatorgi í Reykjavík síðla nætur í gær eftir að ökumaður fólksbíls hafði ekið þvert yfir torgið þannig að hjól munu hafa farið undan.

Samkvæmt upplýsingum frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins gekk vel að hreinsa upp olíuna sem lak úr bílnum þar sem hann stöðvaðist í runna hinum megin á torginu.

Ekki liggur fyrir hvort ökumaðurinn var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna enda lét hann sig hverfa áður en lögregla kom á vettvang. Lögreglu gekk illa í gær að ná í skráðan eiganda bílsins sem flytja þurfti gjörsamlega óökufæran á brott. **- gar**

MELATORG Billinn skildi eftir sig ljóta slóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 39173 10.2007

Verð frá 9.900* kr. aðra leiðina til

Evrópu

Verð frá 19.900* kr. aðra leiðina til

USA



Sölutímabil:
11. okt. til og með 15. okt.
Ferðatímabil:
1. nóv. til og með 10. des.

Takmarkað sætaframboð.

+ Nánari upplýsingar og bókanir á www.icelandair.is

WWW.ICELANDAIR.IS

*Innifalið: Flug og skattar.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Umsvif íslenskra fyrirtækja í Kína hafa stóraukist.

Frelsisskjöldurinn

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Aukin umfjöllun um útrás íslenskra fyrirtækja til Kína er ekki sérískenskt fyrirbæri. Í mörgum erlendum viðskiptablöðum má greina mikla fjölgun blaðagreina um Kína. Þær greinar eru ekki um hið kommúníska stjórnarfar og mannréttindabrot stjórnvalda. Sjónir manna beinast nú að mýmörgum viðskiptatækifærum, risasamningum og uppbyggingu þar í landi.

Þetta er eðlileg þróun. Kína er mun opnara Vesturlöndum nú og um leið eykst umfjöllun um annað en stjórnarfarið. Samhliða komu vestrænna fyrirtækja gera kínversk stjórnvöld kröfu um aukin samskipti milli landa. Komum kínverskra sendinefnda til Íslands hefur til dæmis fjölgað mikið. Og á móti þeim taka embættismenn, sveitarstjórnarfólk, alþingismenn, ráðherrar og forseti Íslands.

Athyglisvert er að í samtölum við þetta fólk er ekki lengur gerð krafa um að ræða mannréttindi fólks í Kína. Samkvæmt ársskýrslu Amnesty International 2007 hafa ofsóknir á hendur fólki þar í landi aukist. Það er sett í gæsluvarðhald og fangelsi án dóms og laga. Tjáningar- og trúarfrelsi eru settar skorður. Fjölmiðlar og veraldarvefurinn eru ritskoðaðir. Pyndingar, réttarhöld vilhöll stjórnvöldum og aftökur eru enn hluti af réttarkerfinu.

Í stað umræðu um mannréttindi er reynt að skapa gott andrúmsloft í samskiptum ríkjanna til að stuðla að framgangi fyrirtækja. Á fundum forseta Íslands og Kína í upphafi þessa mánaðar var til dæmis rætt um samstarf á fjölmörgum sviðum. Engar athugasemdir voru gerðar við það. Þegar Vigdís Finnbogadóttir heimsótti ráðamenn í Kína fyrir mörgum árum var spurt um mannréttindi. Hún gaf í skyn að þau væru afstæð. Þá varð allt brjálað. Nú heyrist ekki múkk.

Það má færa fyrir því rök að umræðan um mannréttindi í Kína sé ekki jafn knýjandi í dag og hún var áður. Þá er ekki átt við að mannréttindi skipti ekki lengur máli. Það eru aðrar leiðir til að ná fram rétti fólks en með beinni pólitískri íhlutun.

Frjáls viðskipti skipta höfuðmáli í þessari hægfara þróun. Um leið og vestrænum fyrirtækjum fjölgar í Kína eykst efnahagsleg velsæld. Kaupmáttur í stærstu borgum landsins hefur margfaldast og hagvöxtur er mikill. Réttarkerfið hefur tekið breytingum. Fyrir stuttu síðan voru samþykkt lög sem heimila einkaeignarrétt, sem er í algjörri andstöðu við hugmyndafræði Kommúnistaflokksins.

Vestræn fyrirtæki hefja ekki starfsemi í Kína af mannúðarástæðum. Aukin réttindi fólks í kjölfarið eru afleiðing af gildum sem fylgja frjálsum viðskiptum. Annars myndi hið kapítalíska hagkerfi ekki ganga upp. Aukið frelsi og bætt lífskjör haldast í hendur. Stjórnvöld missa í þeirri þróun jafnt og þétt tökin á borgurunum, sem sækja réttindi sín stífar en áður.

Stuðningur forseta Íslands við útrásina til Kína er líklega eitt veigamesta framlag embættisins til mannréttindabaráttunnar þar í landi. Þetta veit Ólafur Ragnar Grímsson. Markaðurinn er frelsinu öflugur skjöldur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlisstöðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Byltingarhöllin

Íslenska þjóðin verður seint kölluð byltingarsinnuð og ekki frá því að sumir klóri sér enn í hausnum yfir þessum látum þarna í Frakklandi fyrir rúmum tveimur öldum; fólkið hefði bara getið borðað kökur. Það er því kannski kominn tími til að við eignumst okkar eigin byltingarhöll; Ráðhús Reykjavíkur sem deilt hefur verið um frá upphafi en er vel varið af öndum. Spurning er bara hvort byltingin hafi verið byggð á sandi, eða sé nýtt upphaf, eins og sjá má hér að neðan.



Allt upp á nýtt

Það hafa líklegast verið blendin viðbrögð starfsmanna Ráðhússins við þeirri byltingu sem varð fyrir helgi. Flestir starfsmannanna þekkja víst gömlu herrana sem nú taka aftur við völdum, en voru rétt farnir að venja sig við þá nýju. Á fundinum fræga í Höfða, þar sem sjálfstæðismenn biðu og biðu, átti meðal annars að ræða fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir næsta ár. Undirbúningur fyrir hana hefur tekið nokkurn tíma, en nú sjá starfsmenn fram á að stór hluti þeirrar vinnu hafi verið til einskis og þurfa að setjast aftur niður við borð sín eftir helgi og endurreikna allt sem viðkom hagræðingu og mögulegum einkarekstri.

Byrjar vel

Sigmundur Ernir Rúnarsson ætlar að byrja með stæl í nýjum þætti sínum á Stöð 2 í kvöld, Mannamáli. Þar mun hann fá báða leiðtoga ríkisstjórnarflokkanna, þau Geir H. Haarde og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, saman í spjall. Ef Sigmundur Ernir verður heiti þáttar síns trúr, munu þau ekki komast upp með neitt japl, jaml og fuður heldur svara spurningum á mannamáli svo allir skilji.

svanborg@frettabladid.is

BITBEIN Svandís Svavarsdóttir spyr:

Var rétt að mynda nýjan meirihluta í borgarstjórn?

ILLUGI GUNNARSSON

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Á sandi byggt

Myndun nýs meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur er áfall fyrir okkur sjálfstæðismenn. Allir þeir sem hafa fylgst með borgarmálum á undanförnum misserum hafa séð breytingarnar á stjórn borgarinnar frá því að R-listinn gafst upp á því að bjóða fram sökum sundrungar, ósamlyndis og vantrausts. Breyttar áherslur í skólamálum, umhverfismálum og skipulagsmálum sýndu svo ekki var um villst að stjórn borgarinnar var í góðum höndum fólks sem hafði bæði sýn og getu til að efla borgina og bæta.

Sundurlyndisfjandinn

Nýi meirihlutinn er stofnaður á grundvelli ágreinings á milli Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins um hvort peningar borgarbúa eigi að fara í áhættuverkefni í Suðaustur-Asíu, Afríku og víðar. R-listaflokkarnir, sem ekki treystu sér til að bjóða aftur saman fram til borgarstjórnar vegna málefniságreinings, mynda nú samstarf á grundvelli þessa máls. Það er ekki gæfuleg byrjun á sambandi. Vinstri grænir hljóta að hafa ónotatilfinningu í þessu máli og hana töluverða. Þeir taka nú á móti fulltrúa Framsóknarflokksins og tryggja þar með að áfram verði haldið með þau áform sem Vinstri grænir gagnrýndu svo mjög fyrir nokkrum dögum. Ljóst er að ungliðarnir eru að minnsta kosti með fyrirvara á þessu valdabrölti. Í yfirlýsingu þeirra segir: „Ein af forsendum þess að hið nýja samstarf gangi upp er að Björn Ingi Hrafnsson borgarfulltrúi geri hreint fyrir sínum dyrum í orkumálum Reykjavíkur sem allra fyrst.“ Skeytasendingarnar eru strax byrjaðar og meirihlutinn er ekki enn tekinn við!

Ummæli Gunnars Smára

Við þessa yfirlýsingu ungliða VG bætast ummæli Gunnars Smára Egilssonar í Íslandi í dag síðastliðinn fimmtudag og ættu þau að verða forystumönnum VG ærið umhugsunarefni. Gunnar Smári þekkir vel til í íslensku viðskiptalífi og er mörgum þeim hnútum kunnugur sem alla jafna eru ekki almenningi til sýnis. Ummæli hans voru þessi: „Þetta REI-mál er alls ekki búið. Þar eiga eftir að koma ýmsir hlutir fram sem eru ekki við hæfi og ég held að þeir eigi eftir að reynast Birni Inga mjög erfiðir.“ Stuðningsmenn VG hljóta að vera hugsi og velta því fyrir sér hvað það er sem þeir hafa nú tekið að sér að styðja. Ég hef lítið að segja um Samfylkinguna í borgarstjórn í þessu máli annað en það, að afstaða hennar kemur mér ekki á óvart, fyrri orð um siðleysi og spillingu Framsóknarflokksins hljóta þó að vera stuðningsmönnum þess flokks áhugavert lesefni undir háttinn.

Stjórnarandstaða

Okkar sjálfstæðismanna býður nú það verkefni að vera í stjórnarandstöðu í borgarstjórninni. Ég treysti okkar fulltrúum vel til þess að sinna skyldum sínum á þeim vettvangi. Án nokkurs vafa munu þau veita nýjum meirihluta það aðhald sem nauðsynlegt er og reyna að koma áfram þeim góðu verkefnum sem hafist var handa við.

Nýtt upphaf

Fundurinn þriðja október varð örlagaríkur. Fyrst vegna þess að líkur benda til að hann hafi formlega ekki staðist. Í annan stað vegna þess að þar var ofboðið réttlætiskennd venjulegs fólks. Í þriðja lagi vegna þess að þar voru viðhöfð ótrúleg vinnubrögð. Eftirleikurinn var með ólíkindum. Hámarki náði endaleysan þegar Sjálfstæðisflokkurinn reyndi að kenna Hauki Leóssyni um málin eftir að hafa þegið ráð Valhallar. Sumir halda því fram að ágreiningurinn nú sé um það hvort á að selja hratt eða hægt; hvorugt er rétt. Það er ekki hægt að selja, hvorki hægt né hratt. Nú verður að rannsaka alla ferla í þaula, það verður að skoða málin algerlega í kjölinn og velta við öllum steinum. Það verður væntanlega eitt af mikilvægustu verkefnum nýs meirihluta að ganga í þá skoðun. Þegar niðurstaða þeirrar skoðunar liggur fyrir er hægt að hafa skoðun á því hvort og hvernig á að selja, hratt, hægt, mikið eða lítið.

Vinnuhópurinn mun jafnframt móta framtíðarsýn fyrir Orkuveituna, heildarstefnumótun með hagsmuni almennings og náttúru að leiðarljósi. Sá leiðangur verður spennandi og borgarbúum til gæfu.

Kraftmikill meirihluti

Nú hefur verið myndaður nýr, kraftmikill meirihluti. Það er fjögurra flokka meirihluti. Hér verður því ekki spáð hvernig sá meirihluti endist því það er best að láta verkin tala. Fyrir okkur Vinstri græn er mikilvægast að meirihlutinn nýi sýni heiðarleika í verkum sínum gagnvart borgarbúum og sjálfum sér, opin og heiðarleg vinnubrögð þar sem allt er uppi á borðinu. Nýi meirihlutinn þarf að verða meirihluti félagslegra viðhorfa, kvenfrelsis og grænna lífsgilda. En umfram allt er nýi meirihlutinn um það að bjarga Reykjavík úr tröllahöndum. Vonandi gengur það vel. Meirihlutinn nýtur fylgis 56 prósenta borgarbúa ef marka má síðustu kosningar en fylgið við sjónarmið opinnar og lýðræðislegrar umfjöllunar, fumlausra og yfirvegaðra vinnubragða hefur án efa aukist. Sjaldan hefur opin, kraftmikil og almenn umræða áorkað eins miklu. Aldrei áður hefur meirihluti hrökklast frá völdum á miðju kjörtímabili í Reykjavík. Eftir 17 mánaða valdasetu Valhallar steytti hinn reynslulausi meirihluti á skeri. Þau voru ekki tilbúin.

Einstakar undirtektir

Undirtektirnar sem minn málflutningur hefur fengið að undanförnu eru algerlega einstakar; ég er þeim þakklát sem hafa látið í sér heyra eða sent mér bréf og hvatningu. Ég ætlast til þess að þessi nýi meirihluti starfi í samræmi við þá hreyfingu almennings sem nú hefur velt íhaldsmeirihlutanum í Reykjavík. Ég mun standa þá vakt. Með þeirri hreyfingu gegn spillingu og fyrir heiðarleika í íslenskum stjórnmálum.



Jafnvægi

Harður og þrautseigur þegar á þarf að halda – mjúkur, lipur og þægilegur í dagsins önn. Að mæta ólíkum þörfum og bregðast hárrétt við mismunandi aðstæðum; þetta eru kröfur samtímans.

Til afgreiðslu strax. Komdu og reynsluaktu Mitsubishi Pajero.

MITSUBISHI MOTORS

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

†

Ástkær eiginkona mín,

Kristín Eggertsdóttir

Búhamri 21, Vestmannaeyjum,

lést á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja 10. október síðastliðinn.
Útför auglýst síðar.

Jósúa Steinar Óskarsson

†

Okkar kæri faðir, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

Baldur Björnsson

dvalarheimilinu Uppsölum,
áður Kaupvangi, Fáskrúðsfirði,

lést fimmtudaginn 11. október. Útförin fer fram frá Fáskrúðsfjarðarkirkju föstudaginn 19. október kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

Björgvin Baldursson
Birna Baldursdóttir
Hrefna Björnsdóttir
afabörn og langafabörn.

Anna Þóra Pétursdóttir
Bæring Bjarnar Jónsson

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóna Fanney Gunnarsdóttir

kjólameistari, Bólstaðarhlíð 41,

lést á Droplaugarstöðum þriðjudaginn 9. október. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 18. október kl. 13.00.

Jón Helgason
Gunnar Helgason
Sigríður Halldórsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Salóme H. Magnúsdóttir
Inga Arndís Ólafsdóttir
Þorbjörn Gíslason

†

Okkar ástkæri

Haukur Þorvaldsson

matreiðslumaður, Veghúsum 31,
Reykjavík,

lést þriðjudaginn 2. október á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Jarðarförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 16. október kl. 13.00.

Björg Jóhannsdóttir
Björgvin Margeir Hauksson
Agnes Björk Hauksdóttir
Hermann Haukur Hauksson
Þorvaldur Hauksson
Jóhanna Clara Jónsdóttir
Jón Knútur Jónsson
og barnabörnin.

Auður Jónsdóttir
Eva Hillerz

†

Innilegar þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Erlu Kristjánsdóttur

hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, áður til heimilis að Einholti 7, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilis Skógarbæjar fyrir auðsýnda umhyggjusemi og alúð.

Guðrún Gunnardóttir
Eyvör Gunnarsdóttir
Hreinn Gunnarsson
Benjamín Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Björgvin R. Leifsson
Dagbjört Þórhallsdóttir

CLIFF RICHARD FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1940

„Ég hef reynt að lesa daglega í Biblíunni, jafnvel þó að ég hafi ekki tíma fyrr en seint að kvöldi.“

Tónlistarmaðurinn geðþekki Cliff Richard vitnar gjarnan til trúar sinnar og Biblíunnar í viðtölum við fjölmiðla. Söngvarinn er 67 ára í dag.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 14. OKTÓBER 1964

King hlýtur Nóbelsverðlaun

FRÁ AFHENDINGU

Mannréttindafrömuðurinn dr. Martin Luther King yngri var sæmdur friðarverðlaunum Nóbels þennan dag árið 1964. King hafði þá í langan tíma unnið mikið starf gegn kynþáttafordómum gagnvart svertingjum í í Bandaríkjunum. King var aðeins 35 ára þegar hann fékk verðlaunin og sá yngsti sem nokkurn tíma hafði hlotið þau. King gaf verðlaunafé sitt, um 54 þúsund Bandaríkjadali, til málstaðarins sem hann hafði svo lengi barist fyrir. Martin Luther King fæddist í Atlanta árið 1929. Hann var með doktorsgráðu í guðfræði og skipulagði árið 1955 fyrstu stóru mótmælagönguna. King var undir áhrifum frá Mahatma Gandhi og voru mótmælagöngur hans ávallt friðsamlegar þó að móttökurnar hafi oft á tíðum verið óvinsamlegar í suðurhluta Bandaríkjanna.
King var myrtur 4. apríl 1968 af James Earl Ray, hvítum fanga sem hafði flúið úr fangelsi.

AFMÆLISBARN Bergur Felixson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Leikskóla Reykjavíkur, fagnar sjötugsafmæli sínu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BERGUR FELIXSON: SJÖTUGUR Í DAG

Lánsamur og heilsuhraustur

Bergur Felixson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Leikskóla Reykjavíkur, fagnar sjötugsafmæli sínu í dag ásamt nánustu fjölskyldu og vinum. „Við erum búin að minnka við okkur þannig að við erum ekki með neitt rosalegt húsnæði og bjóðum bara heim þeim nánustu í dag,“ segir Bergur og bætir því við að það leggist alveg ljómandi vel í hann að komast á áttræðisaldurinn. „Ef maður hefur góða og stóra fjölskyldu, þá er maður lánsamur. Ég er líka heilsuhraustur þannig að það er ekki hægt að kvarta yfir þeim gangi lífsins.“

Bergur lét af störfum sumarið 2005 eftir þrjátíu ára starf hjá Leikskólum Reykjavíkur og hefur haft nóg fyrir stafni síðan. „Ég fór smávegis í skóla og hef verið að skrifa svolítið um leikskólana, með áherslu á þessi þrjátíu ár sem ég var í þessu,“ segir hann. „Það var mjög góður tími og ofboðslega hröð þróun í sambandi við þessi mál. Það var margt sem gerðist, gífurlegar byggingar og skortur á starfsfólki,“ bætir hann við og hlær.

Bergur segir ósköp gaman að horfa til baka yfir liðna tíð. „Ég fór í kúrsa í Háskólanum veturinn 2006-2007. Það voru tveir sögukúrsar, annars vegar hjá Vali Ingimundarsyni um heimsmálin frá árinu 1937 og hins vegar Íslandssaga frá sama tíma. Það var mjög skemmtilegt að fara í gegnum þetta og þetta var skemmtilegur tími. Mér fannst líka svo skemmtilegt að kynnast þessu háskólalífi og því frábæra unga fólki sem stundar þar nám í þúsundavís,“ segir Bergur og bætir því við að gaman sé að sjá hve góðu standi unga fólkið sé í hér á landi.

Spurður hvað sé fram undan núna segir Bergur: „Það eru vonandi bara rólegheit fram undan en við höfum verið að kynnast barnabörnunum betur og meira undanfarið og aðstoða unga fólkið eitthvað við það. Svo fórum við hjónin í það á gamals aldri að kaupa okkur sumarbústað.“ Bergur segir eiginkonu sína, Ingibjörgu S. Guðmundsdóttur, vera mjög áhugasama um ræktun en lítið hafi verið um slíkt eftir að þau fluttust í blokkaríbúð. „Við vorum svo lánsöm að detta niður á ágætis sumarbústað á hentugu verði í fyrravor þannig að það verður viðfangsefni á vorin og sumrin hér eftir,“ segir hið sjötuga afmælisbarn að lokum.

sigridurh@frettabladid.is

†

Elskuleg móðir okkar,

Vilhelmína Sigurjónsdóttir

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 11. október.

Sigrún, Þóranna, Bjargey og Halldóra Eyjólfsdætur.

Tilkynningar um merkisatburði má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

40 ára afmælí

Í dag, sunnudaginn 14. október, verður

Pétur Stóribjór

40 ára!

Pétur er Man Utd aðdáandi #1 og mun hann halda upp á afmælið sitt laugardaginn 20. október þegar Aston Villa tekur á móti Manchester United. Þeir sem langar að verða boðið í afmælið hafi samband á kason@simnet.is

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

NÁMSKEIÐ Í KÍNVERSKU Á námskeiðinu verður fléttuð saman fræðsla um kínverska menningu og sögu um leið og undirstöðuatriði kínversku verða kennd.

FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

Skemmtileg leið til að læra kínversku

Gallery Kína er verslun í Ármúla 42 sem selur kínverska listmuni frá mismunandi tímaskeiðum í kínverskri listasögu. Þar er þó boðið upp á meira en kínverskan varning þar sem nú eru að hefjast þar námskeið í kínversku.

Námskeiðin eru tveggja tíma námskeið í þrjú skipti þar sem áhersla verður lögð á menningu og sögu Kína um leið og undirstöðuatriði kínverskrar tungu og leturgerðar verða kynnt. Á námskeiðinu verða til dæmis nokkrir listmunir í versluninni teknir fyrir og tákn þeirra og gerð útskýrð þannig að allir ættu að hafa gagn og gaman af.

Tveir kínverskir leiðbeinendur munu halda námskeiðið sem fer fram á íslensku.Námskeiðin verða á sunnudögum og er fyrsti tíminn í dag sunnudaginn 14. október klukkan 11.00 til 12.30. Frá hálfeitt til eitt verður frjáls tími þar sem þátttakendum gefst færi á að spyrja leiðbeinendurna nánar um kínverska menningu og sögu.

Þetta námskeið er tilvalið fyrir þá sem þurfa og hafa áhuga á að kynnast kínverskri menningu og vilja læra undirstöðuatriði kínversku.

GRÆNN BEKKUR Fjórði bekkur Menntaskólans að Laugarvatni tekur þátt í að græða og klæða landið.

Menntskælingar rækta skóg

Fjórði bekkur Menntaskólans að Laugarvatni hefur í haust plantað rúmlega 29 þúsund trjám í landi Gunnarsholts á Rangárvöllum.

Trén eru af nokkrum tegundum svo sem blágreni, birki og stafafuru og hefur gróðursetningin verið á vegum Landgræðslu ríkisins.

Í fjórða bekk eru 19 galvaskir nemendur sem unnu allir saman við gróðursetninguna og lögðu metnað í verkefnið enda er það fjáröflun fyrir útskriftarferð bekkjarins og jafnframt framlag til kolefnisjöfnunar.

Næsta landsmót verður á Akureyri

Næsta landsmót UMFÍ, verður haldið á Akureyri aðra helgina í júlí 2009. Þriðjudaginn 9. október var skrifað undir samninga vegna landsmótsins, sem er það 26. í röðinni.

Um er að ræða annars vegar samning á milli UMFÍ og mótshaldara sem eru UMSE og UFA. Hins vegar er það samningur á milli mótshaldara og Akureyrarbæjar. Landsmótsnefnd hefur verið starfandi í töluverðan tíma og er undirbúningur kominn ágætlega af stað. Formaður landsmótsnefndarinnar er Kristján Þór Júlíusson. Fyrsta landsmót UMFÍ var haldið á Akureyri árið 1909 og því verða 100 ár liðin frá fyrsta mótinu þegar landsmótið hefst á Akureyri árið 2009.

LANDSMÓT Árið 2009 verður næsta landsmót UMFÍ haldið á Akureyri. Þá eru hundrað ár liðin frá fyrsta landsmóti sem fór einnig fram þar í bæ.

NJÓTTU netsins!
SPRONnet
Nýr hagstæður debetreikningur á netinu
YFIRDRÁTTARVEXTIR FRÁ 17,10%
INNLÁNSVEXTIR ALLT AÐ 13,85%
ÁRGJÖLD = 0 KR.
Nýttu þér netið
Kynntu þér málið á spron.is
75 ára | spron
ARGUS 07-0542
SILFURnet | GULLnet | PLATINUMnet

Hamingjusamir Íslendingar

Samkvæmt rannsókn, sem gerð var af samtökum sem kallast New Economics Foundation and Friends of the Earth, eru Íslendingar hamingjusamastir Evrópubúa. Norðurlandabúar komu hlutfallslega best út úr rannsókninni og var Svíþjóð í öðru sæti og Noregur í því þriðja. Danmörk var einnig ofarlega á listanum, í sjötta sæti. Könnunin náði til 30 landa innan Evrópu og var meðal annars mæld lífsgleði Evrópubúa. Það er spurning hvort veður hafi haft áhrif á lífsgleði Íslendinga en einmuna blíða ríkti hér á landi þann tíma sem könnunin var gerð á meðan rigndi eins og hellt væri úr fötu á frændur okkar. Einnig hefur verið bent á þá staðreynd að sífellt fleiri Íslendingar ganga til viðskipta við SPRON og eins og alþjóð veit er ánægjan hvergi meiri en meðal þeirra.

Þvílík heppni!

Kona í Sandgerði, sem óskar nafnleyndar, varð fyrir því óláni nýlega að týna hundinum sínum á ferðalagi um Norðurland. Hún lýsti eftir hundinum í Degi og fékk svar um hæl. Kona á bóndabæ í nágrenni við Grenivík lét vita af hundi sem hafði verið að sniglast í kringum heimili hennar og lýsingin í blaðinu gat átt við. Konan fékk hundinn sinn og ákvað í framhaldinu að koma við í versluninni Jónsabúð á Greni-vík og fá sér bita. Hún keypti auk þess skafmiða og borgaði með SPRON-kortinu sínu. Það má með sanni segja að hún hafi verið hundheppin því að á skafmiðanum var vinningur upp á eina milljón. Ekki fylgir sögunni hvað konan ætlar að gera við peningana en það má gera ráð fyrir að hundurinn verði verðlaunaður á einhvern hátt. Er nema von að viðskiptavinir SPRON séu jafnánægðir og raun ber vitni?

Bóhem og sjóari

Sigrúnu Eðvaldsdóttir finnst hún of gömul til að vera kölluð krútt. **Heiðu Eiríksdóttur** er alveg sama þótt hún heiti Heiða í Unun en vill aftur á móti að samborgarar hér í bæ kalli sig bóhem. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** ræddi við tónlistarkonurnar um forsetaefni og fræga leigjendur.

Á RÖKSTÓLUM

Hafið þið hist áður? Hver er ykkar fyrsta minning um hvor aðra?
Heiða: Nei, ég held ekki.
Sigrún: Við höfum aldrei talað saman.
Heiða: Við höfum kannski verið í sama partíinu einhvern tímann.
Sigrún: Já, ég hef oft séð þig – úti í horni.
Heiða: Annars held ég að enginn muni ekki eftir Sigrúnu sem var ekki fæddur þarna í kringum fíólukaupin 1992. Ég held að það hafi verið í fyrsta skipti sem maður heyrir þetta nafn: Sigrún Eðvaldsdóttir.
Sigrún: Ég man fyrst eftir Heiðu þegar hún var með stutta hárið. Hanakambinn. Þá var hún svo mikið í blöðunum og var þá Heiða í Unun. En hvernig finnst þér annars að vera alltaf Heiða í Unun?
Heiða: Ég gekk í gegnum eitthvað smá gremjutímabil sem varði í einhverjar þrjár vikur en ég er alveg hætt að kippa mér upp við það.

Hugleik og Helgu Brögu í Spaugstofuna

Nú er deilan í kringum brottrekstur Randvers úr Spaugstofunni að sjatna. Snerti það ykkur að Randver var rekinn? Hver er eftirminnilegasti karakter Spaugstofunnar fyrr og síðar? Ef þið fengjuð það verkefni að fastráða einhvern einstakling úr þjóðfélaginu í Spaugstofuna, hvern mynduð þið ráða?
Sigrún: Mér fannst allt saman í kringum brottreksturinn bara mjög leiðinlegt.
Heiða: Ég er alveg á hinni skoðuninni. Mér var nákvæmlega sama enda horfi ég ekki á Spaugstofuna. Hefði þetta verið drama sem hefði snúist um það að Jón Gnarr hefði verið rekinn úr Fóstbræðrum hefði ég tekið málið mjög nærri mér. Ég held ég hafi að vísu horft á Spaugstofuna fyrsta árið sem hún var starfrækt, hét það ekki 89 af stöðinni?
Sigrún: Jú, eitthvað slíkt. Ég reyni að horfa á Spaugstofuna og þeir eru auðvitað misferskir. Ég man alveg eftir því að hafa einhvern tímann orðið leið á þeim. En svo er svo gaman að sjá þegar þeim tekst vel upp. Jesúbrandarinn eftir símaauglýsinguna um daginn var til dæmis ofboðslega fyndinn.
Heiða: En eftirminnilegasti karakterinn? Má ég nefna karakterinn sem mér finnst minnst skemmtilegur? Það er þá litli gaurinn þarna í rykfrakkanum sem segir alltaf þarna ma, ma, ma, ma, ... Guð minn góður hvað hann er hræðilegur.
Sigrún: Já, þessi sem er alltaf á hjánum. Ég er hrifnust af Kristjáni heiti ég Ólafsson.
Heiða: Ég myndi ráða Hugleik Dagsson til að taka við Spaugstofunni. Hann myndi örugglega stokka vel upp í öllu, reka flesta og breyta Spaugstofunni.
Sigrún: Ég myndi ráða Helgu Brögu. Mér finnst hún brjálæðislega skemmtileg.

Er svolítið svona „tíhíhí“

Íslendingum hefur alltaf þótt gaman að flokka fólk í einhverja hópa. Þannig er hjörðinni smalað undir einhver yfirheiti svo sem krútt,hnakkar og svo framvegis. Hafið þið einhvern tímann orðið varar við það að vera settar í einhverja sérstaka grúppu?
Heiða: Já, já. Ég hef tilheyrt mörgum mismunandi hópum á mismunandi tímabilum ævinnar. Ég hef verið gothari og svo hef ég verið pönkari. Er maður svo ekki bara í einhverri listamannabóhemaklíkunni? Mig langar allavega ofboðslega mikið að tilheyra þeirri kreðsu – að fólk horfi á mig og hugsi: Já, þarna fer bóhem – mikill.
Sigrún: Þeir sem eru í klassískri tónlist eru auðvitað alltaf flokkaðir í sömu deild. Maður tekur alveg eftir því. Einu sinni las ég að ég væri af krúttkynslóðinni en mér finnst ég samt varla geta talist krútt í dag. Komin á ákveðinn aldur og svona. Ég held til dæmis að Sigur Rósar-gæjarnir séu svona tíu árum yngri en ég. Og þeir eru pottþétt krúttkynslóð. En mig langaði alltaf að vera pönkari.
Heiða: Varstu það ekki?
Sigrún: Það er svolítið erfitt að vera klassískur fíóluleikar og pönkari um leið. Uppreisnin hjá mér braust því út í toppnum. Ég broddaklippti toppinn og var með sítt hár. Svo var ég alltaf með gel í honum. Þetta var 1984 þegar ég bjó erlendis og stundaði nám í virtum tónlistarháskóla. Svo skammaðist ég mín svo mikið þegar kennarinn ætlaði að klappa mér á kollinn og lenti á gelveggnum. En hvað það varðar að vera kölluð krútt þá skildi ég alveg hvaðan það kom. Það er eitthvað ákveðið í fasi mínu – eitthvað svona „tíhíhí“.

Orðið gott í forsetastólnum

Frá krúttum og pönkurum í forsetann. Hvernig líst ykkur á Ólaf Ragnar í sextán ár í embætti? Ef þið yrðuð að velja einhvern einn tveir og nú í það embætti, hvern mynduð þið velja?
Sigrún: Mér þykja sextán ár of langur tími. Held það sé kominn tími á breytingar. Það þarf að hrista upp í þessu af og til.
Heiða: Ólafur Ragnar er búinn að standa sig mjög vel. En ég segi eins og Sigrún, það þarf að breyta til. Dr. Gunni var að stinga upp á Ómari Ragnarssyni sem næsta forseta. Ég held það sé ekki slæm hugmynd. Ómar hefur ansi margt sem opinber fígúra þarf að hafa. Þar má nefna hæfileikann til að ná til hópsins, góða frásagnargáfu og svo veit hann ótrúlega mikið um íslenska náttúru. Forsetinn þarf að vera gaurinn sem getur talað fallega um land og þjóð.
Sigrún: Það kemur einhvern veginn enginn til mín þegar ég hugsa hver ætti að vera næsti forseti. Mér finnst forsetinn líka þurfa að vera hlutlaus og það er svo erfitt.
Heiða: Já, ég held að Ómar kunni alveg að vera hlutlaus þegar kemur að þessu.

Ef þú Heiða, hétir og værir Sigrún Eðvaldsdóttir í einn dag – hvernig myndirðu mæta til fara á fínustu sinfóníutónleika Íslandssögunnar? En þú Sigrún, ef þú hétir Heiða í einn dag – með hvaða rokkara værirðu helst til í að spila? Hvaða hljóðfæri í sinfóníuhljómsveitinni sérðu Heiðu fyrir þér spila á, Sigrún? Og hvaða hárgreiðslu myndirðu setja í Sigrúnu fyrir rokktónleika, Heiða?
Heiða: Ég myndi biðja einhvern um að hanna á mig ljósblátt fjaðradress, skósítt. Svo hefði ég fjaðraskúf á hausnum og uppsett hár. Blái liturinn myndi fara þér mjög vel, Sigrún.
Sigrún: Ég myndi rokka með Mick Jagger væri ég Heiða. Ég held hann sé nefnilega svolítið skemmtilegur. Ég var að vísu eitthvað að spá í Rod Stewart.
Heiða: Vá, ég er fegin að þú valdir Mick Jagger en ekki Rod Stewart. Hann er samt alveg góður söngvari en ég held að Jagger sé mun skemmtilegri félagsskapur, og ekki eins halló.
Sigrún: En ætti ég að setja Heiðu á eitthvert hljóðfæri í sinfóníuhljómsveitinni þá held ég að ég sjái hana strax fyrir mér á celesta, það er ekki píanó heldur hálfgert hljómborð með bjölluhljómi.
Heiða: Vá, æðislegt. Vantar svoleiðis í sinfóníuhljómsveitina?
Sigrún: Nei. En spilarðu á hljómborð?
Heiða: Ég get alveg gert það. En ókei, hvaða hárgreiðslu myndi ég setja í Sigrúnu fyrir rokktónleika? Hvað væri hún að fara að spila á? Já, ókei, fíóluna sína. Ég held það þyrfti svolítið mótvægi við tónlistina þannig að ef þetta væri mjög þungt rokk myndi ég setja alveg fullt af fléttum. Þannig að hárið myndi rísa upp þegar hún væri að spila á fíóluna sína. Það væri mjög fallegt.

Vatnsberar vilja vesen

Að Íslendingnum og þjóðarsálinni. Hvernig kemur hinn dæmigerði Íslendingur ykkur fyrir sjónir? Hvaða opinberu persónu, sem þið þekkið ekki, mynduð þið velja til að leigja herbergi í forstofunni hjá ykkur, ættuð þið engra kosta völ?
Heiða: Ég held oft að ég sé komin með einhverja hugmynd um ákveðna þjóðarkaraktera en svo gerist eitthvað sem skekkir þá mynd. Það gerðist til dæmis þegar ég ferðaðist um landið síðastliðið vor og það kom mér mjög á óvart að ég fann hvergi þennan landsbyggðarbúa sem ég hélt að væri þarna á hverju strái. Internetið og lággjaldaflugfélög eru búin að gera heiminn miklu minni. Íslenska stereótýpan er sögð vera drykkfelld og sú skoska nísk. En ætli við séum ekki bara allskonar.
Sigrún: Já, ég er sammála Heiðu og er alltaf á móti því að setja fólk í kassa. En samt stundum sér maður fólk sem er óvart í einhverjum ákveðnum kassa. Íslendingar á flugvöllum skera sig til að mynda alltaf úr með fasi sínu og látum. Það er ákveðin stereótýpa sem ég tengi sjálfa mig alltaf við og það er sjóaratýpan. Þeir hafa ákveðið fas sem mér finnst ég sjálf hafa og alltaf þegar ég segi brandara finnst mér ég fara í einhvern sjómannsgír. Og ég kann ofboðslega vel við sjómenn – þeir segja alltaf það sem þeir meina, þeir þora að stríða og eru mjög hressandi. Hreinir og beinir og röff.
Heiða: Þarna erum við líka komnar að eiginleika sem ég held að flestir Íslendingar hafi en það er vinnusemi. Það er alltaf verið að tala um hvað við höfum það gott en í raun inni er málið bara það að við vinnum eins og skepnur. Við náum að halda uppi lífsstíl okkar með því að vinna myrkranna á milli. En þú spyrð um leigjanda. Mér finnst myndlistarfólk mjög spennandi kostur þar sem því fylgir svo mikið skapandi dót. Leikari myndi ekki hafa jafn mikið af slíku í eftirdragi. Dót myndlistarmanns myndi gera íbúðina mína miklu skemmtilegri. Held hann Ási, Ásmundur Ásmundsson, yrði fyrir valinu.
Sigrún: Ef ég yrði, væri ég alveg til í að leigja Ingibjörgu Sólrúnu. Ég myndi treysta henni mjög vel og ég held hún yrði ekki með neitt vesen eða stæla. Ég hugsa að það gæti orðið mjög þægilegt fyrirkomulag.
Heiða: Mér finnst mig nefnilega vanta svolítið meira vesen. Ég vil ekki hafa það of þægilegt.
Sigrún: Já, í hvaða stjörnumerki ertu?
Heiða: Ég er vatnsberi, vilja þeir vesen?
Sigrún: Já, er það ekki. Ég er steingeit og heima hjá mér þarf ég að hafa allt í góðum ramma.

Að lokum. Ef þið mættuð bæta inn einni spurningu í viðtalið, handa hvor annarri, hver yrði spurningin og hvert yrði svarið?
Sigrún: Trúir þú á engla, Heiða?
Heiða: Nei, ég trúi ekki á engla. En ég trúi á guð þótt ég haldi ekki að við breytumst í engla. Ég held það sé til gott fólk og svo ekki alveg eins gott fólk í þessu lífi. Svo má vera að besta fólkið í þessu lífi sé hálfgerðir englar. En það er allavega ekki dáið fólk sem kemur aftur með vængi. Ókei, ég er með spurningu fyrir þig. Hefurðu einhvern tíma prófað að láta fíóluna þína í gegnum overdrive pedal?
Sigrún: Hvað er það?
Heiða: Það bjagar hljóðið, Magga Stína hefur gert það.
Sigrún: Já vá, nei ég hef ekki gert það. Ég er svo hrikalega hefðbundin.

MYNDI LEIGJA UTANRÍKISRÁÐHERRA Sigrún Eðvaldsdóttir væri alveg til í að leigja Ingibjörgu Sólrúnu forstofuherbergið sitt og telur að hún yrði ekki með neina stæla eða vesen. Heiða Eiríksdóttir heldur að Ómar Ragnarsson yrði góður sem næsti forseti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Einu sinni las ég að ég væri af krúttkynslóðinni en mér finnst ég samt varla geta talist krútt í dag. Komin á ákveðinn aldur og svona. Ég held til dæmis að Sigur Rósar-gæjarnir séu svona tíu árum yngri en ég. Og þeir eru pottþétt krúttkynslóð.

Til Alicante

á lægsta verðinu
árið 2008

Frá 9.890 kr.*

Heimsferðir bjóða þér beint flug til Alicante á næsta ári eins og undanfarin 16 ár. Við bjóðum betri verð, góða flugtíma og þjónustu á íslensku alla leið – fyrir þig! Nú er tækifæri til að bregðast skjótt við og næla sér í fyrstu sætin á lægsta verðinu á **www.heimsferdir.is**

ENNEMM / SÍA / NM30107

Frá 18.990 kr.

báðar leiðir með sköttum.
Takmarkaður sætafjöldi.

Forsala
til 22. október!

Tryggðu þér lægsta verðið

bókaðu strax
á www.heimsferdir.is

Flug með Primera Air

Það er íslenska flugfélagið JetX sem annast allt leiguflug Primera Air fyrir Heimsferðir á Íslandi og fyrir önnur dótturfyrirtæki Primera Travel Group í Skandinavíu. Þjónusta um borð er fyrsta flokks og að sjálfsögðu á íslensku.

*Flugsæti aðra leið með sköttum. Netverð á mann. Takmarkað sætaframboð á þessu verði. Verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is

ÞAÐ MÁ LEIKA SÉR Í STOFUNNI OG ALLS STAÐAR!

© Inter IKEA Systems B.V. 2007

Við eigum afmæli um helgina

Það verður heilmikið fjör hjá okkur um helgina þegar IKEA fagnar því að heilt ár er liðið á nýja staðnum í Kauptúni, Garðabæ.

Lína og Emil leika lausum hala

Bjarni töframaður

Wally trúður fer á kostum

Fleiri trúðar bregða á leik

Andlitsmálun

ÓKEYPIS!

Morgunmatur

í dag kl. 11:00 - 12:00

Opið 10:00 - 20:00 virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

IKEA®

Ekkert frábrugðnar hinum sveitunum

Ein athyglisverðasta hljómsveitin á Airwaves í ár er systrasveitin **Smoosh** frá Seattle í Bandaríkjunum. Þrjár systur skipa sveitina, sú yngsta er ellefu ára og sú elsta er fimmtán ára. Ef ykkur finnst þetta ótrúlegt þá ættuð þið að heyra tónlist þeirra því hún er vægast sagt frambærileg. Smoosh er líka á mála hjá plötufyrirtækinu Barsuk, sem hefur meðal annars gefið út Death Cab for Cutie, Menomena, Rilo Kiley, Nada Surf og They Might Be Giants, og undanfarið hefur Smoosh meðal annars hitað upp fyrir Bloc Party. ***Steinþór Helgi Arnsteinsson*** ræddi við systurnar þrjár í Smoosh; Asya, Chloe og Maia.

Þegar ég hringi út svarar pabbi stúlknanna mér mjög viðkunnanlegri röddu. Hann segir þau vera í upptökuveri og því geti ég eingöngu tekið viðtal við eina þeirra í einu, sem hann biðst forláts á. Ég segi að það sé í fínu lagi og bið fyrst um að fá að heyra í þeirri elstu, Asya. Hún heilsar mér vinalega og ég ákveð að hefja spurningaflóðið.

Segðu mér aðeins frá Smoosh.

Ég hef spilað á píanó síðan ég man eftir mér og Chloe, systir mín, byrjaði síðan að spila á trommur þegar hún var sex [þá var Asya átta ára] og byrjaði þá að spila við lögin mín. Síðan sömdum við bara fleiri lög og stofnuðum eiginlega hljómsveit. Yngri systir okkar Maia spilar síðan á bassa með okkur en hún er samt bara nýbyrjuð.

Saga ykkar er virkilega ótrúleg sé miðað við aldur ykkar. Hvernig er að tilheyra þessari grasrótar indí-senu?

Það er vanalega ekkert svo erfitt því við erum ekkert frábrugðnar hinum sveitunum. Það skiptir ekkert máli hversu gamall þú ert því öll erum við að gera sama hlutinn. Allar hljómsveitirnar eru samt virkilega vinalegar og okkur kemur mjög vel saman. Við reynum ekkert að skera okkur úr.

En er það ekkert erfitt, því þið eruð svo frábrugðnar hinum?

Júmm, það er kannski margt sem er öðruvísi. Allir eru samt bara svo vinalegir við okkur og reyna ekkert að koma fram við okkur öðruvísi þó við séum yngri og þannig. Það er samt ekkert vont við þetta, allt virkar einhvern veginn, þó við séum yngri.

Allt í lagi, ég get skilið það. En hvernig tónlist voruð þið að hlusta á fyrir fimm eða átta árum síðan? Þegar ég var sjö ára hlustaði ég bara á Michael Jackson.

[Hlær] Já, ehhh... [meira hláturstíst, nærri því eins og hún finnist ég ekki alveg nógu töff] Fyrsta tónlistin sem ég hlustaði á var frá pabba. Hann var alltaf með fullt af rokkdiskum á heimilinu, svo við hlustuðum á einhverjar sveitir eins og Soundgarden, Nirvana og líka eitthvað á klassíska tónlist, bara eitthvað sem foreldrar okkar áttu. Síðan byrjuðum við að hlusta á okkar eigin tegundir af tónlist. Síðan höfum við bara verið að hlusta mikið á hljómsveitirnar sem við höfum verið að spila með og þannig dót.

Hafa spilað bæði með Pearl Jam og Sufjan Stevens

Þið hafið einmitt verið að spila með mjög stórum hljómsveitum en samkvæmt því sem ég fann á internetinu hafið þið farið á tónleikaferðalög með Sleater-Kinney, Mates of State, Jimmy Eat World, Pearl Jam, Sufjan Stevens, The Go! Team og mörgum fleirum.

Við reyndar fórum ekki á túr með Pearl Jam, þetta voru bara einir tónleikar.

En þið hafið spilað á tónleikum með Pearl Jam. Það er meira en líklegast 99 prósent allra hljómsveita í Bandaríkjunum geta státað af.

Já, það er ógeðslega gaman að hafa fengið að spila með þessum rokkuðu sveitum.

Þú talar samt um þetta eins og ekkert sé sjálfsagðara. „Við erum bara að túra með Bloc Party og hvað er þetta, þetta voru bara einir tónleikar með Pearl Jam, það er ekki neitt.“

[Hláturstíst]

Hvað með nafnið? Það er kannski það eina sem er barnalegt við ykkur. Ég las einhvers staðar að það tengdist hljómsveitinni Smash Mouth.

Ummm... sko, við fíluðum þá sveit mjög mikið einu sinni þegar við vorum yngri. Við gátum ekki fundið upp á neinum góðum hljómsveitarnöfnum og okkur fannst flott hvernig nafnið þeirra hljómaði. Svo við fundið eitthvað sem hljómaði svipað. Þannig að við fundum Smoosh. Þetta er náttúrlega smá barnalegt en ég held að það sé ekkert hægt að breyta því núna.

[Því næst fékk ég Asya til þess að skipta um viðmælanda og Chloe tók við símtækinu]

Gáfu fótboltann upp á bátinn

Segðu mér Chloe, nú ert þú trommarinn, hefur það lengi verið ástríðan þín?

Já, mér hefur líkað við það síðan ég var sex ára. Ég hugsaði samt eiginlega ekkert um það fyrr en þá. Ég hafði svo margt annað í huga þá. Ég fékk síðan svona byrjendapakka og núna er ég þrettán ára þannig að þetta eru orðin hvað... sjö ár? [spyr einhvern hjá sér og fær greinilega samþykki]

Hvernig hafa hlutirnir breyst á síðustu sjö árum?

Margt hefur alveg pottþétt breyst. Foreldrar okkar, til dæmis, hafa þurft að vinna minna, til þess að keyra okkur um og svona dót, þangað til Asya fær bílpróf. Við hættum líka í fótbolta. Einu sinni hélt ég alltaf að fótbolti væri ýkt mikið fyrir mig. Ég var mjög keppnissöm og hélt að ég myndi bara spila fótbolta að eilífu [Hlær]. Ég veit ekki af hverju, ég hélt bara að ég yrði atvinnumaður. Kannski er betra að ekkert varð úr því. Núna er ég bara tónlistarmaður og það er alveg fullt af alveg ógeðslega góðum hlutum við það. Og ég veit ekki. Líklega munum við bráðum hætta í skóla og vera bara í heimaskóla, því við ráðum ekki við mikinn heimalærdóm á tónleikaferðalögum.

En þið eruð sem sagt að einbeita ykkur að tónlistarferlinum núna og...

[Grípur fram í] Ég myndi samt ekki kalla þetta einhvern „feril“. Þetta er ekkert vinnan mín eða neitt svoleiðis.

Þú ættir heldur ekkert að vera í vinnu á þessum aldri.

Nei, ég hef aldrei fengið mér vinnu því fólki sem fær sér vinnu virðist aldrei líka vel við hana. Það er einfaldlega í henni til þess að fá pening, þú veist [hlær].

Ég er algjörlega sammála þér. Þegar ég var jafngamall þér vann ég við uppvask á veitingastað. Ég stórefa að það sé eitthvað sem þig langi til þess að gera.

Nei, ég býst samt við því að þurfa að fá mér aukavinnu. Ekki nema ég geti bara unnið við tónlist. Það yrði sko langbest.

Er það hinn endanlegi draumur, að geta starfað eingöngu við tónlist?

Nei, ekkert endilega. Hljómsveitin er ekki allt. Þó hún myndi, af einhverjum ástæðum, hætta þá væri það ekkert eins og líf mitt væri búið. Mig langar að gera margt margt fleira. Eins og... mmm... ég er rosalega hrifin af ljósmyndun. Ég er reyndar ekkert góð í því núna og tek ekkert góðar myndir en ég ætla bara að halda því áfram.

Hvað með fótboltann?

Nei, ég gæti aldrei fengið neina peninga út úr því. En ég gæti... mmm... ég var búin að hugsa hvað ég gæti gert. Bíddu... [þögn] ... hvað var þetta aftur... æi, ég veit ekki. Kannski gæti ég skrifað í tímarit eða eitthvað.

Hvað með eftir tíu ár...

[Grípur fram í] Ég væri ýkt til í að, æi fyrirgefðu að ég greip fram í, en já, ég væri ýkt til í að þú veist. Ég vil ekki að lífið bara renni framhjá mér. Þú veist, að það einfaldlega fljóti áfram eðlilega eins og allra annarra. Mig langar að gera eitthvað sem breytir, hjálpa fólki í Afríku eða eitthvað þannig, þarf ekkert endilega að tengjast tónlist. Þegar ég er orðin geðveikt gömul og alveg að deyja mun ég samt gera allt sem ég get gert, alveg sama þó ég sé skíthrædd við það. Ég hugsa samt ekkert mikið um framtíðina, ég er ekkert að plana hvað ég muni gera seinna, því það eru svo margir hlutir sem ég gæti verið að gera þá. Ég get samt ekki ímyndað mér að ég eigi nokkurn tímann eftir að hætta að líka við trommur. Ég elska að spila á trommur. En... ég veit ekki alveg.

Vill ekki vera nein stórstjarna

Hvað með Smoosh, hvar viltu sjá sveitina eftir önnur sjö ár?

Ef ég gæti látið sveitina vera hvað sem er, þá vildi ég að... hún yrði sú frægasta í heimi. Nei, djók [Hlær]. Nei, ég myndi ekki vilja að við yrðum súper frægar. Ég held að það yrði ýkt skrítið. Og þó við yrðum eitthvað frægar þá myndi ég ekki vilja vera einhver stórstjarna. Ég vil fá að vera eðlileg, þar sem ég get tjillað. Þú veist hvernig þetta fólk er í tímaritum, allir brjálast ef stjórstjarna er bara að gera eitthvað eðlilegt. Þá er fólk eitthvað: „Vá, þetta fólk er eðlilegt, alveg eins og við,“ sem er fáránlegt. Ég væri samt líka mikið til í að túra um Evrópu. Við höfum samt alveg gert það en ég væri bara til í að vera að því eiginlega alltaf. Og svo... Ég elska líka að hita upp fyrir aðrar sveitir eða vera opnunaratriðið, af einhverjum ástæðum. [uppsker undrunar „ókei“ frá mér, sem fær hana til þess að hlæja] Það er svo gaman að vera á undan virkilega kúl sveitum. Ég væri líka til í að spila á fullt af styrktartónleikum, fyrir eitthvað, eins og AIDS í Afríku. Það væri frábært ef við gætum safnað nógu miklum peningum til þess að hjálpa.

Þú minntist þarna á að vera opnunaratriðið eða sjá um upphitun. Værir þú frekar til í það en að vera einfaldlega aðalnúmerið?

Já, því þegar við erum aðal þá er pressan á okkur. Ég verð samt aldrei stressuð eða neitt áður en við spilum. Ég veit ekki en... Líka, þá fengjum við ekki að spila á eins stórum stöðum þar sem eru flott baksviðsherbergi og við fáum fullt af mat og þannig. Þá fær maður líka að spila fyrir fleira fólk. Við erum til dæmis að spila núna með Bloc Party og miklu fleiri eru komnir til að sjá þá en okkur. Ég veit samt ekki alveg hvers ég á að vænta í framtíðinni, mér finnst bara gaman að spila.

[Næst ræðum við um komuna til Íslands þar sem ég segi Chloe að þar verði Smoosh aðalnúmerið á þeim stað sem þær spila á, sem henni nokkuð spennandi. Mest spennandi finnst henni samt að fá að fara í Bláa lónið, sem hún spyr mikið út í. Eftir að ég tjái henni meðal annars að vatnið sé heitt og sé í raun meira hvítt en blátt kveður Chloe mig og hleypir Maiu að, yngstu systurinni í sveitinni. Chloe segir mér jafnframt að þær geti ekki talað mikið lengur við mig þar sem þær séu í hljóðveri að taka upp. Ég að sjálfsögðu dauðskammast mín og biðst afsökunar á tímaþjófnaðinum. Chloe segir að þetta sé ekkert mál og hleypir loks ellefu ára systur sinni að.]

MEIRA EN EFNILEGAR Þrátt fyrir að stúlkurnar í Smoosh séu enn í grunnskóla eru allar lagasmíðar vandaðar og vel meðfarnar. Því er ekki að ástæðulausu að sveitin hefur spilað með ekki ómerkari sveitum en Bloc Party, Eels, Sufjans Stevens, The Go! Team, Sleater-Kinney og Pearl Jam.

Langar stundum heim í rúmið

Halló.

Sæl, Maia. Ég heiti Steinþór og er blaðamaður frá Reykjavík á Íslandi.

Hæ, ég heiti Maia. Gaman að kynnast þér.

Já, takk fyrir og sömuleiðis. Hvernig er að ganga til liðs við hljómsveit eldri systra þinna?

Það er rosalega gaman. Ég fæ að hitta aðrar hljómsveitir, vera baksviðs og spila leiki og svona.

Er það samt ekkert yfirþyrmandi?

Mmmm, jú, stundum er þetta bara eins og: „Uuuu, mig langar að fara heim núna og fara í rúmið mitt.“ En það er samt oftast gaman.

Stríða eldri systur þínar þér ekkert, af því að þú ert yngri en þær?

[Löng þögn] Uuhhh... mmm... Jú, kannski smá. [Hlær vandræðalega]

En svo er líka fjórða systirin...

...Já, Scout.

Mun hún líka ganga í Smoosh í náinni framtíð?

Kannski. Hún er samt bara fjögurra ára gömul.

Já, ég skil. Kemur hún ekki einfaldlega í sveitina seinna?

Ég er ekki viss. Örugglega ekki. Ég held að Asya og Chloe verði ekki í þessu eftir átta ár.

Verður þú samt viðloðandi tónlist þá?

Já, ég verð pottþétt í tónlist en ég verð kannski ekki í Smoosh.

Þú spilar samt á bassa. Af hverju bassi frekar en annað hljóðfæri?

Ég veit ekki alveg. Stelpurnar vildu alltaf að ég myndi spila og ég var eitthvað: „Nei, ég vil ekki spila.“ Síðan spilaði ég með þeim í einu eða tveim lögum og þá virkilega skipti ég um skoðun. Síðan hugsaði ég um þetta og þá vildi ég rosalega spila á bassa.

Hvað er það skemmtilegasta við að vera í tónlist?

Uhm. Mér finnst bara roslega gaman að spila, það er ýkt gaman. Mikil orka og svona.

[Að því búnu þakka ég fyrir mig enda tíminn minn löngu liðinn]

Smoosh spilar á Iceland Airwaves-hátíðinni á miðvikudagskvöldinu á Nasa. Hljómsveitin mun einnig spila daginn eftir í sameiginlegri verslun Rokks og rósa og Smekkleysu plötubúðar á Laugaveginum klukkan 16.00.

október 2007
Sport
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM ÍÞRÓTTIR]

FÉLAGIÐ KOMIÐ AFTUR Á RÉTTAN STALL

FJÓRIR FYRIRLIÐAR VALS Í GEGNUM TÍÐINA RÆÐA UM BYLTINGUNA Á HLÍÐARENDA

SPORTMYND/VILHELM

»WESLEY SNEIJDER MIKLU BETRI EN BECKHAM

»HELSTI MARKASKORARI STABÆK VEIGAR ER HRIKALEGA GÓÐUR

»KRISTJÁN ÖRN SIGURÐSSON AÐALMAÐURINN Í MEISTARALIÐI BRANN

Iceland Express
1011 ...alltaf opið!
Virðir
vodafone

MJELDE UM ÓLAF ÖRN OG ÁRMANN SMÁRA:

Mjelde ber hinum Íslendingunum í liði Brann, Ólafi Erni og Ármanni Smára, einnig einkar vel söguna. „Íslendingar hafa reynst Brann mjög vel í gegnum árin og við vitum nokkurn veginn alltaf hverju við eigum von á. Íslendingarnir hafa allir fallið mjög vel í hópinn, læra tungumálið vel og fljótt og leggja sig alltaf 100% fram á æfingum. Það er mjög stór þáttur í þessu öllu," segir Mjelde.

Óvíst er hvort Ólafur Örn verði í herbúðum Brann á næstu leiktíð en félagið hefur enn ekki boðið honum nýjan samning. Mjelde segir öll leikmannamál í biðstöðu þar til tímabilinu er lokið en viðurkennir að það verði söknuður að Ólafi, kjósi hann að róa á önnur mið. „Hann hefur staðið sig mjög vel á tímabilinu þrátt fyrir allt og það hefur bitnað svolítið á Ármanni. Við keyptum Ármann sem varnarmann þó svo að við vissum að hann gæti spilað í sóknarinni. Og í ár hefur hann hentað okkur betur í sóknarleiknum. Hann hefur skorað mikið þegar hann hefur fengið tækifæri og skapar mikla ógn í föstum leikatriðum. En ég vil sjá Ármann grimmari og ákveðnari í sínum leik – og ég er alltaf að segja honum það," segir Mjelde og hlær. „Staðan gæti breyst á næstu leiktíð ef Ólafur fer. Hver veit nema Ármann taki hans stöðu við hlið Kristjáns í vörninni?"

LEIKSTÍLL BRANN BYGGIST Á EIGINLEIKUM KRISTJÁNS

Brann í Bergen á norska meistaratitilinn í fótbolta næsta vísan og yrði það í fyrsta skipti í 44 ár sem liðið hreppir titilinn. Þrír Íslendingar leika með liðinu, Kristján Örn Sigurðsson, Ólafur Örn Bjarnason og Ármann Smári Björnsson, og spilar sá fyrstnefndi sérlega stórt hlutverk í liðinu. Þjálfarinn Mons Ivar Mjelde segir Kristján vera besta miðvörðinn í Noregi.

EFTIR VIGNI GUÐJÓNSSON

Brann spilar mjög framarlega miðað við mörg önnur lið í Noregi og beitir gjarnan hápressu á andstæðinga sína. Fyrir vikið er mjög skemmtilegt að horfa á leiki Brann, liðið skorar mest allra í norsku úrvalsdeildinni en um leið hefur aðeins eitt lið fengið á sig færri mörk á tímabilinu. Einhverjir kynnu að halda að varnarlínan yrði berskjölduð gagnvart skyndisóknum andstæðinganna við slíkar aðstæður en Mons Ivar Mjelde, þjálfari Brann, sagði við Sport að í tilviki Brann væri hættan á því lágmörkuð eins og hægt er. Ástæðan er Kristján Örn Sigurðsson.

„Hann er svo rosalega fljótur og svo gríðarlega öflugur maður gegn manni að við þurfum oftast ekki að hafa áhyggjur af því að beita hápressu. Ef við missum boltann og það er sótt hratt á okkur hleypur Kristján andstæðingana uppi í 9 af hverjum 10 tilvikum. Það eru margir fljótir framherjar í Noregi en Kristján tekur þá alla á sprettinum og það endar oftast á því að hann tekur boltann af þeim. Þetta getur enginn annar miðvörður í Noregi og þessi eiginleiki gerir Kristján að þeim besta í þeirri stöðu í Noregi, að mínu mati," útskýrir Mjelde.

Kristján Örn hefur blómstrað í stöðu miðvarðar Brann á tímabilinu í ár eftir að hafa spilað í stöðu hægri bakvarðar, líkt og hann gerir venjulega með íslenska landsliðinu, frá því að hann gekk í raðir norska liðsins frá KR eftir sumarið 2004. Hann er eini leikmaðurinn sem hefur spilað alla deildarleiki Brann á tímabilinu, 23 talsins, og hefur Kristján skorað í þeim fjögur mörk.

VARNARMAÐUR Á HEIMSMÆLIKVARÐA

„Við misstum Paul Scharner til Wigan á síðasta ári og settum þá Kristján í miðvörðinn. Í dag er hann orðinn einn allra mikilvægasti leikmaður Brann. Allir vita að Kristján hefur ákveðna veikleika, til dæmis sendingagetu og tækni, sem gera það að verkum að það hentar honum ekki eins vel að vera bakvörður. Í miðverðinum skipta þessir þættir ekki eins miklu máli og hann bætir alla veikleika upp með því að vera hrikalega góður varnarmaður. Maður gegn manni er Kristján á heimsmælikvarða – ég fullyrði það," segir Mjelde og bætir við að félagi Kristjáns í vörninni, Ólafur Örn Bjarnason, bæti hann upp að mörgu leyti. „Í Ólafi erum við með mann sem er öruggur á bolta og yfirvegaður. Þeir smellpassa saman."

Kristján Örn hefur spilað frábærlega í vörn Brann á tímabilinu og hefur auk þess verið afar skæður í föstum leikatriðum. Kristján Örn hefur skorað alls 4 mörk í 23 leikjum. SPORT/SCANPIX

Mjelde staðfestir að nokkur stærri lið frá meginlandi Evrópu hafi spurst fyrir um Kristján upp á síðkastið en ekkert formlegt tilboð hafi enn borist. Kristján er samningsbundinn Brann til 2009 og ítrekar Mjelde að félagið vilji ekki missa hann. „Það þarf virkilega gott tilboð til að við föllumst á að selja hann," segir Mjelde.

» ÉG ER

Mons Ivar Mjelde

Aldur: 39 ára

Þjóðerni: Norskur

Staðreyndir:
Mons Ivar Mjelde tók við liði Brann í janúar 2003 eftir að *Teitur Þórðarson* hafði verið rekinn frá liðinu. Mons fékk þjálfarastöðu hjá Brann árið 2001, þegar leikmannsferli hans lauk. Í fyrstu stjórnaði hann vara- og ungliðaliðum Brann en fékk óvænt tækifærið sem aðalþjálfari liðsins eftir aðeins rúmlega eins árs þjálfaraferil.

Sem leikmaður spilaði Mjelde sem framherji og skoraði alls 114 mörk í 250 deildarleikjum í norsku og austurrísku úrvalsdeildinni. Hann lék 3 landsleiki fyrir Noreg á ferlinum og skoraði tvö mörk. Hann varð markahæsti leikmaður norsku úrvalsdeildarinnar árið 1993 og var valinn framherji ársins 1996.

Eini stóri titill Mjelde sem þjálfari var þegar hann stýrði Brann til bikarmeistaratitilsins í Noregi árið 2004.

ERLENDU LEIKMENNIRNIR KENNA Í GRUNNSKÓLANUM

„Þeir hafa reynst okkur gríðarlega vel og það er mikil ánægja með þeirra störf," segir Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri Grunnskólans á Stykkishólmi, en hann er yfirmaður þeirra Justin Shouse og Anders Kattholm, sem eiga það sameiginlegt að vera leikmenn með körfuboltaliði Snæfells og kennarar við grunnskólann.

Bandaríkjamaðurinn Shouse er kennari að mennt og er að leika sitt annað tímabil með Snæfellinum. „Shouse kom að forfallakennslu síðasta vetur og stóð sig frábærlega og því vildum við endilega fá hann í fasta kennslu í vetur," segir Gunnar, en Shouse kennir ensku í skólanum. Kattholm er menntaður uppeldisfræðingur og kom til landsins fyrir tilstilli skólans og körfuknattleiksdeildar Snæfells. „Við áttum í erfiðleikum með að fá dönskukennara og ég tók því höndum saman við Geof Kotile um að fá öflugan kennara til starfa og það myndi ekki skemma fyrir ef hann kynni körfubolta. Við fundum Kattholm og erum mjög sáttir með hann."

Justin Shouse og Anders Kattholm eru í hópi vinsælustu kennara skólans, enda sóma þeir sér einkar vel við kennslutöfluna.

Gunnar segir að erlendu leikmennirnir tveir séu mjög vinsælir innan veggja skólans. „Þeir eru strax búnir að sanna að það er mögnuð aðferð að vera með kennara sem talar bara tungumálið sem verið er að kenna. Fremstu nemendurnir verða þannig eins konar aðstoðarmenn og þeir læra íslenskuna mun fyrr í gegnum nemendurna. Þetta gæti ekki verið betra."

JBL + harman/kardon **og þú ert á staðnum**

HarmanKardon HD950
DVD SPILARI með 24 bita Multibit Sigma-Delta Modulator DAC, Digital Coaxal og Optical inngangi. Spilar CD, CD-R/RW og MP3.

JBL E60
Tveir 175w GÓLF HÁTALARAR

HarmanKardon HK3380
2x80w RMS ÚTVARPSMAGNARI með RDS útvarpi með stöðvaminnum, 7 x Audio Input, 4 x Video Input og Subwoofer output.

TILBOÐ 89.990
FULLT VERÐ kr. 109.990



HarmanKardon DVD27
Fjölkerfa DivX DVD SPILARI með Progressive Scan, Dolby Digital og DTS.

HarmanKardon HKTS11
Heimabíó HÁTALARASETT með 5 surround hátölurum og bassa með 200w RMS magnara.

HarmanKardon AVR132
2x40w, 5x30w RMS HEIMABÍÓMAGNARI með Dolby Digital og DTS, Dolby Pro Logic II, RDS útvarpi með stöðvaminnum.

TILBOÐ 109.990
FULLT VERÐ kr. 129.990

JBL E60
Tveir 175w GÓLF HÁTALARAR
JBL E20
Tveir125w HILLU HÁTALARAR
JBL EC25
Einn 150w MIÐJU HÁTALARI

HarmanKardon AVR132 og DVD27

TILBOÐ 129.990
FULLT VERÐ kr. 154.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspitalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

» ÉG ER

Daniel Nannskog

Aldur: 33 ára

Fæðingarstaður: Skánn, Svíþjóð

Hæð: 180 sm

Staða: Framherji

Fyrri félög: Djurgården, Landskrona, Shanghai Shenhua.

Nannskog var valinn í sænska landsliðið í upphafi þessa árs og lék tvo leiki, gegn Venesúela og Ekvador. Nannskog skoraði sitt fyrsta og eina landsliðsmark í leiknum gegn síðarnefndu þjóðinni.

Ola By Rise, aðstoðarþjálfari norska landsliðsins.

VÆRU JAFNVEL Í NORSKA LANDSLIÐINU

Ola By Rise, aðstoðarþjálfari norska landsliðsins, lét hafa eftir sér fyrir tímabilið í ár að þeir Veigar Páll og Daniel Nannskog væru í norska landsliðinu ef þeir væru þaðan. By Rise hreifst mikið af þeim félögum síðasta sumar, þar sem þeir skoruðu saman 37 mörk í deildinni.

„Væru þeir norskir er ekki útilokað að þeir væru í landsliðinu. Þeir eru mjög góðir leikmenn og vinna frábærlega vel saman. Stabæk nær fram því besta í báðum leikmönnunum," sagði By Rise.

SÁ BESTI SEM ÉG HEF SPILAÐ MEÐ

Sviinn Daniel Nannskog og Íslendingurinn Veigar Páll Gunnarsson mynda saman hættulegasta sóknardúettinn í norsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu og hafa gert undanfarin tvö tímabil. Nannskog telur Veigar Pál besta leikmann sem hann hafi nokkurn tíma spilað með og segir það með ólíkindum að hann fái ekki tækifæri í íslenska landsliðinu.

EFTIR VIGNI GUÐJÓNSSON

„Veigar Páll hefur verið stórkostlegur á tímabilinu. Hann er ekki að skora eins mikið og í fyrra en hann er að leggja upp lygilega mikið af mörkum og mér finnst hann vera að gera meira fyrir liðið í ár. Hann er klárlega í hópi þriggja bestu framherja norsku úrvalsdeildarinnar og ég á ekki erfitt með að segja að hann sé besti leikmaður sem ég hef spilað með á ferlinum," sagði Nannskog í samtali við Sport, en hann kom til Stabæk fyrir tímabilið 2005 þegar liðið var í norsku 1. deildinni. Hann náði strax einstaklega vel saman við Veigar Pál í framlínunni og skoraði 27 mörk á sínu fyrsta tímabili. Í fyrra varð hann síðan markakóngur úrvalsdeildarinnar með 17 mörk, einu marki meira en Veigar skoraði. Þegar þrjár umferðir eru eftir af norsku úrvalsdeildinni í ár hefur hann skorað 14 mörk og er næstmarkahæsti leikmaður úrvalsdeildarinnar.

HEFUR BÆTT SIG MIKIÐ

Eins og í fyrra þykja Nannskog og Veigar hafa spilað frábærlega í ár og eru flestir norsku fjölmiðlanna á því að Stabæk hafi á að skipa bestu sóknarlínu norsku deildarinnar. Stabæk spilar leikkerfið 4-4-2 þar sem Nannskog er uppi á toppi en Veigar Páll er gjarn á að draga sig aftar á völlinn og fá boltann í lappirnar. Veigar Páll hefur skorað 12 mörk í deildinni það sem af er en lagt upp 14, mörg hver fyrir Nannskog.

Norskir fjölmiðlar segja að Veigar Páll sé mikilvægasti leikmaður Stabæk.

„Veigar hefur tekið gríðarlegum framförum á þeim tíma sem við höfum spilað saman. Það hefur alltaf verið ljóst að Veigar hefur mikla hæfileika, en spurningin var hvort hann næði að vinna úr þeim. Fyrst fannst mér hann svolítið latur inni á velli, hann var þungur og skorti stöðugleika. En hann hefur þroskast mikið á þessum stutta tíma, unnið vel í sínum málum og í dag finnurðu vart leikmann í betra formi. Þegar Veigar tekur sig til er hann einstakur leikmaður og gerir hluti sem sjást annars ekki í Noregi."

Á AÐ VERA Í LANDSLIÐINU

Nannskog segir með ólíkindum að Veigar skuli ekki fá fleiri tækifæri með íslenska landsliðinu en raun ber vitni. Hann kveðst þekkja nokkuð vel til sóknarmanna íslenska liðsins og segir augljóst að Veigar sé sá besti af þeim. „Í leikjunum gegn Norður-Írlandi og Spáni í síðasta mánuði var Eiður Smári Guðjohnsen meiddur og þá gerði ég fastlega ráð fyrir að Veigar fengi tækifærið. Svo var þó ekki, og hann fékk ekki einu sinni nokkrar mínútur. Það finnst mér ótrúlegt," segir Nannskog.

„Ég er Svíi og fylgist vel með sænsku úrvalsdeildinni og hreifst mikið af Gunnari Heiðari Þorvaldssyni þegar hann spilaði með Halmstad. En mér finnst, með fullri virðingu fyrir Gunnari, furðulegt að hann skuli vera tekinn fram yfir Veigar. Að mínu mati er Veigar, fyrir utan Eið Smára, í öðrum klassa en hinir framherjar íslenska liðsins," segir Nannskog en bætir við að landsliðsþjálfarinn Eyjólfur Sverrisson hljóti að hafa sínar ástæður fyrir liðsvali sínu. „En mér finnst samt furðulegt að það skuli ekki vera pláss fyrir einn allra besta leikmann Noregs í íslenska landsliðinu."

NANNSKOG UM VEIGAR PÁL

„Það er draumur að hafa leikmann eins og Veigar í sínu liði. Hann er snillingur í að fá boltann á milli miðju og varnar og ná þannig að draga að sér varnar- og miðjumann. Við það skapast pláss fyrir mig og Veigar finnur mig oftast í lappirnar, enda með frábærar sendingar. Það er erfitt að útskýra hver er ástæðan fyrir því að við náum svona vel saman. Okkar leikstílar smellpassa saman og við vitum eiginlega alltaf hvað hinn er að hugsa."



VEIGAR PÁLL UM NANNSKOG

„Nannskog er enginn snillingur með boltann en hann er einn af þeim betri í að koma sér í færi. Hann tímasetur hlaupin sín frábærlega og er snillingur í að leysa rangstöðugildrur andstæðinganna. Hann er mjög góður án bolta og les leikinn vel. Fyrir leikmann eins og mig er frábært að vera með mann eins og Nannskog sér við hlið. Varnarmennirnir vita ekki hvort þeir eiga að fylgja honum í stungu-hlaupin eða fara í mig og fyrir vikið skapast alltaf pláss. Hann hentar mér fullkomnlega."

Sendum frítt um land allt!

Jeppadekk

Heilsársdekk
31" kr. 12.900
(31x10.50R15)
33" kr. 15.900
(33x12.50R15)
Úrval annarra stærða upp í 38".
Felgustærð 15", 16" 17" og 18".
Nánar á jeppadekk.is
Við mælum með míkróskurði

PIPAR • SÍA • 70622

JEPPADEKK.is

Alorka • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

DRAUMALIÐIÐ

» **ÞORLÁKUR ÁRNASON**, yfirþjálfari yngri flokka hjá Stjörnunni, hefur fylgst mjög vel með Landsbankadeild karla í sumar og verið álitsgjafi fyrir vefsíðuna og útvarpsþáttinn Fótbolti.net. Sport fékk Þorlák til að velja úrvalslið Landsbankadeildarinnar í sumar. Þorlákur hóf þjálfaraferil sinn í meistaraflokki hjá Ægi í Þorlákshöfn árið 1996 en hefur stjórnað Val og Fylki í efstu deild á síðustu árum. Þorlákur hefur verið hjá Stjörnunni frá því haustið 2005.

Óskum eftir aðstoðarstúlku í fullt starf á tannlæknastofu á höfuðborgasvæðinu(112 R.) Fjölbreytt starf sem felur m.a. í sér móttöku, símavörslu og þrif á tannlæknastól og tækjum. Viðkomandi þarf að hafa ánægju af mannlegum samskiptum, reglusamur og stundvís. Nánari upplýsingar í síma 8646472

AÐFÖNG

Næturvörður óskast í vöruhús Aðfanga

Við leitum að jákvæðum og duglegum starfsmanni sem þarf að geta hafið störf fljótlega. Starfið felst í þrifum og gæslu í vöruhúsi. Unnið er aðra hverja viku frá kl.18:00 – 06:00.

Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík. Trausti Stefánsson veitir nánari upplýsingar í s. 693-5602.

Starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir matvöruverslanir Haga.

SKÓGARBÆR

Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd

Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn.

Sjúkraliðar óskast á kvöldvaktir
frá og með 1. nóvember næstkomandi.

Um er að ræða fjölbreytt starf sem krefst hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum ásamt frumkvæði og lipurð í mannlegum samskiptum. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af öldrunarhjúkrun.

Starfshlutfall er samkomulagsatriði.

Upplýsingar gefur hjúkrunarforstjóri
Jónbjörg Sigurjónsdóttir í síma 510-2101,
gsm: 898-5207, jonbjorg@skogar.is

Byggingarvinna

Vegna aukinna umsvifa óskar Ris ehf eftir:

Tæknimönnum
Verkefnastjórum
Verkstjórum
Smiðum
Byggingarverkamönnum

Við leitum að hæfileikaríkum, duglegum og samviskusömum einstaklingum sem hafa áhuga á að taka þátt í spennandi verkefnum. Eingöngu vanir menn koma til greina.

Í boði er:
- Mikil vinna hjá traustu og vaxandi fyrirtæki.
- Góð starfsaðstaða.
- Góð laun í boði fyrir rétta aðila.

Nánari upplýsingar veitir
Jóhann í síma 693 3344.

RIS EHF

Ris ehf er traust fyrirtæki sem var stofnað 1966 en hefur starfað sem alhliða byggingafyrirtæki frá 1993 og vaxið ár frá ári. Meðal verkefna sem Ris ehf hefur komið að má nefna byggingu tónlistarhússins í Kópavogi, fimleikahús og tengibyggingu við íþróttahúsið á Seltjarnarnesi, glæsileg íþróttamiðstöð Hauka á Ásvöllum og skólabyggingar fyrir Reykjavíkurborg og Garðabæ. Hjá fyrirtækinu starfa u.þ.b. 100 manns.

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURNESJA

Starf Matráðar í Víðihlíð

Laust er til umsóknar starf matráðs í Víðihlíð. Hjúkrunardeildin Víðihlíð er 25 rúma deild innan sjúkrahússviðs Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og er staðsett í Grindavík.

Starfið felur meðal annars í sér að matreiða, útbúa matseðla, innkaup og hafa umsjón með starfsfólki eldhúss. Unnið er í vaktavinnu 2-2-3. Vinnutími er frá 07:00 - 16:00, Starfshlutfall er 80%.

Verið er að leita að einstaklingi sem er góður í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri þjónustulund. Æskilegt er að viðkomandi hafi matreiðslumenntun og/eða hafi góða reynslu í matreiðslustörfum.

Um er ræða framtíðarstarf og æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi STFS og HSS. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er reyklaus vinnustaður. Umsóknarfrestur er til og með 28. október. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Þórðardóttir deildarstjóri í gegnum netfangið ingibjorgthordar@hss.is eða í síma 426-7600. Umsóknir sem greina frá menntun, fyrri störfum og meðmælendum, skulu sendar til Bjarnfríðar Bjarnadóttir starfsmannastjóra HSS, Mánagötu 9, 230 Reykjanesbæ eða með tölvupósti á netfangið bjarnfridur@hss.is

LEITAR ÞÚ NÝRRA TÆKIFÆRA?

Bókhaldsstarf 70-100%

Fjárfestingafélagið Skandinvest ehf. óskar eftir að ráða bókara. Verið er að leita að einstaklingi sem hefur áhuga á að starfa í líflegu og skemmtilegu umhverfi ásamt því að takast á við ábyrgðarfullt og krefjandi starf. Nauðsynlegt er að viðkomandi aðili hafi getu til að sýna frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð. Helstu verkefni eru merkingar og færsla bókhalds fyrir Skandinvest og dótturfélög, ásamt öðrum verkefnum í samvinnu við aðalbókara . Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi góða bókhaldsþekkingu og reynslu. Þekking á Navision bókhaldskerfi er mikill kostur. Starf nr. 071012-01

Sérfræðingur

Capacent Ráðgjöf óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa. Helstu verkefni eru hönnun og smíði gagnavöruhúsa sem og greining gagna og lausnasmíði. Mikill metnaður, frumkvæði og kraftur eru nauðsynlegir eiginleikar í starfinu. Háskólamenntun í verkfræði, eðlisfræði, stærðfræði, tölvunarfræði eða sambærileg menntun er áskilin. Reynsla af forritun, gagnagrunnum, gagnavöruhúsum og greiningarvinnu er skilyrði. Starf nr. 070403-02

Sölumaður hjá fjármálafyrirtæki

Traust fjármálafyrirtæki óskar eftir að ráða sölumann til að afla nýrra viðskiptasambanda. Verkefni sölumanns felast í því að heimsækja fyrirtæki, vera í samskiptum við stjórnendur og kynna þjónustu og vörur fyrirtækisins. Verið er að leita að mjög árangursdrifnum sölumanni með reynslu af sölu og samskiptum á fyrirtækjamarkaði, sem hefur mjög sannfærandi og ákveðna framkomu og metnað í starfi. Góð þekking af fjármálamarkaði ásamt menntun sem nýtist í starfi nauðsynleg. Starf nr. 071010-05

Þjónustufulltrúi

Traust fyrirtæki óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa í framtíðarstarf. Starf þjónustufulltrúa felst í ráðningum starfsmanna og þjálfun þeirra, gerð verklýsinga og umsjón með verkgæðum, sölu og samskiptum við viðskiptavini sem og heimsóknum til viðskiptavina. Gerð er krafa um reynslu af stjórnun og góða tölvukunnáttu. Viðkomandi þarf að búa yfir frumkvæði, þjónustuvilja og samskiptahæfni, sem og mikilli skipulagshæfni í vinnubrögðum. Vinnutími þjónustufulltrúa er frjáls og verkefnatengdur, viðkomandi hefur bíl og síma til umráða. Viðkomandi verður að geta hafið störf strax. Starf nr. 070820-03

Söluráðgjafi í húsgagnadeild

Penninn óskar eftir að ráða söluráðgjafa til starfa í húsgagnadeild. Starfið felst í sölu og afgreiðslu í verslun, móttöku viðskiptavina í sýningarsal og samskiptum við erlenda birgja. Gerð er krafa um reynslu af sölu og samningagerð, mikla þjónustulund og sveigjanleika. Krafist er góðrar almennrar tölvukunnáttu, áhugi á hönnun og húsgögnum er mikill kostur. Penninn flytur inn húsgögn frá leiðandi fyrirtækjum í Evrópu og Bandaríkjunum. Húsgagnadeildin hefur áratugareynslu í sölu skrifstofu- og stofnanahúsgagna til fyrirtækja og einstaklinga. Starf nr. 071012-06

Þjónustufulltrúi í þjónustudeild

Samskip óska eftir að ráða þjónustufulltrúa í þjónustudeild. Helstu verkefni eru þjónusta, afgreiðsla, upplýsingagjöf auk tilboðsgerðar til viðskiptavina. Viðkomandi mun verða tengill við fasta viðskiptavini, annast samningagerð auk annarra tilfallandi verkefna í þjónustudeild. Leitað er að einstaklingi með B.Sc. í viðskiptafræði eða sambærilegt nám, eða stúdentspróf og hagnýta reynslu af þjónustu- og skrifstofustörfum. Mjög góð ensku- og íslenskukunnátta, bæði töluð og rituð. Lögð er áhersla á samskiptahæfni, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði. Viðkomandi verður að geta hafið störf sem allra fyrst.
Starf nr. 071012-02

Innheimtustjóri

Traust og öflugt fyrirtæki óskar eftir að ráða innheimtustjóra. Starfssvið viðkomandi er ábyrgð á skipulagi og verklegri framkvæmd innheimtu sem og ábyrgð á eftirliti með innheimtu og skuldasöfnun viðskiptavina. Viðkomandi mun sjá um samskipti og samningagerð við viðskiptavini og mat á lánshæfni. Reynsla af innheimtu er skilyrði, háskólamenntun er æskileg. Góð þekking á bókhaldi og fjármálum sem og góð tölvukunnátta er skilyrði. Viðkomandi þarf að viðhafa nákvæmni og vandvirkni í vinnubrögðum, sýna frumkvæði og sjálfstæði í starfi, búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum og hafa mikinn metnað og áhuga á því að ná framúrskarandi árangri. Starf nr. 070920-02

Sölustjóri

Leitað er að sölustjóra fyrir Íslandsmarkað. Starfið felur í sér samskipti við birgja fyrirtækisins erlendis auk smásöluaðila á Íslandi, framkvæmd stefnumörkunar fyrirtækisins á Íslandi, utanumhald um sölutölur og aðrar tölfræðilegar upplýsingar af Íslandsmarkaði. Viðkomandi verður að búa yfir góðum skilningi á markhópagreiningu, mikilli greiningarhæfni og öguðum vinnubrögðum, auk hugmyndaauðgi til þess að geta markaðssett vöru sem ekki er hægt að auglýsa með beinum hætti. Krafa er gerð um háskólamenntun sem nýtist í starfi, framúrskarandi samskiptahæfileika og góða ensku- og íslenskukunnáttu í töluðu og rituðu máli. Starf nr. 070905-02

Kerfisrekstur

Vegna mikillar eftirspurnar leitum við að drífandi einstaklingum með þekkingu eða reynslu af kerfisrekstri. Viðkomandi þarf að hafa staðfestar MCSE eða MCSA gráður. Reynsla af sambærilegu starfi er mjög æskileg. Viðkomandi aðili þarf að búa yfir frumkvæði og metnaði í starfi, skipulagni í vinnubrögðum, framúrskarandi þjónustulund og góðum samskiptahæfileikum. Háskólamenntun sem nýtist í starfi eða viðeigandi iðnmenntun er kostur. Starf nr. 071012-13

Forritari

Öflugt þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða forritara. Leitað er að einstaklingi með B.Sc. í tölvunarfræði eða sambærilega menntun. Þekking á .NET, C# forritunarmáli og SQL er æskileg. Leitað er að öflugum einstaklingi með hæfni til að setja sig inn í flókin verkefni og getu til að vinna undir álagi. Spennandi verkefni í metnaðarfullu umhverfi. Starf nr. 071012-03

Tækniteiknari

Öflugt þekkingarfyrirtæki óskar eftir að ráða tækniteiknara til starfa. Starfið felst í teikningu á nýjum verkefnum og uppfærslu á eldri verkefnum ásamt skjalastýringu og prentun teikninga. Viðkomandi er í miklum samskiptum við starfsmenn og viðskiptavini. Leitað er að einstaklingi með menntun á sviði tækniteiknunar, reynslu af AutoCad og Solid Works, góða íslensku- og enskukunnátta, sem sýnir frumkvæði og sjálfstæði í starfi og hefur góða samskiptahæfileika. Starf nr. 071012-08

Móttaka eftir hádegi

Öflugt þekkingar- og fræðslufyrirtæki óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku hálfan daginn, eftir hádegi. Starfið felst í móttöku og símsvörun, umsjón fundarherbergja og undirbúningi funda og námskeiða. Einnig þarf viðkomandi að sjá um vefskráningar, flugbókanir og önnur tilfallandi skrifstofustörf. Leitað er að einstaklingi sem hefur jákvætt viðmót og fallega framkomu. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi góða tölvufærni og reynslu af skrifstofustörfum eða þjónustu. Starf nr. 071012-07

Sérfræðingur í hagdeild

Fjármálafyrirtæki óskar eftir að ráða sérfræðing í hagdeild. Verkefni viðkomandi eru uppgjör, áætlanagerð, frávikagreiningar, arðsemisgreiningar, fylgni við alþjóðlega reikningsskilastaðla og önnur tilfallandi hagdeildarverkefni. Gerð er krafa um meistarapróf í reikningsskilum, endurskoðun eða fjármálum. Reynsla af framangreindum verkefnum er skilyrði sem og mjög góð þekking á Excel töflureikni og bókhaldskerfi. Viðkomandi þarf að hafa góða enskukunnáttu auk þess að viðhafa öguð vinnubrögð og getu til þess að vinna sjálfstætt. Frumkvæði, metnaður og drift eru lykileiginleikar.
Starf nr. 071012-05

Reynslumikill bókari

Fjármálafyrirtæki óskar eftir að ráða öflugan bókara til starfa. Viðkomandi aðili mun sjá um færslu bókhalds og þarf að geta skilað því fullunnu til endurskoðanda. Auk þess sér viðkomandi um reikningagerð, uppgjör og önnur verkefni. Mjög góð bókhaldsþekking er skilyrði og háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærileg menntun er æskileg.
Góð þekking á Excel töflureikni er áskilin. Viðkomandi þarf að hafa góða enskukunnáttu auk þess að viðhafa öguð vinnubrögð og getu til þess að vinna sjálfstætt. Einnig er gerð krafa um góða samskiptaeiginleika.
Starf nr. 070611-02

Starfsmaður í verkbókhald

Traust verktakafyrirtæki óskar eftir að ráða drífandi einstakling til starfa. Meginábyrgð starfsins liggur í umsjón með verkbókhaldi. Um er ræða gott framtíðarstarf. Starfshlutfall er 80% til 100%, með sveigjanlegan vinnutíma. Starfið felst í móttöku og afstemmingu vinnuseðla og efnisbeiðna, skráningu verkbókhalds, aðstoð við launaúrvinnslu og almennt bókhald. Einnig mun vera um önnur krefjandi verkefni að ræða. Leitað er að einstaklingi með góða reynslu af verkbókhaldi og kostur er að viðkomandi þekki almenna bókhaldsvinnu og launaúrvinnslu. Þekking á bókhaldskerfinu Stólpa er kostur. Góð ensku- og tölvukunnátta er skilyrði, sem og frumkvæði og metnaður í starfi. Starf nr. 071012-09

Sérfræðingur í bókhald og endurskoðun

Flutningafyrirtæki óskar eftir að ráða drífandi og dugmikinn einstakling í starf sérfræðings í bókhald og endurskoðun reikninga. Starfið felst í færslum og afstemmingum bókhalds, skráningu og endurskoðun reikninga sem og öðrum verkefnum er tilheyra bókhaldsdeild. Góð reynsla af bókhaldsstarfi er skilyrði sem og góð tölvukunnátta og þekking á bókhaldskerfi. Viðkomandi þarf að hafa góða kunnáttu í ensku. Frumkvæði og metnaður í starfi sem og hæfni til þess að vinna sjálfstætt eru lykileiginleikar. Í boði er krefjandi starf í lifandi og skemmtilegu umhverfi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starf nr. 070613-04

Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000 ı www.capacent.is

Starfsmennta-verðlaunin 2007

óskað eftir tilnefningum

Starfsmenntaverðlaunin eru veitt þeim aðilum sem eru að vinna framúrskarandi starf í starfsmenntun. Verðlaunin eru veitt í þremur flokkum:

- **Fyrirtæki og félagasamtök**
- **Skólar og fræðsluaðilar**
- **Opinn flokkur** (t.d. einstaklingar, einstök verkefni og frumkvöðlastarf)

Tilnefningar skal senda á sérstökum eyðublöðum sem eru á slóðinni www.starfsmenntarad.is

Frestur til að senda inn tilnefningar er til 2. nóvember nk.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Starfsmenntaráði, Hafnarhúsi v/Tryggvagötu, 101 Reykjavík, sími 515 4800, www.starfsmenntarad.is

STARFSMENNTARÁÐ

STARFSMENNTA VERÐLAUNIN

MENNT - samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla
EDUCATE - Iceland

HÁSKÓLASETUR VESTFJARÐA
UNIVERSITY CENTRE OF THE WEST FJORDS

Fagstjóri/Master's Program Director

Háskólasetur Vestfjarða leitar að kraftmiklum einstaklingi í krefjandi starf Fagstjóra á sviði Haf- og strandsvæðastjórnunar. Við Háskólasetur er í uppbyggingu ný alþjóðleg, þverfagleg námsleið á meistarastigi í haf- og strandsvæðastjórnun.
Í boði er spennandi starf í litlu en framsæknu háskóla- og rannsóknarumhverfi á Ísafirði. Fagstjórinn hefur rík tækifæri til að sýna frumkvæði með það að markmiði að skapa framúrskarandi náms- og vinnuumhverfi fyrir alþjóðlegan nemendahóp. Starfið krefst mikillar skipulagshæfni, faglegra vinnubragða og vilja til að veita frábæra þjónustu. Til greina kemur að fagstjórinn taki að sér einhverja kennslu.

Menntunar- og hæfniskröfur
- *Menntun í umhverfis- og auðlindastjórnun eða tengdum fögum æskileg*
- *Háskólapróf á meistarastigi*
- *Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum*
- *Skipulagshæfni*
- *Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi*
- *Góð enskukunnátta. Kunnátta í íslensku og norðurlandamáli æskileg*

Háskólasetur Vestfjarða er ung stofnun á háskólastigi. Hún hefur það að markmiði að veita fjarnemum á Vestfjörðum fyrirtaks þjónustu og laða að innlenda og erlenda námsmenn. www.hsvest.is

Upplýsingar um störfin veitir Peter Weiss, forstöðumaður í síma **450 3040** eða **weiss@hsvest.is**
Umsóknir sendist sem viðhengi á **weiss@hsvest.is** og í **bréfpósti**.

Umsóknarfrestur er til og með 09.11.2007

Suðurgata 12 · 400 Ísafjörður

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Ert þú framúrskarandi?

Átt þú gott með að starfa í hópi?
Viltu vinna hjá framsæknu, skemmtilegu og líflegu fyrirtæki?
Hefur þú metnað til að gera vel í starfi?
Ertu opin(n) fyrir nýjungum?
Sýnirðu frumkvæði í starfi?

Þá erum við með starfið fyrir þig!

Hjá Söluveri Símans starfar kraftmikið og framtakssamt fólk sem vantar liðsauka. Við veitum öfluga söluráðgjöf og leysum málin.

Þú þarft að hafa tölvuþekkingu, geta tileinkað þér nýjungar hratt og vera tilbúin(n) að takast á við krefjandi verkefni.

Þú gætir því verið kennari, nýskriðin(n) úr skóla, með BA í sálfræði, ráðgjafi, markaðsfulltrúi, leiðbeinandi eða með reynslu úr ferðaþjónustu.

Í boði er fullt starf og hlutastarf.

Umsóknarfrestur er til 21. október.

Upplýsingar í síma 550 6470 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli, sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, www.siminn.is.

Gildi Símans eru fimm: traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður. Starfsmenn Símans hafa þessi gildi að leiðarljósi í öllum störfum sínum.

800 7000 - siminn.is

Það er **Síminn**

Viltu slást í hópinn?

AppliCon leitar að einstaklingum í fjölbreytt, krefjandi og spennandi störf, en hjá fyrirtækinu starfar öflugur hópur ráðgjafa með mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins, hérlendis og erlendis.

Ráðgjafi í Fjárhagslausnum SAP

Starfið
- Ráðgjöf með áherslu á áætlunarlausn SAP
- Hönnun og innleiðing áætlanalíkana
- Þátttaka í sölu og kynningu lausna

Menntun og hæfniskröfur
- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða verkfræði
- Reynsla af fjármálatengdum störfum
- Reynsla af áætlanagerð og þekking á OLAP er kostur

Ráðgjafi í Bankalausnum SAP

Starfið
- Greining, ráðgjöf og kynning á bankalausnum SAP
- Þátttaka í hönnun verkferla
- Innleiðing og samþætting lausna við önnur kerfi

Menntun og hæfniskröfur
- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða verkfræði
- Reynsla af fjármálatengdum störfum
- Reynsla af ráðgjöf og þekking á bankaumhverfi

Ráðgjafi í tækniumhverfi SAP

Starfið
- Ráðgjöf, uppsetning og rekstur SAP lausna
- Stillingar á SAP kerfum og tengdum gagnagrunnum

Menntun og hæfniskröfur
- Háskólamenntun og/eða reynsla af rekstri tölvukerfa
- Reynsla af Unix og/eða Windows stýrikerfum
- Reynsla af Oracle og/eða Microsoft SQL gagnagrunnum

Ráðgjafi í viðskiptagreind

Starfið
- Greining og ráðgjöf innan lausna Microsoft og SAP
- Hönnun og útfærsla á vöruhúsi gagna í Microsoft og SAP
- Forritun og gagnagreining á sviði viðskiptagreindar

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða verkfræði
- Reynsla af forritun í viðskiptakerfum
- Reynsla af vinnu við viðskiptagreind eða gagnagreiningu

Ráðgjafi og forritari Microsoft-lausna

Starfið
- Greining og hönnun lausna í Microsoft Dynamics, CRM og SharePoint
- Greining og ráðgjöf á sviði sérlausna og samþættingar
- Forritun Microsoft-hugbúnaðarlausna

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða verkfræði
- Reynsla af hugbúnaðarþróun
- Þekking á hönnun og forritun upplýsingakerfa

Forritari í Mannauðslausnum SAP

Starfið
- Forritun í ABAP umhverfi SAP
- Ráðgjöf er varðar sérhannaðar lausnir
- Hönnun og þróun á lausnum

Menntun og hæfniskröfur
- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða verkfræði
- Reynsla af forritun
- Gagnrýnin hugsun og frumkvæði í þekkingaröflun

Verkefnastjóri

Starfið
- Faglegur undirbúningur og stýring stærri verkefna
- Miðlun upplýsinga
- Ábyrgð á framkvæmd og áætlun verkefna

Menntun og hæfniskröfur
- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða verkfræði
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af innleiðingu hugbúnaðarverkefna

Umsóknarfrestur er til 25.október nk.

Áhugasamir sendi umsóknir til Ernu Agnarsdóttur, era@applicon.is, sem einnig veitir nánari upplýsingar.

Hvernig störfum við?

AppliCon er hugbúnaðar- og ráðgjafarfyrirtæki á sviði SAP og Microsoft-lausna, með gullvottun frá báðum vörumerkjum. AppliCon starfar í fjórum löndum og starfsmenn eru um 200. Hjá AppliCon á Íslandi starfa yfir 80 manns. SAP er stærsta viðskiptahugbúnaðarfyrirtæki heims og þriðji stærsti sjálfstæði hugbúnaðarframleiðandinn. Nú starfa um 40.000 manns fyrir SAP í meira en 50 löndum.

Hjá AppliCon eru gerðar kröfur um sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð, hæfni í mannlegum samskiptum, góða enskukunnáttu og sýnilegan metnað til að ná árangri í starfi.

AppliCon fékk árið 2007 hæstu einkunn VR í hópi stórra fyrirtækja, þar sem metin voru m.a. vinnuskilyrði, stolt og starfsandi.

Borgartúni 37 105 Reykjavík Sími 563 6100 Fax 563 6161 applicon@applicon.is www.applicon.is

AppliCon
- frá áskorun til árangurs

Vegna aukinna umsvifa auglýsir Háskólinn á Bifröst eftir starfsfólki í eftirtalin störf:

Móttaka, símsvörun, almenn umsýsla og þjónusta við nemendur. Um er að ræða fjölbreytt starf sem krefst frumkvæðis og þjónustulundar.

Almenn bókhaldsstörf, afstemmingar og önnur tilfallandi verkefni í fjármáladeild.

Afleysing á kennslusviði. Um er að ræða fjölbreytt og líflegt starf sem felur m.a. í sér umsjón með einni af námsleiðum skólans. Krafist er háskólamenntunar og starfsreynslu. Möguleiki á fastráðningu.

Í háskólaþorpinu búa nemendur og starfsfólk ásamt fjölskyldum sínum. Þar er ört vaxandi samfélag fólks á öllum aldri.

Háskólinn á Bifröst er vinnustaður sem heldur jafnréttissjónarmið í heiðri og því hvetjum við bæði karla og konur til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma **433 3000 á skrifstofutíma.**
Umsóknir sendist á einar@bifrost.is fyrir 21. október.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

www.bifrost.is 311 Borgarnes | Sími 433 3000

STARFSFÓLK Í ELDHÚS

Starfsfólk óskast til almennr eldhússtarfa við Sjúkrahúsið Vog. Vaktavinna.

Upplýsingar veitir Haukur Hermannson yfirmatreiðslumaður í síma 530 7669 gsm. 696 0367 eða netfangið haukur@saa.is.

ÍSTAK

STARFSMENN Á JÁRNSMÍÐAVERKSTÆÐI

Flokksstjóri

ÍSTAK óskar eftir að ráða flokksstjóra á járnsmíðaverkstæði.
Umsækjendur þurfa að hafa iðnmenntun í járnsmíði og starfsreynslu úr smiðju.
Í starfinu felst umsjá með nýsmíði og uppsetningu stálvirkja auk breytinga og viðhalds á tækjabúnaði.

Járniðnaðarmaður

ÍSTAK óskar eftir að ráða járniðnaðarmann á járnsmíðaverkstæði.
Umsækjendur þurfa að hafa starfsreynslu í járnsmíði.
Í starfinu felst nýsmíði og uppsetning stálvirkja auk breytinga og viðhalds á tækjabúnaði.

Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.
ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

» Ráðningarþjónusta

Ert þú í atvinnuleit?

Fjöldi starfa í boði.

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyrslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf

» Kannaðu málið á
www.hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

HSA
HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS

Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum

Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum er áhugaverður vinnustaður með fjölbreytta starfsemi, sem samanstendur af heilsugæslustöð og sjúkradeild. Við stofnunina er öflug sjúkra- og iðjuþjálfun. Stöðugildi lækna eru fjögur og þar er námsstaða í heimilislækningum. Auk þess er læknir á vegum stofnunarinnar við Kárahnjúka. Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupsstað er í klukkustundar akstursfjarlægð með góða þjónustu skurðlæknis, lyflæknis og svæfingalæknis og þar er röntgendeild með sneiðmyndatæki.

Læknir óskast til framtíðastarfa

Óskum eftir að ráða lækni í 100% starf á Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum. Sérfræðimenntun í heimilislækningum, öldrunarlækningum eða lyflækningum er æskileg.

Lífeindafræðingur óskast til starfa

Óskum eftir að ráða lífeindafræðing í 60% til 100% starf frá og með 1. janúar eða eftir samkomulagi.

Geislafræðingur óskast til starfa

Óskum eftir að ráða geislafræðing til starf frá og með 1. janúar eða eftir samkomulagi.

Útvegum húsnæði og flutningsstyrkur í boði. Sjá nánar um starfsemi HSA Egilsstöðum á www.hsa.is undir Egilsstaðir.

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember nk. Frekari upplýsingar veitir Pétur Heimisson yfirlæknir í síma 470 3000 eða petur@hsa.is og Þórhallur Harðarson, fulltrúi framkvæmdastjóra í síma 470 3035 eða thorhallur@hsa.is

www.netto.is

Verslunarstjóri

Nettó Grindavík óskar eftir verslunarstjóra

Starfssvið:
Ábyrgð á rekstri verslunarinnar
Dagleg stjórnun
Samskipti við viðskiptavini
Birgðahald og önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:
Góð almenn menntun
Reynsla af stjórnun og rekstri
Reynsla af verslunarstörfum
Góðir skipulagshæfileikar
Rík þjónustulund

Um áhugavert starf er að ræða og góð laun í boði fyrir drífandi einstakling.

Upplýsingar um starfið veitir Dómhildur Árnadóttir.
Netfang: domhildur@samkaup.is

Umsóknir berist á sama netfang.

netto
Grindavík

Tæknifræðingur / Byggingafræðingur

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða tæknifræðing eða byggingafræðing. Starfið er innan einingar sem ber ábyrgð m.a. á eftirfarandi verkefnum:

Umsjón með hönnun, framkvæmdum og viðhaldi vegna fasteigna og lóða Hafnarfjarðarbæjar. Þar á meðal umsjón með félagslegum eignum bæjarins. Einnig eru þó nokkur samskipti við aðila innan og utan stjórnkerfis Hafnarfjarðarbæjar.

Reynsla á sviði framkvæmda er nauðsynleg. Reynsla af stjórnun er æskileg sem og lipurð í mannlegum samskiptum.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Hafnarfjarðar og Launanefndar sveitarfélaga eða viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar um starfið veitir Sigurður Haraldsson, forstöðumaður (siggih@hafnarfjordur.is), sími 664-5631 eða 585-5630

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Umsóknum merktum Fasteignafélag Hafnarfjarðar skal skila í þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, eigi síðar en 24. október n.k.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

ZARA

Tískuvöruverslunin Zara vill ráða starfsfólk í verslun sína í Smáralind

Um er að ræða framtíðarstarf, bæði fullt starf og hlutastarf í dömu og barnadeild verslunarinnar

Starfslýsing
Sala í verslun og þjónusta við viðskiptvini
Taka upp vörusendingar
Aðstoð við vöruframsetningar og áfyllingar

Hæfniskröfur
- Reynsla af verslunarstörfum kostur en ekki skilyrði
- Þekking og áhugi á tísku kostur
- Góð framkoma og þjónustulund skilyrði
- Ekki yngri en 18 ára

Nánari upplýsingar um störfin gefur Eyrún verslunarstjóri á staðnum

Umsóknareyðublöð liggja fyrir í versluninni eða senda okkur email á zara1@zara.is

MAÐUR ER ALLTAF AÐ LEIKA SÉR Í VINNUNNI

Frístundaheimilin í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti óska eftir starfsfólki á öllum aldri í leik og starf með 6-9 ára börnum

Í boði eru hlutastörf eftir hádegi á eftirtöldum stöðum:

Fjósið, Grafarholti s. 664-7620
Stjörnuland, Grafarholti s.695-5091
Víðisel, Selás s. 664-7622
Klapparholt, Norðlingaholti s.664-7624
Töfrasel, Árbæ s. 695-5092

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjvíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
Nánari upplýsingar á heimasíðu ÍTR, www.itr.is

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað er á heimasíðu ÍTR, www.itr.is. Einnig er hægt að hafa samband við deildarstjóra barnastarfs í Árseli, s. 567 1740

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 • Bréfsími 411 5009 • www.itr.is • itr@itr.is

Sérfræðingur í hagdeild

SPRON óskar að ráða öflugan sérfræðing í hagdeild.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Viðskiptafræðimenntun með áherslu á fjármál og/eða reikningshald.
- Reynsla af uppgjörsvinnu.
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði æskileg.
- Frumkvæði og metnaður.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði og skipulagshæfileikar.

Helstu verkefni:
- Samræming upplýsingagjafar vegna eininga innan SPRON-heildarinnar.
- Umsjón með skýrslugjöf til Fjármálaeftirlits og Seðlabanka.
- Ýmis greiningarvinna og upplýsingaöflun vegna mánaðarlegra uppgjöra.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Árni Böðvarsson, forstöðumaður reikningshalds og hagdeildar, í síma 550 1200.

Umsóknir óskast sendar til starfsmannaþjónustu SPRON, starfsmannathjonusta@spron.is, fyrir 28. október nk. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

*SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu. Í öllu starfi og samskiptum bæði innbyrðis og gagnvart viðskiptavinum er áhersla á **TRAUST, FRUMKVÆÐI og ÁRANGUR.***

75 ára | spron

A0035 / 07.0802

Verslunarstjóri

Kaupfélag Borgfirðinga óskar eftir að ráða verslunarstjóra í Búrekstrardeild félagsins.

Starfssvið
- Dagleg verslunarstjórn, vöruinnkaup, uppgjör o.fl.
- Almenn afgreiðslustörf í verslun.
- Stefnumótun í samráði við kaupfélagsstjóra.

Menntun og hæfniskröfur
- Menntun á sviði landbúnaðar og/eða viðskipta er æskileg.
- Þekking á landbúnaði, garðyrkju og skógrækt er æskileg.

Umsóknir óskast fylltar út á **www. hagvangur.is** fyrir 22. október nk. Númer starfs er **7160**.

Upplýsingar veitir Þórir Þorvarðarson. Netfang: thorir@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

SMIÐIR

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars óskar eftir smiðum vönum uppsteypu, einnig smiðum í utanhúsklæðningar. Mikil mælingavinna framundan. Nánari upplýsingar veittar í síma 562-2991 einnig er hægt að senda fyrirspurn á gunnar@bygg.is og gudjon@bygg.is

BYGG
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.

www.bygg.is

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.

Húsnæði óskast

Eykt óskar eftir húsnæði á höfuðborgarsvæðinu til leigu fyrir starfsmenn Eyktar, íbúðir jafnt sem herbergi á gistiheimili.

Nánari upplýsingar veitir
Magnea Guðmundar; magnea@eykt.is / 822 4412

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Eykt ehf. / Lynghálsi 4 / 110 Reykjavík
Sími: 595 4400 / Fax: 595 4499
Netfang: eykt@eykt.is / www.eykt.is

Lagermaður

Ofnasmiðjan - Rými óskar eftir að ráða nú þegar öflugan lagermann.

Þeir kostir sem við leitum eftir eru:
- Stundvísi og reglusemi
- Ögun og skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á Navision er kostur

Aðeins reyklaus maður með reynslu af lagerstörfum kemur til greina. Umsóknir með sem ítarlegustu upplýsingum sendist á netfangið JBG@rymi.is

JUST 4 KIDS

Vilt þú vinna í skemmtilegustu verslun í heimi?

Við leitum að fólki...
...í full störf
...í hlutastörf frá kl. 15-19
...í helgarstörf

Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið: valdis@leikbaer.is

KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF
Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

Leikskólakennarar!
Kynnið ykkur nýjar samþykktir Kópavogsbæjar í tengslum við bókanir í kjarasamningum Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga

Arnarsmári: 564 5380
- Leikskólakennarar

Álfatún: 564 6266
- Leikskólastjóri – afleysing
- Leikskólakennarar

Baugur, NÝR LEIKSKÓLI: 570 4350
- Leikskólakennarar

Dalur: 554 5740
- Leikskólakennari

Efstihjalli: 554 6150
- Leikskólakennarar
- Aðstoð í eldhús 75%

Fífusalir: 570 4200
- Starfsmaður í sérkennslu
- Deildarstjóri á eldri deild
- Deildarstjóri á yngri deild

Furugrund: 554 1124
- Sérkennari/leikskólakennari

Grænatún: 554 6580
- Leikskólakennari
- Starfsmaður vegna stuðnings 80-100%

Kópahvoll: 554 0120
- Leikskólakennari 100%

Marbakki: 564 1112
- Leikskólakennari

Núpur: 554 7020
- Leikskólakennarar

Rjúpnahæð: 570 4240
- Leikskólakennarar

Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789
- Leikskólakennarar
- Starfsmaður í sérkennslu/þroskaþjálfi

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is

ECONOMIC/COMMERCIAL ASSISTANT

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the full time position of Economic/Commercial Assitant. The closing date for this postion is October 28, 2007. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html
Please send your application and resumé to
reykjavikvacancy@state.gov

FROST

Kælismiðjan FROST ehf.

Óskum eftir að ráða þjónustumenn til starfa í Reykjavík.

Nánari upplýsingar á www.frost.is , eða í síma 897 8941

TEITUR

Bifreiðastjórar
með hópbifreiðaréttindi

Vegna aukinna verkefna vantar okkur nokkra bifreiðastjóra til starfa sem fyrst. Um er að ræða bæði 100% störf og hlutastörf sem henta bæði konum og körlum.

Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma 515 2700 á skrifstofutíma.

Ýmis verslunarstörf
í Hafnarfirði

Samkaup Úrval í Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki í ýmis störf. Fólk á öllum aldri hvatt til að sækja um. Aðeins þjónustulundaðir og drífandi einstaklingar koma til greina.

Upplýsingar veitir Ingibjörn Hafsteinsson verslunarstjóri í síma 892 4955

Samkaup hf rekur 40 verslanir undir merkjum Samkaup úrval, Samkaup strax, Kaskó, Nettó og Hymunnar og eru þær víða um landið. Hjá Samkaupum starfa í dag rúmlega 800 manns og margir með langan starfsaldur. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu www.samkaup.is

---

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

Skapandi störf með skapandi fólki

Laus störf í leikskólum Reykjavíkurborgar

Leitað er eftir:
- Leikskólakennurum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

Deildarstjórar
Blásalir, Brekknaás 4, símí 557-5720
Brekkuborg, Hlíðarhús 1, símí 567-9380
Heiðarborg, Selásbraut 56, símí 557-7350
Kvarnaborg, Árkvörn 4, símí 567-3199
Rauðaborg, Viðarási 9, símí 567-2185
Ösp, Iðufelli 16, símí 557-6989

Leikskólakennarar/leiðbeinendur
Ásborg, Dyngjuvegi 18, símí 553-1135
Blásalir, Brekknaás 4, símí 557-5720
Brekkuborg, Hlíðarhús 1, símí 567-9380
Engjaborg, Reyrengi 11, símí 587-9130
Foldaborg, Frostafold 33, símí 567-3138
Grænaborg, Eiríksgötu 2, símí 551-4470
Heiðarborg, Selásbraut 56, símí 557-7350
Hlíðarendi, Laugarásvegi 77, símí 553-7911
Hulduheimar, Vættaborgum 11, símí 586-1870
Klettaborg, Dyrhömrum 5, símí 567-5970
Laufskálar, Laufrima 9, símí 587-1140
Lindarborg, Lindargötu 26, símí 551-5390
Lækjaborg, við Leirulæk, símí 568-6351
Maríuborg, Maríubaug 3, símí 577-1125
Rauðaborg, Viðarási 9, símí 567-2185
Reynisholt, Gvendargeisla 13, s. 5175560
Rofaborg, Skólabæ 6, símí 567-2290
Ægisborg, Ægisíðu 104, símí 551-4810
Öldukot, Öldugötu 19, símí 551-4881
Ösp, Iðufelli 16, símí 557-6989

Sérkennsla/atferlisþjálfi
Engjaborg, Reyrengi 11, símí 587-9130
Ösp, Iðufelli 16, símí 557-6989

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á www.leikskolar.is.
Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.
Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Áhugaverð störf í grunnskólum

Árbæjarskóli, Rofabæ 34, símí 567-2555
- Skólaliðar í 50-100% störf

Breiðholtsskóli, Arnarbakka 1-3, símí 557-3000
- Dönskukennari á unglingastigi

Foldaskóli, Logafold 1, símí 540-7600
- Umsjónarkennari í 6. bekk, afleysing frá 1. desember vegna fæðingarorlofs
- Umsjónarkennari í 8. bekk, kennslugreinar danska og enska, afleysing frá 1. desember vegna fæðingarorlofs
- Þroskaþjálfi í 80-100% stöðu, frá 1. janúar 2008
- Skólaliði í mötuneyti í 75-100% starf frá 1. janúar 2008
- Stuðningsfullrúar í 70% störf frá 1. janúar 2008

Grandaskóli, v/Keilugranda, símí 561-1400
- Þroskaþjálfi í 70-100% stöðu
- Umsjón með kaffistofu starfsfólks, 75-80% starf

Hagaskóli, Fornhaga 1, símí 535-6500
- Skólaliði í mötuneyti í 75-100% starf
- Skólaliði í gangavörslu

Hamraskóli, Dyrhömrum 9, símí 567-6300
- Stuðningsfulltrúi í 50-80% starf

Háteigsskóli, v/Háteigsveg, símí 530-4300
- Umsjónarkennari á yngsta stigi til áramóta, vegna forfalla
- Forfallakennari
- Kennari við móttökudeild og í sérkennslu, 50% staða

Ingunnarskóli, Maríubaugi 1-3, símí 411-7828
- Umsjónarkennari í 4.-5. bekk, afleysing vegna fæðingarorlofs
- Umsjónarkennari í 6.-7. bekk, afleysing vegna fæðingarorlofs
- Stuðningsfulltrúi í 70% starf
- Sérkennari

Korpuskóli, Bakkastöðum 2, símí 411-7880
- Umsjónarkennarar á miðstigi

Rimaskóli, Rósarima 11, símí 411-7720
- Kennari á unglingastigi, kennslugreinar íslenska og stærðfræði, 50% staða
- Skólaliðar

Safamýrarskóli, Safamýri 5, símí 568-6262
- Stuðningsfulltrúar

Seljaskóli, Kleifarseli 28, símí 411-7500
- Íslenskukennari á unglingastigi í 50% stöðu til áramóta, vegna forfalla

Sæmundarskóli, Gvendargeisla 168, símí 411-7848
- Stuðningsfulltrúi í 50-75% starf

Ölduselsskóli, Ölduseli 17, símí 557-5522
- Skólaliði, baðvarsla drengja

Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.menntasvid.is. Þar er einnig að finna frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti.

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum.
Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

RÁÐGJAFI

Ráðningarþjónustan er framsækið 12 ára gamalt fyrirtæki sem sérhæfir sig í persónulegri þjónustu á sviði ráðninga, jafnt til fyrirtækja sem og umsækjenda.

Leitað er að áhugasömum og hæfum einstaklingi í starf ráðgjafa. Starfssvið ráðgjafa felur í sér ýmsa þætti tengda ráðgjöf og þjónustu til fyrirtækja og einstaklinga.

Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, sem og starfað sem hluti af liðsheild. Ráðgjafar okkar þurfa að hafa framúrskarandi þjónustulund og geta unnið undir álagi þar sem um krefjandi starf er að ræða.

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun m.a. á sviði mannauðsfræða kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Heiðarleiki sem og áreiðanleiki áskilinn

Starfið er 100% stöðugildi.
Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Áhugasömum er bent á að fylla út umsókn á heimasíðu okkar www.radning.is og sækja þar sérstaklega um starfið.

Umsjón með starfinu hefur María Jónasdóttir framkvæmdastjóri, maria@radning.is

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is



SÖLUMAÐUR / RAFVIRKI

» **Starfssvið:**
› Almenn sölustörf
› Tilboðsgerð
› Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini.

» **Hæfniskröfur:**
› Iðnmenntun á rafmagnssviði æskileg
› Reynsla í rafvirkjun eða úr sambærilegu starfi
› Hæfni í mannlegum samskiptum.
› Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem fellur að góðri liðsheild fyrirtækisins.

Umsóknir óskast sendar til **Ískrafts,** Smiðjuvegur 5, 200 Kópavogur, fyrir 14. október 2007.
Upplýsingar veitir Jón Sverrir Sverrisson, netfang: **jon@iskraft.is.** Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál.

Ískraft er rafiðnaðarheildsala og leiðandi á því sviði á íslenskum markaði. Fyrirtækið hefur starfað síðan 1975. Ískraft rekur alls þrjár starfsstöðvar, í Kópavogi, á Akureyri og Egilsstöðum. Starfsmenn eru samtals 32.

ÍSKRAFT
RAFIÐNAÐARVERSLUN

Vélvirkjar - Vélfræðingar
Áhugaverð störf hjá Norðuráli

Við óskum að ráða vélvirkja og vélfræðinga til starfa í dagvinnu hjá Norðuráli á Grundartanga.
Um framtíðarstörf er að ræða og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hvers væntum við?
Við leitum að vélvirkjum og vélfræðingum með sveinspróf eða að umsækjandi stefni að sveinsprófi innan árs.

Aðrir áhersluþættir:
- Góð samskiptahæfni og starfsáhugi
- Geta til að vinna sjálfstætt og útsjónarsemi
- Reynsla af vinnu í iðnaðarumhverfi eða við sambærileg störf er æskileg
- Kunnátta í ensku og almennri tölvunotkun kemur í góðar þarfir

Hvað veitum við?
Við bjóðum þér gefandi starf hjá nútímalegu fyrirtæki. Þú vinnur mikilvæg verk með góðu samstarfsfólki og við tökum vel á móti þér. Verkefni vélvirkja og vélfræðinga eru fjölbreytt og felast m.a. í viðhaldi, bilanaleit, endurnýjun og endurbótum á tækjabúnaði Norðuráls.

Aðstaða:
- Góður aðbúnaður og mötuneyti á staðnum
- Starfsþjálfun og símenntun
- Atvinnuöryggi, traustar tekjur og laun að hluta árangurstengd
- Fyrirtækið greiðir þér aukið framlag í lífeyrissjóð

Jafnrétti
Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til að starfa hjá Norðuráli.

Trúnaður
Farið verður með umsókn þína og allar persónulegar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Hvernig sækir þú um?
Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 22. október n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsokn@nordural.is eða póstlagt umsóknina, merkta: Áhugavert starf.

Upplýsingar
Nánari upplýsingar veita Skúli Skúlason, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, og Einar F. Björnsson, viðhaldsstjóri, í síma 430 1000.

Norðurál
Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru á fimmta hundrað talsins, verkefnin margvísleg og störfin fjölþætt. Hjá Norðuráli starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnafræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, vélvirkjar, vélstjórar, rafvirkjar og rafsuðumenn, auk ófaglærða starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

Steinsteypusögun og kjarnaborun

Óskum eftir karlmanni á aldrinum 20-45 ára, heiðarlegum,framtaksömum og stundvísum. Góð laun í boði fyrir góðan mann. Upplýsingar veitir Vilhelm í síma 893-3236.

KÓPAVOGSBÆR

Frá Lindaskóla

Eftirtalin störf eru laus til umsóknar:
- **Stærðfræðikennari á eldra stig**
- **Umsjónarkennari á miðstig**
- **Starfsmaður í Dægradvöl**

Laun samkvæmt kjaras. Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar gefur skólastjóri í síma 554 3900 og 861 7100.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin

www.kopavogur.is - www.job.is

Framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar, ÍBH, óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri ÍBH hefur umsjón með daglegum rekstri skrifstofu ÍBH og tekur þátt í öllu almennu starfi ÍBH og nefnda þess.

Markmið starfsins er m.a. að miðla upplýsingum til aðildarfélaga ÍBH og að auka tengsl þeirra, vera aðildarfélögum ÍBH til aðstoðar og leiðbeiningar eftir föngum.

Framkvæmdastjóri annast einnig samskipti og samstarf við sveitarfélagið.

Nánari upplýsingar liggja fyrir í starfslýsingu sem hægt er að fá hjá formanni ÍBH, Jóni Gunnari Grjetarssyni, sími: 8999349 og hjá framkvæmdastjóra ÍBH Óskari Ármannssyni, sími: 863 0203.

Umsókn skal skilað á skrifstofu ÍBH Íþróttahúsinu Strandgötu, í pósthólf 548 eða á netfangið ibh@hafnarfjordur.is fyrir 17. október.

Öllum umsóknum verður svarað.

Vélstjóri/vélvirki

Marás ehf. óskar eftir að ráða metnaðarfullan sölumann.

Marás ehf. er í þjónustu og sölu fyrir sjávarútvegsfélög.

Starfssvið:
>> Sala á vélbúnaði
>> Þjónusta og ráðgjöf
>> Kynning á vörum fyrirtækisins

Hæfniskröfur:
>> Vélstjóri eða vélvirki með góða þekkingu á báta- og skipavélum
>> Reynsla af sjómennsku æskileg
>> Góð hæfni í mannlegum samskiptum
>> Reynsla af sölumennsku góður kostur
>> Ensku- og íslenskukunnátta
>> Sjálfstæði í starfi

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Áhugasamir eru beðnir um að sækja um á **www.abendi.is**

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Lilja Birgisdóttir, ráðgjafi hjá Ábendi, johannalilja@abendi.is

www.abendi.is

Ábendi
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

Hlíðasmára 8 // 201 Kópavogur // 517 5050 // abendi@abendi.is

16 sölu**skrifstofur**

Fasteignablað

38-2007

140. Tölublað - 5 Árgangur - 14. Október 2007

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

BRB RE/MAX DESIGN CENTER - www.remax-ice.com

Vertu þátttakandi í uppbyggingu á stærstu fasteignasölukeðju í heimi
remax@remax.is

24 bls

www.remax.is
Einn öflugasti fasteignavefur landsins

RE/MAX Borg	RE/MAX Búi	RE/MAX Bær	RE/MAX Eignastýring
RE/MAX Esja	RE/MAX Fasteignir	RE/MAX Heimili & Jarðir	RE/MAX Heimili & Skip
RE/MAX Lind	RE/MAX Miðlun	RE/MAX Mjódd	RE/MAX Senter
RE/MAX Skeifan	RE/MAX Stjarnan	RE/MAX Torg	RE/MAX Þing

FRAMÚRSKARANDI ***SÖLUFULLTRÚAR*** | FRAMÚRSKARANDI ***ÁRANGUR***

RE/MAX
Enginn í heimi selur fleiri fasteignir
www.remax.is
Einn öflugasti fasteignavefur landsins

Mýrdalur 3
260 Reykjanesbær
Nýtt bjart og glæsilegt einbýli

Stærð: 176,6 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2006
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Já

RE/MAX Bær

Kristján
Sölufulltrúi
699-6949
kristjan@remax.is

Í dag kl. 15.30 - 16.30

Verð: 30.500.000

Nýtt einbýlishús 176,6 m2 með bílskúr. Miðjuhús í lokaðri götu. Glæsilegt einbýlishús teiknað og hannað af Indro Candi. Húsið er klætt með flísum og Síberíulerki. Húsið er full frágengið að utan og tilbúið til innréttinga og gólfefna að innan. Rafmagnstaflan er frágengin og allt rafmagn ídregið í tengla og fyrir Halógenljós. Allar vatnslagnir uppsettar og tilbúnar til til tenginga við vaska, böð, þvottavél o.s.fr. Búið er að grunna og spartla.

Þórunn Eiðsd.
Lögg. fasteignasali
tse@remax.is

RE/MAX Bær - Malarhöfði 2 - 110 Reykjavík - Sími: 5123400 - www.remax.is

Veghús 11
112 Reykjavík

Stærð: 105 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1989
Brunabótamat: 13.350.000
Bílskúr: Nei

RE/MAX Bær

Sigurbjörn Einars
Sölufulltrúi
822 1003
bjossi@remax.is

Opið hús í dag milli kl. 16 og 16:30

Verð: 24.900.000

Falleg 4ra herbergja íbúð á þriðju hæð í litlu fjölbýli. Íbúðin er á tveimur hæðum og skiptist í forstofu, baðherbergi, stórt svefnherbergi, stofu og eldhús með borðstofu. Á efri hæð hússins eru svo tvö stór svefnherbergi og er annað þeirra með sér útgengi á stigapall.

Þórunn Eiðsd.
Lögg. fasteignasali
tse@remax.is

RE/MAX Bær - Malarhöfði 2 - 110 Reykjavík - Sími: 5123400 - www.remax.is

Heiðarholt 15
250 Garðar
Nýtt parhús í botnlanga

Stærð: 146,6 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2007
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Já

RE/MAX Bær

Kristján
Sölufulltrúi
699-6949
kristjan@remax.is

Í dag kl. 17.00 - 18.00

Verð: 17.500.000

RE/MAX Bær Kynnir: Nýtt 146,6 fm parhús, sem skilast með mjög stuttum afhendingartíma. Skilalýsing sem hér segir. Útveggir: Standandi timburklæðning, lektur síðan 10mm krossviður, grind 2 sinnum7 tm, að innan spónaplötur og gifs yfir, með 150mm steinull og 200mm í lofti. Efni fylgir í Innveggi, grindarefni spónaplötur og Gifs, 70mm einangrun. Þak: Aluzink. Gólf: Gólfhiti komin upp og hitalagnir verða komnar í gólfin svo að gólfin verða tilbúin undir gólfefni.

Þórunn Eiðsd.
Lögg. fasteignasali
tse@remax.is

RE/MAX Bær - Malarhöfði 2 - 110 Reykjavík - Sími: 5123400 - www.remax.is

Kveldúlfsgata 18
310 Borgarnes
Flott eign á góðum stað

Stærð: 106,8 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1973
Brunabótamat: 15.850.000
Bílskúr: Nei

RE/MAX Borg

Anna Ólöf
Tökum að okkur að setja upp gifsveggi. Uppl. í s. 862 3299

HEILSA

Heilsuvörur

Solis safapressa
Til sölu Solis safapressa hefur bara verið notuð 4x. Kostar ný rúmar 14 þús. Selst 8 þús. Upplýsingar í síma. 845 6933.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Viltu léttast hratt og örugglega?
www.diet.is – www.diet.is Margrét s. 699 1060.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

LR veitir ráðgjöf um LR- vörurunar, hvernig þú gerist söluaðili. Anna Snyrtifræðingur 699 7379.

LR veitir ráðgjöf um LR- vörurunar, hvernig þú gerist söluaðili. Anna Snyrtifræðingur 699 7379.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife!Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

Intensive Icelandic-Íslenska fyrir nýbúa Level I/4 weeks x 5/week 18-19:30 Start 22/10, 7/1, 11/2, 3/3, 31/3, 26/5 Level II/7 weeks x 3/week 19:45-21:15 Start 15/10, 7/1, 26/2, 26/5 Level III/10 weeks x 2/week 19:45-21:15. Start 16/10, 8/1, 18/3, 27/5 Ármúli 5. s.5881169 - ff@icetrans.is

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Dýrahald

Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. á bjork72@visir.is, Heimasíðan er á dyraland.is undir Lína fína eða í s. 895 6035. Kveðja Björk.

Ýmislegt

Nýr Thomson Sky HD gervihnattamóttakari til sölu. LNB nemi fyrir 4 tengi fylgir. Verð 70.000 kr. Sími 8461437.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Hestamennska

Hágæðaplast
Hágæðaplast í hesthúsagrindur og veggjaklæðningar. Flottir litir. E. Sigurðsson ehf. S. 691 8842.

Eik
Eik í hesthúsagrindur og veggjaklæðningar E.Sigurðsson ehf. Sími 691 8842.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.leigulidar.is
Leiguliðar ehf. Eigum tvær 2ja herb. íbúðir lausar í Þorlákshöfn, sjá www.leigulidar.is.

Bílskúr til leigu
Um 20 fm bílskúr við Háaleitisbraut til leigu. Rafmagnshitun. Upplýsingar í síma 849 8411, Silla.

Til leigu 92fm, 3-4ra herb. íbúð í hverfi 105 í 8 mánuði til eitt ár. Leiga 140 þúsund, hiti og rafmagn innifalið. Laus. Leitað er að reglusömum einstaklingum. Upplýsingar sendist á Fréttablaðið merktar „105".

Húsnæði óskast

Snyrtilega íbúð óskast til leigu sem fyrst.
Óska eftir snyrtilegri 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Meðmæli, tryggingavíxill eða fyrirframgreiðsla ef óskað er. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.
Uppl. í s. 696 4286.

Tveir reglusamir nemar á þrítugsaldri leita af íbúð miðsvæðis. Helst 3ja herbergja. Verðbilinu 80 -100 þúsund á mánuði. Góðri umgengni heitið ásamt skilvísum greiðslum og möguleika á að greiða í gegnum greiðsluþjónustu. Jón Þór í 691-9564 og Arnar Ingi 848-8059 eða arnar@itk.is

Íbúðir óskast til leigu
Öflugt erlent fyrirtæki óskar eftir 2-3 herb. íbúðum fyrir starfsmenn sína til leigu sem fyrst, í lengri og skemmri tíma. Þurfa að vera búnar húsgögnum og tækjum. Reglusemi, tryggingu og skilvísum greiðslum heitið Nánari upplýsingar s. 864 9999 / gvs@isl.is

Atvinnuhúsnæði

Óskum eftir bílskúr eða litlu atvinnuhúsnæði (herbergi) á leigu fyrir léttan iðnað. upplýsingar í 661 5621

LAGERHÚSNÆÐI Höfuðborgarsvæði, Til leigu í 6 til 12 mánuði lagerhúsnæði með brettarekkum fyrir 250+ Europalla um 750 m2, ásamt úti gámaplássi. Góð aðkoma, stórar innkeyrsludyr. Uppl. 661 3131.

Geymsluhúsnæði

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Geymum hjólhýsi og húsbíla. Skjólgott vaktað útisvæði í Reykjavík. 2500 kr. per fm. Uppl. í s. 895 4141 & 587 1447

Til leigu í Innri Njarðvík geymsluhúsnæði fyrir tjaldvagna hjólhýsi fellihýsi húsbíla og fornbíla. Ódýr leiga. Uppl. í síma 869-5336 og 822-3440

Bílskúr

Bílskúr óskast til leigu sem fyrst.
Óska eftir að taka á leigu bílskúr á höfuðborgarsvæðinu sem fyrst.
Nánari uppl. í s. 663 2572

ATVINNA

Atvinna í boði

NÝTT BAKARÍ/KAFFIHÚS HOLTAGARÐAR
„JÓI FEL" opnar glæsilegt bakarí og kaffihús í Holtagörðum. Okkur vantar starfsfólk í afgreiðslu.
Áhugasamir hafið samband við Lindu í s. 863 7579 eða á JOIFEL@JOIFEL.IS

Verkstæðismenn
Við hjá hópferðarfyrirtækinu Icelandexcursions Grayline óskum eftir að ráða mann vanan viðgerðum stórra bíla. Nánari upplýsingar veitir Rúnar í síma 540 1303/ 660 1303. Umsóknareyðublöð má einnig nálgast á www.ruta.is

Ræsting - Þrif
Viljum bæta við starfsfólki í þrif sem fyrst. Hentar fyrir heimavinnandi. Unnið frá kl 08 til 12 eða 14:00, vaktir 3-2-3. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is Uppl. um starfið veitir s. 893 2323.

Matreiðsla
Viljum ráða matreiðslumann eða mann/konu með reynslu. Leitum að ferskum og kröftugum starfskrafti sem hægt er að stóla á.
áhugasamir hafi samband í síma 893 2323 eða á staðnum eða á www.kringlukrain.is

sbarro

Hefur þú áhuga á ítalskri matargerð?
Sbarro auglýsir eftir starfsmanni í fullt starf í eldhúsi og við afgreiðslu. Viðkomandi þarf að búa yfir mikilli þjónustulund, hafa mikinn metnað, vera stundvís og eiga auðvelt að vinna með öðru fólki. Vinnutími er samkomulagsatriði. Góð laun í boði. Starfsmaður þarf að tala íslensku og vera eldri en 18 ára. Umsækjendum er bent á að sækja um rafrænt á www.sbarro.is eða hafa samband við Steina í síma: 696-7021 eða Önnu: 696-7021.

sbarro

Hlutastarf á spennandi veitingastað.
Sbarro auglýsir eftir starfsfólki í hlutastarf. Um er að ræða starf í eldhúsi og við afgreiðslu á nýjum og glæsilegum stað í Faxafeni. Æskilegir eiginleikar eru stundvísi, mikil þjónustulund, metnaður og eiga gott með að vinna með öðru fólki. Sveigjanlegur vinnutími í boði sem hentar vel með skóla. Góð laun í boði. Ekki yngri umsækjendur en 16 ára. Umsækjendum er bent á að sækja um rafrænt á www.sbarro.is eða hafa samband við Steina í síma: 696-7021 eða Önnu: 696-7012.

Starfskraftar óskast
Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu, á tvískiptar vaktir. Getum einnig bætt við helgarstarfsfólki. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Umsóknareyðublöð á staðnum & í s. 555 0480, Sigurður.

Pizza Hut

Vaktstjóri á Pizza Hut Nordica
Pizza Hut leitar að vaktstjórum í veitingasal á Pizza Hut Hótel Nordica. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Birgir veitingastjóra Pizza Hut Nordica 694 8022 og 533 2002.

Café Bleu - Kringlunni

matreiðslumaður (yfirkokkur).
Óskum eftir að ráða vanan matreiðslumann (yfirkokkur). Þægilegur vinnutími. Góð laun í boði réttan aðila.
Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.

Steinsteypusögun og kjarnaborun
Óska eftir starfsmanni í steinsteypusögun og kjarnaborun. Upplýsingar í s. 893 3236.

Járniðnaðarmenn
Óskum eftir að ráða vana járniðnaðarmenntil starfa,nú þegar eða eftir samkomulagi.

Þurfa að geta unnið sjálfstætt

Upplýsingar í síma 567-7553. Harka ehf.Hamarshöfða 7

110 Reykjavík.

Fjarðarbakarí Hafnarfirði
Óskar eftir starfsmanni í verslun. Vinnutími 07.00-15.00. Starfslýsing: Afgreiðsla og skráning pantana. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, stundvís og snyrtilegur.
Umsóknir sendist á fjardarbakari@simnet is Nánari upplýsingar í síma 895 7355, Halldór og 862 9363, Bragi.

Kennari, uppeldismenntaður starfsmaður eða góður leiðbeinandi óskast í leikskóla í Kópavogi. Góð vinnuaðstaða og skemmtilegt starf í boði. Uppl. í síma 564 6266 og 863 9111.

Hjólbarðaverkstæðið Barðinn
Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. Uppl. í s. 568 3080 eða á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

Aktu Taktu Skúlagötu
Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinna í boði. Skemmtileg vinna á skemmtilegum vinnustað. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á aktutaktu.is

Zatrudnimy osoby do filetowania ryb. Wymagane doswiadczenie. Bardzo dobre wynagrodzenie. Tel. 899 8033

Pípulagnir
Faglagnir ehf óska eftir að ráða vana pípulagningamenn vegna mikilla verkefna. Uppl. í síma 824 0242, Benidikt.

Öryggisgæslan ehf. óskar eftir starfsfólki
Vegna mikilla anna vantar stundvíst og ábyrgt fólk í vinnu. Á 9 tíma vaktir í 7 daga og frí í 7 daga, einnig vantar í helgarvinnu. Bæði karlmenn og kvenfólk á aldrinum 20-45 ára. Uppl. gefur Einar í s. 856 5031, milli kl. 12-18.

Hellulagnir
Vantar garðyrkjumann eða menn vana hellulögnum í lítið garðyrkjufyrirtæki. Ágætis laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. í s. 692 0711.

Beitningamaður óskar eftir beitningu á Höfuðborgarsvæðinu. Getur beitt 6 bjóð á dag, verður að vera nokkuð stöðug beitning. Uppl. í s. 866 8112 & 562 5013.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmanna-

þjónusta s. 661 7000.

Stúlka utan að landi óskar eftir vinnu
Stúlka leitar að vinnu frá og með 01.11.'07 Er vön að vinna og hörkudugleg. Vinna sem kemur til greina eru afgreiðslustörf, aðstoðarmaður í eldhúsi, ummönnun og margt fleira. Áhugasamir hafið samband í síma 849 3320 Halldóra.

TILKYNNINGAR

Fundir

Átt þú í erfiðleikum með fíkniefni?
Það er til lausn! NA fundir öll mánudagskvöld kl. 21.00 í Hinu Húsinu (gengið inn Austurstrætismegin) Eingöngu fyrir fíkla. S. 661 2915.

Einkamál

18plús.is
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenzkur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

LÖGMANNSSTOFA

Glæsileg útsýnisíbúð á Seltjarnarnesi

Frum

Til sölu glæsileg útsýnisíbúð á fjórðu hæð við **Austurströnd 6, á Seltjarnarnesi.** Stærð íbúðar er rúmir 100 fm. en að auki fylgir henni 23.8 fm stæði í bílskýli, geymsla og sameiginlegt þvottahús á hæð.
Ásett verð er 32 m.

Allar nánari upplýsingar eru veittar hjá Lögmannsstofu Árna Ármanns Árnasonar í síma 551 1348

Lögmannsstofa Árna Ármanns Árnasonar ehf. Skúlagötu 30, 101 Reykjavík, s. 551 1348, netfang: logmannsstofa-aaa@simnet.is

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

LANGHOLTSVEGUR

Frábærlega staðsett og mikið endurnýjuð eign, hæð og rishæð ásamt 43 fm. bílskúr. Á síðustu árum hafa allar lagnir verið endurnýjaðar ásamt innréttingu og tækum í eldhúsi og á baði. Aðkoma og bílastæði nýlega hellulagt. Frábærlega staðsett eign sem kemur verulega á óvart. **Verð: 41,7 millj.**

Frum

EFSTASUND M/BÍLSKÚR

Hæð og efrihæð í tvíbýli ásamt sérbyggðum bílskúr. Særð alls 207,0 fm. þaer íbúð 169,3 fm og bílskúr 37,8 fm. Tvær saml. stofur og fimm herbergi. Svalir í suður. **Góð staðsetning. Verð: 45,5 millj.**

Kristinn Valur Wiium
Sölumaður, sími: 896 6913

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090

SAGA FASTEIGNIR
Hlíðasmára 14 - S. 414 8800
Guðmundur Þórðarson hdl & löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 14–15

Frum

KIRKJUVEGUR 17 – SELFOSS

Virkilega spennandi kostur. Tveggja hæða 220 fm einbýli. Stór bílskúr og sér íbúð fyrir ofan bílskúrinn. 26 fm gróðurhús. Sundlaug og pallur í garðinum. Vinnuskúr. Frábær staðsetning í hjarta Selfossbæjar.

Valdimar hjá Saga fasteignum verður á staðnum.
Þér er velkomið að skoða. Símar 414 8800 & 868 8888.

Saga Fasteignir ehf. - Sími 414 8800 - www.sagafasteignir.is

Sólvallagata 82
101 Reykjavík
Útsýni yfir sjóinn og göngufæri í miðbæinn

Stærð: 113,3 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2003
Brunabótamat: 20.990.000
Bílskúr: Nei

RE/MAX Lind

Opið hús sunnudaginn 14 oktober kl 15:00 til 16:00

Verð: 33.400.000

RE/MAX LIND KYNNIR: Íbúð með lokuðu bílskýli í nýlegu húsi í gamla Vesturbænum. Útsýni yfir sjóinn og göngufæri í miðbæinn. Skólar, leikskólar, verslanir og þjónusta í næsta nágrenni. Lyfta úr bílskýli. Húseignin er vönduð, vel frágengin og múruð með marmarasalla. SKIPTING ÍBÚÐAR: Komið er inn í forstofu með góðum skáp. Þaðan er komið inn á gang en frá honum er gengið í önnur rými íbúðarinnar. Rúmgóð stofa og borðstofa, með fallegum gluggum og útgengi út á rúmgóðar svalir. Eldhúsið er með mjög fallegri L-laga innréttingu úr eik eins og allt annað tréverk í íbúðinni, borðkrók og glugga. Þrjú rúmgóð herbergi eru í íbúðinni, öll með góðum skápum. Fallegt baðherbergi með sturtu og baðkari. Hiti í gólfum á baði og í eldhúsi. Gott þvottahús er í íbúðinni. Sérgeymsla og góð sameign í kjallara. Eign í háum gæðaflokki. GÓLFEFNI ÍBÚÐAR: Flísar eru á baði, þvottahúsi, eldhúsi og forstofu en fallegur rustik hlynur er á öllum öðrum gólfum.

Anna Karen
Sölufulltrúi
862 1109
annaks@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

Auglýsingasími
512 5050

– Mest lesið

FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Álfkonuhvarf 29 - Kóp

4ra herb. endaíbúð á efstu hæð með útsýni
Opið hús í dag frá kl. 12.30-13.30

Frum

Falleg 128 fm 4ra herb. endaíbúð á 3. hæð, **efstu hæð íbúð 0301** í nýlegu lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Sérinngangur af svölum. Íbúðin skiptist í anddyri, bjarta stofu með útgangi á svalir til suðvesturs, eldhús með fallegri innréttingu úr eik, borðstofu, 3 svefnherbergi, þvottaherbergi og baðherbergi sem er flísalagt í gólf og veggi. **Góðar suðvestursvalir með miklu útsýni yfir Elliðavatn og Bláfjöll. Stutt í skóla og aðra þjónustu. Verð 32,9 millj.**

Íbúðin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 12.30-13.30.
Sölumaður verður á staðnum.
Verið velkomin

ÁS FASTEIGNASALA

Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is

Opið virka daga kl. 9–18

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 13-15
HOLTAGERÐI 42 - KÓPAVOGI

Frum

Falleg 142 fm neðri hæð m/bílskúr í tvíbýli á rólegum og góðum stað. 3-4 sv.herb. Pallur og fallegur garður. Stutt í skóla og aðra þjónustu. **Verð 33,5 millj.**
Heimir tekur á móti gestum sími 899 4484

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Álfahvarf 5 - Kóp

Einbýlishús á útsýnisstað
Opið hús í dag frá kl. 11.30-12

Frum

350 fm einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 44 fm bílskúr á frábærum útsýnisstað. Eignin skiptist í forstofu, gesta w.c., opið eldhús, samliggjandi stofu og borðstofu með góðri lofthæð og útgengi í sólskála og þaðan út á svalir, 3 herbergi og baðherbergi. Möguleiki er á sér 3ja herb. íbúð á neðri hæð. Fallegt útsýni er af efri hæð yfir fjöllin og Elliðavatn. **Húsið skilast í núverandi ástandi, rúmlega fokhelt með grófjafnaðri lóð. Verð 58,0 millj. Möguleiki er að fá húsið keypt fullklárað að utan.**

Eignin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 11.30-12.
Sölumaður verður á staðnum.
Verið velkomin

Nýbyggingar í Mosfellsbæ

Raðhús, tilbúin til afhendingar strax.
Opið hús í dag frá 15-16
Traustur byggingaraðili - Pálmatré.
Nánari upplýsingar eru að finna í skilalýsingu.
Ásmundur, sími 895 3000 og Daði, sími 698-5044
sölumenn Höfða sýna húsin í dag á milli kl. 15 og 16

Frum

Rauðamýri 6, verð 40,9 millj.

Síðasta 6 herbergja raðhúsið á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr, samtals 207 fm. Húsið skiptast í forstofu, eldhús, borðstofu, stofu, geymslu, þvottahús, bað og bílskúr á neðri hæð en 4 herbergi, bað og sjónvarpshol á efri hæð. Lóð skilast þökulögð og bílaplön hellulögð með snjóbræðslu. Verönd er í garði. Húsið er afhent tilbúið undir tréverk. Möguleiki að að seljandi spartli og grunnmáli húsið að innan en þá hækkar verðið um 1,0 millj.

Rauðamýri 13, verð 39,9 millj.

Síðasta 3ja herbergja raðhúsið sem er á einni hæð með innbyggðum bílskúr, samtals 163 fm. Húsið er afhent fullbúið að utan og tilbúið undir tréverk, spartlað og grunnmálað að innan. Lóð skilast þökulögð og bílaplan hellulögð með snjóbræðslu. Verönd í garði.

Opið hús í dag frá kl. 13:00 til 14:00
Snorrabraut 36 – íbúð 002

Til sýnis í dag glæsilega innréttuð og mikið endurnýjuð 64 fm ósamþykkt 2ja herb. kjallaraíbúð við Snorrabraut. Íbúðin skiptist í flísalagt hol, flísalagt eldhús m/fallegri maghony innréttingu, rúmgott parketlagt svefnherb. m/fataskáp, flísalagt baðherbergi, geymslu og rúmgóða parketlagða stofu. Möguleiki á 90% fjármögnun. **Verð 18,9 millj.**

Daði Rúnar (698-5044)
sölumaður Höfða sýnir íbúðina í dag á milli kl. 13 og 14.

HÖFÐI
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Bæjarhrauni 22
Sími 565 8000

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali

AKKURAT

Bókaðu skoðun!

HRAUNBÆR 144 - 110 RVK.

Vel skipulögð 124,1 fm 5 herb. endaíbúð á 3. hæð/efstu á góðum stað í Árbænum. Stórt og opið hol með fataskáp. Eldhús með borðkrók, innaf því er geymsla og þvottahús. Nýlegar flísar og parket á gólfum. Baðherbergi flísalagt með baðkari. Stofa og borðstofa með svölum í suð-vestur. Sérbílastæði.
Verð: 25,9 millj.
Nánari uppl. Ásdís hjá Akkurat 898 3474

Bókaðu skoðun!

LAUFENGI - 112 RVK.
LAUS VIÐ KAUPSAMNING! !

Sérlega falleg og mikið endurnýjuð 95,9 fm íbúð á 2.hæð í góðu fjölbýli, sérbílastæði. Fallegar innréttingar og gólfefni. Baðherbergi með sturtuklefa og baðkari. VERÐ 23,2 millj.
Nánari uppl. Ingvar Ragnarsson lögg. fast. 822 7300

Bókaðu skoðun!
Frum

NÚPALIND 6, 3. HÆÐ.

Stórglæsileg **113 fm2** endaíbúð með SA svölum. Fallegar mahony-innréttingar, merbau-parket. Þvottahús í íbúðinni. þrjú svefnherbergi, þar af hefur eitt verið opnað inní stofu.
Verð 30,9 millj.
Nánari uppl. gefur Bjarni hjá Akkurat 896 3875

Bókaðu skoðun!

LYNGHAGI 6, JARÐHÆÐ - 107 RVK

Mjög góð og vel skipulögð 84,6 m2 3ja herb. íbúð nálægt HÍ. Forstofa með flísum. Ágætt hol m/tölvuaðstöðu. Björt stofa og borðstofa. 2 rúmgóð herb., annað m/geymslu innaf. Eldhús m/ borðkrók og nýl. keramikeldavél. Baðh. snyrtilegt með flísum og sturtu. Frábær staðsetning!
VERÐ 24.9 millj.
Nánari uppl. gefur Ásdís hjá Akkurat 898 3474

Bókaðu skoðun!

TORFUFELL - 111 RVK, GOTT VERÐ!

Fallegt raðhús með sérstæðan bílskúr í lengju, samtals 148,1 fm auk ca 124 fm óskráðs kjallara, eða alls ca 272 fm. Þrjú svefnherbergi á hæð, í kjallara eru tvö svefnherbergi og rúmgott sjónvarpshol. Stór 80fm geymsla. Gróinn garður. VERÐ 39,9 millj.
Nánari uppl. Halla Unnur Helgadóttir lögg.fast. 824 5051

Akkurat FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000

Halla Unnur Helgadóttir lögg. fast. 824 5051
Viggó Sigursteinsson lögg. fast. 824 5066
Ingvar Ragnarsson lögg. fast. 822 7300

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið

HRAUNBÆR 103 - OPIÐ HÚS

Frum

Mjög góð 2ja til 3ja herb. íbúð merkt 801 á efstu hæð í fjölbýli fyrir eldri borgara. Stór stofa, fallegt eldhús, stórt svefnherb. og baðherb. Parket á gólfum og glæsilegt útsýni. Þjónustumiðst. á jarðh. **Nánari uppl. í síma 897 3702. Verð 29,9 millj.**

Tekið á móti áhugasömum í dag á milli kl. 13 og 14.

hof fasteignasala
564 6464
Síðumúla 24 • 108 Reykjavík
hof@hofid.is • www.hofid.is
Guðm. Björn Steinþórsson lögg. fasteignasali
Jón Guðmundsson sölustjóri

Kílhraun - stórar eignalóðir

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
FRÁBÆRT TÆKIFÆRI FYRIR ÞIG

Stærð: 5900-11000 fm
Fjöldi herbergja: 0
Byggingarár: 0
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Nei

RE/MAX Stjarnan

Verð: 1.8,-3.800.000

KAUPENDUR ATHUGIÐ, AÐ MIÐAÐ VIÐ GÆÐI LANDSINS OG STAÐSETTNINGU, 55 MÍN AKSTUR FRÁ REYKJAVÍK ÞÁ BJÓÐUM VIÐ BESTU VERÐIN Í DAG. OG TIL AÐ GERA EN BETUR ÞÁ BJÓÐUM VIÐ 5 LÓÐIR Á SÉRSTÖKU TILBOÐI NÚ Í HAUST. 30 PRÓSENT ÚT OG RESTINA EFTIR 2 1/2 ÁN VAXTA EÐA AFBORGUNAR Landið er allt gróið og er það um 50 metra yfir sjávarmáli. Landið er nokkuð flatlent með hrauni og er því frábært útsýni. Í miðju landsins er skógrækt Árnesingafélagsins. Lítill lækur liðast í gegnum landið og kemur hann úr uppsprettum undan hrauninu. Landið hentar einstaklega vel til tjáræktar og er rétt að benda á 13 ára gamla skógrækt á landamörkum í í landi Merkurlautar með yfir 3 metra háum trjáum. Landið er staðsett skammt frá Selfossi og í næsta nágrenni við margar af helstu náttúruperlum landsins s.s Þingvelli, Laugarvatn, Kerið, Gullfoss og Geysi. Ýmis afþreying er í boði í nágrenni svæðisins og má þá nefna golfvelli, sundlaugar, veiðisvæði, alla þjónustu má nálgast í 13 mín fjarðlægð frá svæðinu. LEIÐIN: Ekið er austur gegn um Selfoss í um 10 mín og þá beygt til vinstri inn á þjóðveg nr. 30. Þaðan er ekið í um 3 mín og blasir auglýsingaskilti við á vinstri hönd.



Guðrún Antons
Lögg. fasteignasali
697 3629
gudrun@remax.is

Viðskiptahúsið

FASTEIGNIR • FYRIRTÆKI • SJÁVARÚTVEGUR

Skrauthólar 3 – 116 Reykjavík

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 13:00 - 14:00

Frum

Höfum í einkasölu fallegt einbýlishús á 1,6 ha. eignarlóð við rætur Esjunnar. Eignin skiptist í 3 svefnherbergi, 2 stofur auk borðstofu, 2 baðherbergi, vinnuherbergi, eldhús og geymslu. Flestar innréttingar og gólfefni eru ný. Útsýnið er stórkostlegt. Tilvalið fyrir hestafólk eða náttúruunnendur. **Verð 53,9 millj.**

Upplýsingar veitir Jón Svan í síma 891 8803,
Jón Sigfús Sigurjónsson hdl. og löggiltur FFS

Skúlagata 17 • 101 Reykjavík • Sími: 566 8800 • www.vidskiptahusid.is

HÚSIÐ FASTEIGNASALA

- heilshugar um þinn hag -

Vilhjálmur Bjarnason
löggiltur fasteignasali

Guðbjörg Róbertsdóttir
löggiltur fasteignasali

SPÁNN – FRAKKLAND

Láttu drauminn rætast!

Sölusýning í dag sunnudag kl. 14 – 18

að Húsinu fasteignasölu Suðurlandsbraut 50
Glæsilegar eignir á góðu verði.
Við finnum draumaeignina þína á enn betra verði.
Sölufulltrúi frá Spáni á staðnum.
Nánari upplýsingar gefur Gunnar í símum 513 4300 og 892 8702

Frum

Suðurlandsbraut 50 — Bláu húsin v/Faxafen
Sími 513 4300 — www.husid.is

NESEIGNIR

Sími 535 0200
www.neseignir.is

Kristinn Kjartansson
gsm: 820 0762
kristinn@neseignir.is

Gunnar Valdimarsson
lögg. fasteignasali
og viðsk.fræðingur
gsm: 895 7838
gunnar@neseignir.is

FASTEIGNASALA | ÁNANAUSTUM V/ SÓLVALLAGÖTU 84

VATNAGARÐAR - Atvinnuhúsnæði

Frum

Vorum að fá í einkasölu **mjög gott atvinnuhúsnæði** á frábærum stað við ***Vatnagarða í Reykjavík***. Um er að ræða 1703 fm lager og skrifstofuhúsnæði. Lagerrýmið er með góðri lofthæð. **Góð malbikuð aðkoma og frábær staðsetning með miklu auglýsingagildi.**

Allar nánari uppl. gefur
Kristinn R. Kjartansson
í símum 535 0200 og 820 0762.

Gunnar Valdimarsson, lögg. fasteignasali

RE/MAX

LEIÐTOGI

Tvær af öflugustu RE/MAX skrifstofunum leita að metnaðarfullum og jákvæðum einstaklingi í starf rekstrarstjóra.

Í starfinu felst umsjón með skrifstofunum, starfsmannahald og þjálfun nýrra starfsmanna.

Hafðu samband við Einar Karl í síma 895 8525 eða kalli@remax.is

RE/MAX SENTER | RE/MAX BORG

RE/MAX

Skrifstofuhúsgögn frá InnX

Frum

Til sölu eru vel með farin skrifstofuhúsgögn frá **InnX**. Um er að ræða fundarborð, háa skápa, skrifborð, kommóðu, skúffueiningar á hjólum. Fæst fyrir sanngjarnt verð.

Nánari upplýsingar í síma 849-4477 eða logmat@logmat.is

HÓLL

Þverholt 14 • 105 Reykjavík
www.holl.is • holl@holl.is

Frum

Hvassaleiti 153 - Opið hús

Í dag sunnudag frá kl 14 – 15 mun Björn Daníelsson taka á móti ykkur að Hvassaleiti 153 4.h.h, bjalla merkt Óskar og Ingibjörg. Þetta er falleg og rúmgóð 4ra herbergja íbúð ásamt bílskúr alls 121,6 fm. Stofa björt og rúmgóð. Rúmgóð svefnherbergi. Eignin stendur við Listabrautina. Hús og sameign er vel viðhaldið.
LAUS VIÐ KAUPSAMNING. Verð 25,9 millj.

Ítarlegri upplýsingar liggja fyrir á skrifstofu Hóls, Þverholt 14. Upplýsingar gefur Björn Daníelsson Gsm. 849-4477

heimili FASTEIGNASALA
Sími 530 6500

Opið hús í dag frá kl. 14:00 til 15:00

Ánaland 2 – 108 Reykjavík

Frum

Fallegt 263,4 fm 2ja hæða einbýli/parhús með innbyggðum bílskúr á besta stað vestan megin í Fossvoginum, byggt 1983. Fjögur svefnherbergi. Tvö baðherbergi. Parket og flísar á gólfum. Arinn, sólstofa og verönd. Góð aðkoma. Bílastæði malbikuð. Skjólgóður garður í góðri rækt. Hiti í plani og stéttum. **Verð 79,9 millj.**

Gústaf sími 895 7205 og Guðrún sími 895 3990 taka á móti öllum áhugasömum í dag frá kl. 14 til 15.

LUNDUR FASTEIGNASALA
SÍMI 533 1616 FAX 533 1617
SUÐURLANDSBRAUT 10, 2.HÆÐ, F/OFAN BLÓMASTOFU FRIÐFINNS, 108 REYKJAVÍK
Karl Gunnarsson löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 15 – 16
KRISTNIBRAUT 47 – JARÐHÆÐ

Frum

Rúmgóð 106 fm 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í nýlegu 5 íbúða fjölbýli. Hol, stofa, eldhús með borðkrók, 3 herbergi, baðherbergi og þvottahús innan íbúðar. Útgengi á 40 fm afgirta verönd. Flísar á aðalgólfum. Stutt í skóla, leikskóla, verslanir o.fl. **Verð 27,9 millj.**

Fasteignasalan BYGGÐ
Strandgötu 29 Akureyri
Sími 464 9955 • Fax 464 9956
www.byggd.is

OPIÐ HÚS - Veghús 23, íb 101 - 112 Rvík
Sunnudaginn 14.10. milli kl. 15 og 16

Frum

Einstaklega glæsileg tveggja herbergja íbúð á jarðhæð í fjölbýli. Íbúðin er í mjög góðu ásigkomulagi, parket og flísar eru á öllum gólfum, innréttingar eru sprautulakkaðar. Úr stofu er gengið út á stóran pall.

Allar frekari upplýsingar veitir Björn í síma 897 7832

Björn Guðmundsson, löggiltur fasteignasali

Klettur fasteignasala
Skeifunni 11

Sigurður Hjaltested löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS Í DAG Á MILLI 14:00 – 14:30
ÆSUFELL 6, BJALLA 1E
SVAVAR HRAFN SÝNIR EIGNINA S. 696 1388

3ja herbergja 96 fm íbúð á 2. hæð í töluvert endurnýjuðu húsnæði að sögn eiganda. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús sem er opið inn í stofu, bjarta og rúmgóða stofu og borðstofu, hjóna og barnaherbergi og baðherbergi sem nýlega hefur verið tekið í gegn.

Frum

OPIÐ HÚS Í DAG Á MILLI 15:00 – 15:30
AUSTURBRÚN 37, ÖNNUR HÆÐ
SVAVAR HRAFN SÝNIR EIGNINA S. 696 1388

Um er að ræða 3ja herb. rúmlega 112 fm. sérhæð á 2. hæð með sérinngangi í 3ja hæða húsi við Austurbrún. Forst. með flísum og fataskáp. Komið inn í gott hol með flísum og fataskáp. Úr holi er gengið í allar vistaverur íbúðarinar. Eldhús með parketi og nýl. hvítri innréttingu og góðum borðkrók. Baðh. er ný tekið í gegn með flísum á gólfi og flísaplötum á veggjum baðkar og sturtuaðstöðu. Hjónah. með dúk og fataskáp útgengt er út á svalir. Barnah. er með parketi. Stofan og borðst. eru saml. með teppum. Bílskúrinn er stór og góður 40,5 fm með heitu og köldu vatni og rafmagni. Á fyrstu hæð hússins er þv.herb. og stór sérgeymsla. **Ásett verð 34,9 millj.**

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

ENNEMM / SÍA / NM53079

Lundur 1

Fossvogsdalnum í Kópavogi

REYNSLA • FAGMENNSKA • METNAÐUR

BYGG
bygg.is

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
BORGARTÚNI 31

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐI 27
Sími 594 5000
akkurat.is

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegu álklæddu fjölbýlishúsi í Lundi 1 í Kópavogi. Íbúðirnar eru frá 120-160 fm og flestar með góðu útsýni. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Lundur er án vafa ein glæsilegasta staðsetning íbúðabyggðar á höfuðborgarsvæðinu enda skapa Fossvogurinn, Öskjuhlíðin og rómaðar gönguleiðir gott jafnvægi milli byggðar og náttúru. Hverfið er skipulagt með sex kjörnum og milli þeirra verða stór græn svæði. Stutt er í margvíslega þjónustu, afþreyingu og menningu, s.s. Smáralind, Kringluna, Salinn og Gerðarsafn.

LEIKURINN ER HAFINN!

DRAUMADEILD EGILS GULL

Enski boltinn er farinn að rúlla...

Spilaðu með frá byrjun og settu saman þitt draumalið í enska boltanum!

Glæsileg verðlaun í boði fyrir bestu þjálfarana:

1. verðlaun:
   100.000 kr ferðaávísun + stór glaðningur frá Egils Gull
2. verðlaun:
   PS3 leikjatölva + glaðningur frá Egils Gull
3. verðlaun:
   Gjafabréf frá Argentínu Steikhús

Auk fullt af aukavinningum frá Egils Gull og Ölgerðinni

Auglýsandi: ÖES

www.visir.is/draumadeild

VÍSIR.IS

LÍÐARENDA

eiðarsson er kennari. Allir eiga þeir það þó sameigin-nni og með fyrirliðabandið á upphandleggnum. Vignir

hlustir. Þeir þrír fyrstnefndu mynduðu

SPORT/VALLI

útvarpið og hlustaði á beinar lýsingar frá leikjunum. Allt landsbyggðarfólk hélt með Val eða Fram og spennan var sérstaklega óbærileg 1985," segir Sigurbjörn, en það ár háðu erkifjendurnir eftirminnilega baráttu um Íslandsmeistaratitilinn. Valur hafði betur á endanum, eftir að hafa verið um tíma 11 stigum á eftir Fram, og fyrirliðinn Grímur lyfti Íslandsmeistarabikarnum eftir lokaumferðina. Í kjölfarið lagði hann skóna á hilluna og Þorgrímur tók við fyrirliðabandinu. Á þessum tíma spilaði Guðmundur með liði Baden í Sviss en hann hætti knattspyrnuiðkun árið 1987.

En hver af ykkur var besti leikmaðurinn?

„Gummi var langbestur," segir Þorgrímur án þess að blikna. Sigurbjörn og Grímur kinka kolli. „Geta snýst um hæfileika og hvað hæfileika varðar hafði Gummi yfirburði," segir Grímur.

MÓTLÆTIÐ ENDURSPEGLAR

Fjórmenningarnir eru vongóðir um að ný lota, ekki ósvipuð þeirri sem var uppi á teningnum frá 1976-1987 þegar barátta um Íslandsmeistatitilinn var árlegur viðburður, sé í vændum á Hlíðarenda. Ný gullaldarár, ef svo má að orði komast.

„Það eru allar forsendur til þess. Öll umgjörð og aðstaða hjá félaginu er fyrsta flokks og við finnum fyrir þessum siguranda. Það hefur myndast öflugur kjarni í leikmannahópnum og við erum sannfærðir um að við getum haldið dampi," segir Sigurbjörn.

Grímur segir félagið vera komið aftur á þann stað sem það á að vera. „Valur hefur gengið í gegnum gríðarlegt mótlæti síðasta áratuginn og það hefðu líklega margir bognað við minna. En starfið sem unnið hefur verið til að koma liðinu á réttan stall er með ólíkindum. Það býr ótrúleg seigla í félaginu," segir Grímur.

„Besti mælikvarðin á styrk er ekki velgengnin heldur mótlætið, og hvernig tekist er á við mótlætið. Ég held að Valur sé búinn að sýna það og sanna að þótt hann nálgist 100 ára aldurinn óðfluga hefur hann aldrei verið öflugri. Það er björt tíð í vændum," segir Grímur.

Guðmundur Þorbjörnsson fékk einstaka knattspyrnuhæfileika í vöggugjöf.

Þorgrímur Þráinsson bregður á leik með bikarinn árið 1987.

Grímur Sæmundsen var einn besti varnarmaður úrvalsdeildarinnar um árabil.

Fjórmenningunum þykir vænt um gömlu góðu stúkuna við gamla heimavöll Valsmanna á Hlíðarenda. Nú hefur verið sett gras á gamla malarvöllinn nær höfuðstöðvunum og munu meistaraflokkar félagsins spila heimaleiki sína þar frá og með næsta ári. SPORT/VALLI

TM styður kvennaknattspyrnu

BÖLVUNIN OG DÝIR SPÁMENN

Boltinn í Suður-Evrópu: Einar Logi Vignisson

Októberbölvunina nefna Spánverjar það þegar sláturtíð þjálfara hefst að hausti. Í október fær alltaf einn þjálfari að fjúka og sá fyrsti þetta árið var Abel Resino, þjálfari Levante, sem situr snautlega á botni deildarinnar með aðeins eitt stig. Við starfi hans tekur ítalski þjálfarinn Giovanni De Biasi, þrautreyndur boli sem hefur náð að halda smáliðum í Serie A. Levante er hálfgerð litla-Ítalía því helstu leikmenn liðsins eru Ítalirnir Damiano Tommasi, Bruno Cirillo, Marco Storari og Christian Riganó.

Michael Laudrup fær eitthvað meiri þolinmæði hjá Getafe þótt stig Madrídardvergliðsins séu ekki nema tvö enda Laudrup nýtekinn við liðinu. Og gæti lifað á fornri frægð sem leikmaður enda kosinn besti erlendi leikmaðurinn á Spáni á síðasta aldarfjórðungi tuttugustu aldar. Michelino er töluvert dáðari en Bernd Schuster, forveri hans hjá Getafe sem flutti sig um set í höfuðstaðnum og hefur leitt Real Madrid til hásætis í deildinni.

En það eru ekki þjálfararnir sem mesta athygli hafa vakið á Spáni í haust heldur argentínsku nýstirnin Lionel Andrés Messi og Sergio „el Kun" Agüero. Þeir eru markahæstir í deildinni með sex mörk og margt líkt með þessum smávöxnu framherjum sem voru lykilmenn þegar Argentína varð heimsmeistari landsliða undir 20 ára. Báðir skoruðu mark með hendi á síðustu leiktíð, hönd Guðs auðvitað eins og Maradona, og sitthvað fleira er hægt að yfirfæra á meistara Maradona. Messi er þó bráðgerri og í betra liði þar sem ljósið skín skærar. Og fyrirsagnirnar hættar að ganga út á nýi Maradona þetta og hitt og meira lagt út frá Messíasartengingum sem hægt er að mynda úr nafni hans. Messi er ekki lengur sauðtryggur aðstoðarmaður hinna stjarnanna og sennilega hefur enginn í heimsboltanum slegið honum við í haust. Barcelona fer vel af stað og stefnir í einvígi við Real Madrid sem aðrir virðast ekki ætla að blanda sér í. Telja flestir að eina liðið sem geti átt séns sé einmitt Atlético Madrid, nái liðið vopnum sínum eftir miklar breytingar á leikmannahópnum í sumar. Aurarnir fyrir Fernando Torres voru vel nýttir og Jose Antonio Reyes, Simao Sambrosa og Diego Forlan hafa allir staðið sig vel. En liðið á langt í landa, Barca slátraði Atlético á dögunum og væntingarnar til Agüero kannski fullmiklar. Nýr Maradona eða Messi er ekki á hverju strái hverju sem líður messíasarkomplexum fyrirsagnasmiðanna.

MIKLU BETRI EN BECKHAM

Wesley Sneijder gegnir í raun nákvæmlega sama hlutverki hjá Real og David Beckham gerði áður. Hann spilar oftast á hægri kantinum og tekur flestar horn- og aukaspyrnur liðsins. SPORT/AFP

Hann spilar í treyju númer 23, tekur framúrskarandi aukaspyrnur, sendir auðveldlega 50 metra stoðsendingar og er þegar orðinn dáður og dýrkaður af aðdáendum Real Madrid. Hann heitir Wesley Sneijder og hefur slegið í gegn á tímabilinu.

EFTIR HJALTA ÞÓR HREINSSON

Wesley Sneijder er í guðatölu hjá stuðningsmönnum Ajax og hefur á aðeins nokkrum vikum orðið uppáhald stuðningsmanna Real Madrid. SPORT/AFP

Wesley Sneijder var af mörgum stimplaður sem arftaki Davids Beckham þegar hann kom til Real í sumar og héldu flestir að sá hollenski myndi eiga erfitt uppdráttar við að standast slíkan samanburð. En Sneijder hefur sneitt allt slíkt tal framhjá sér og einbeitir sér að sínum leik. „Ég er ekki að reyna að koma í staðinn fyrir einn eða neinn, síst af öllu Beckham," sagði Sneijder við komuna til Real. Samanburðurinn varð þó ekki umflúinn og hafa spænsku blöðin verið mjög dugleg að líkja þeim saman. Í stuttu máli má segja að niðurstaðan sé einföld: Sneijder er miklu betri en Beckham.

Dagblaðið Marca bauð upp á fyrirsögnina „Maradonian" eftir sigur Real Madrid á Villarreal í upphafi tímabilsins og gaf þannig til kynna hve góður Sneijder hefði verið í leiknum. Það er ekkert smá hrós. Kannski líkar Sneijder betur að vera líkt við Argentínumanninn en David Beckham?

Bernd Schuster, stjóri Real, gerði grín að öllum samanburðinum við Beckham og sagði: „Sneijder minnir mig á annan ljóshærðan miðjumann sem spilaði áður fyrr með Real Madrid – hann var ekki slæmur heldur." Schuster var þar að tala um sjálfan sig. Fjölmiðlar á Spáni gera nánast lítið úr Beckham og segja hann þegar gleymdan í Madrídarborg; liðið sé þegar búið fá nýjan „Galactico".

GRÍÐARLEGA FJÖLHÆFUR

Eins og áður segir hefur Sneijder slegið í gegn á Spáni og verið að öðrum ólöstuðum einn allra besti leikmaður deildarinnar hingað til. Hann er knár þótt hann sé smár, aðeins 1,70 metrar. Hann er einnig með frábæra yfirsýn yfir völlinn og stelur mörgum boltum af andstæðingum sínum. Þá eru föst leikatriði hans vís til að skapa hættu en hann er nánast jafnfættur. Snöggur, áræðinn, með góð skot og frábæra tækni sem gerir hann að stórhættulegum leikmanni sem var eitt sinn talinn efnilegasti leikmaður Evrópu. Í dag er hann á meðal þeirra bestu.

UMMÆLI



„Hann er besti leikmaður sem Real hefur keypt frá því Zidane fór þangað."
Juanfran, leikmaður Real Zaragoza, sem spilaði með Sneijder hjá Ajax.



„Hann er frábær á báðum köntunum, hann getur spilað sem framliggjandi miðjumaður og aftar á vellinum. Hann hefur frábært hugarfar og er sannur sigurvegari."
Frank Rijkaard, stjóri Barcelona, eftir að Sneijder fór til Real Madrid.

„Hann var stressaður í sínum fyrsta leik en hann hefur staðið sig fullkomlega alveg síðan þá. Liðið stendur í þakkarskuld við hann. Það er auðvelt fyrir aðra leikmenn að aðlagast með hann inni á vellinum."
Bernd Schuster, stjóri Real Madrid.

„Hann er alvöru leikmaður, jafnfættur og með frábærar sendingar. Hann getur spilað vel í öllum leikkerfum."
Martin Jol, landi Sneijder og núverandi stjóri Tottenham.

» ÉG ER

Wesley Sneijder

Hæð: 170 cm

Fæddur: 9. júní 1984

Landsleikir: 38 (7 mörk)

Staða: Miðjumaður

Einstaklingsverðlaun:

2004: Efnilegasti leikmaður Hollands

2007: Besti leikmaður Hollands

Titlar: Hollenskur meistari (2004), bikarmeistari (2006 og 2007). Allt með Ajax.

Fyrri félög: Ajax – 55 mörk í 175 leikjum.

Mottó:
„Á hverjum degi er ég ákveðinn í að sýna mitt besta á æfingum til að sannfæra þjálfarann um að ég verði að spila næsta leik."

Vissir þú?
...Sneijder kemur úr mikilli fótboltafjölskyldu. Faðir hans var atvinnumaður, bróðir hans Jeffrey spilar einnig og yngsti bróðirinn, Rodney, er á góðri leið með að verð atvinnumaður.

...Sneijder á svipaða sögu og Marco van Basten. Báðir eru fæddir í Utrecht og enduðu svo hjá Ajax. Van Basten var einn besti leikmaður sögunnar og þjálfar Sneijder í dag í landsliði Hollands.

...Sneijder er stundum kallaður Þolinmóði bolabítúrinn (The patient pitbull). Það er skírskotun í Edgar Davids sem var oft kallaður Bolabíturinn. Viðurnefni landa hans vísar í það hversu meira alhliða, og betri, leikmaður Sneijder er.

ALINN UPP OG MÓTAÐUR HJÁ AJAX

Sneijder fæddist í bænum Utrecht en fór til Ajax aðeins sjö ára gamall og var ekki lengi að vekja athygli á sér í hinu margrómaða unglingakerfi þar. Gamla goðsögnin Danny Blind hreifst af Sneijder og þrýsti mikið á þáverandi stjóra Ajax, Ronald Koeman, að gefa honum tækifæri. Það kom loksins árið 2002 og skemmst er frá því að segja að Sneijder nýtti sér tækifærið vel og leit aldrei til baka. Hann varð fljótlega fyrirliði hjá Ajax og er enn í dag í guðatölu í Amsterdam.

Í unglingakerfi Ajax er leikmönnum kennt að spila margar stöður og á því græddi **Sneijder**. Hann var upphaflega talinn bestur sem kantmaður en í dag er hann allt eins líklegur til að spila sem afturliggjandi miðjumaður eða í hvaða stöðu sem er framar á vellinum.

Hvorki Sneijder sjálfur né Ajax gátu hafnað gylliboði Real Madrid. SPORT/GETTY

TOSHIBA

MARGVERÐLAUNUÐ HÁGÆÐA SJÓNVARPSTÆKI

Ekki missa af þessu!

RISA TOSHIBA SJÓNVARP MEÐ RISA AFSLÆTTI!

47” WLG 66
Full HD 1920 x 1080
ActiveVision
Viðbragðstími: 8ms
2 HDMI tengi

299.000,-

Áður 498.900,-

229.900,-

42“ WL67
Full HD 1920 x 1080 / ActiveVision
Viðbragðstími: 8ms / 2 HDMI tengi

199.000,-

42“ WL66
1366 x 768 / ActiveVision
Viðbragðstími: 8ms / 2 HDMI tengi

169.900,-

37“ WL67
Full HD 1920 x 1080 / ActiveVision
Viðbragðstími: 8ms / 2 HDMI tengi

DVD DR 265

19.900,- DR-265 DVD Recorder
Skrifaðu þína diska!

DVD SD - 38
Myndbandstæki - DVD
DivX/MP3/NTSC/PAL
18.900,-

HD DVD HD - E1

49.900,-
Háskerpu spilari - næsta kynslóð DVD

DVD SD - 370
HDMI tengi
með UPSCALING1080i
DivX/MP3
12.900,-

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • ef@ef.is

Þróun kaupverðs í ensku úrvalsdeildinni

1902 Alf Common frá Sheffield Utd. til Sunderland – 520 pund

Fyrsta salan yfir 500 pund

1905 Alf Common frá Sunderland til Boro – 1.000 pund
Fyrsta salan yfir 1000 pund

1914 Perci Dawson frá Hearts til Blackburn – 2.500 pund
Fyrsta salan yfir 2.500 pund

1922 Syd Puddefoot frá West Ham til Falkirk – 5.500 pund
Fyrsta salan yfir 5.000 pund

1928 David Jack frá Bolton til Arsenal – 10.890 pund

Fyrsta salan yfir 10 þúsund pund

1949 Eddie Quigley frá Sheffield Wednesday til Preston – 26.000 pund
Fyrsta salan yfir 25 þúsund pund

1957 John Charles frá Leeds til Juventus – 65.000 pund

Fyrsta salan yfir 50 þúsund pund

1961 Dennis Law frá Man. City til Torino – 110.000 pund

Fyrsta salan yfir 100 þúsund pund

1977 Kevin Keegan frá Liverpool til Hamburg – 500.000 pund
Fyrsta salan yfir 500 þúsund pund

1979 Trevor Francis frá Birmingham til Nott. Forest – 1.180.000 pund

Fyrsta salan yfir milljón pund

1986 Mark Hughes frá Man. Utd. til Barcelona – 2.300.000 pund

Fyrsta salan yfir 2 milljónir punda

1987 Ian Rush frá Liverpool til Juventus – 3.200.000 pund
Fyrsta salan yfir 3 milljónir punda

1989 Chris Waddle frá Tottenham til Marseille – 4.250.000 pund
Fyrsta salan yfir 4 milljónir punda

1991 David Platt frá Aston Villa til Bari – 5.000.000 pund
Fyrsta salan yfir 5 milljónir punda

1996 Alan Shearer frá Blackburn til Newcastle – 15.000.000 pund

Fyrsta salan yfir 15 milljónir punda

1999 Nicolas Anelka frá Arsenal til Real Madrid – 22.500.000 pund
Fyrsta salan yfir 20 milljónir punda

2001 Juan Veron frá Lazio til Man. Utd. – 28.100.000 pund
Fyrsta salan yfir 25 milljónir punda

2002 Rio Ferdinand frá Leeds til Man. Utd. – 30.000.000 pund
Fyrsta salan yfir 30 milljónir punda

Dreymir um EM í Noregi

Handknattleiksmaðurinn Jaliesky Garcia er kominn á fullt skrið á nýjan leik eftir að hafa slitið krossbönd í hné á síðasta ári. Garcia upplifði erfiðustu tíma ferilsins á meðan á langri endurhæfingunni stóð en leyfir sér nú að dreyma um að spila með íslenska landsliðinu á Evrópumótinu í Noregi á næsta ári.

Eftir Vigni Guðjónsson

Ég er ekki sami leikmaðurinn og áður. Slæm meiðsli hafa áhrif á líkamann en það þýðir samt ekki að ég sé síðri leikmaður. Ég finn lítið sem ekkert fyrir eymslum vegna meiðslanna og myndi telja að ég væri orðinn svona 95% góður. Mér líður mjög vel og hef aldrei haft jafn gaman af því að spila handbolta og nú," segir íslenski landsliðsmaðurinn Jaliesky Garcia, leikmaður Göppingen í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta.

Eftir að hafa slitið krossband í hægra hné í október á síðasta ári og brotið bein í vinstri hendi í ágúst er Garcia loksins orðinn heill heilsu og þykir hann hafa spilað afar vel í síðustu leikjum Göppingen. „Ég bæti við mig nokkrum mínútum í hverjum leik og er farinn að spila allt að 20-30 mínútur í leik. Þjálfarinn tekur enga áhættu með mig og vill auka álagið jafn og þétt. Ég er mjög sáttur við það."

Þann 25. október næstkomandi er eitt ár liðið frá því að Garcia sneri sig illa á æfingu með Göppingen með þeim afleiðingum að krossbandið slitnaði. Garcia fór í aðgerð nokkrum dögum síðar og við tók löng og ströng endurhæfing sem fól í sér sjúkraþjálfun og styrktaræfingar. Garcia segir fyrstu sex mánuði ársins hafa reynst sér afar erfiða. „Það er margt sem fer í gegnum hugann á svona stundum. Það kom fyrir að ég efaðist um að ég myndi spila handbolta nokkurn tímann aftur. Ég held að þeir einu sem átti sig á því andlega álagi sem fylgir því að æfa einsamall í yfir hálft ár séu þeir sem hafa lent í því sjálfir," útskýrir Garcia.

Gefur kost á sér í landsliðið

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari hefur opinberlega lýst því yfir að Garcia hafi verið sárt saknað í verkefnumlandsliðsinsundanfarin misseri. Garcia spilaði síðast fyrir landsliðið á æfingamóti í Póllandi fyrir tæpum tveimur árum, en hann hefur auk þess misst af síðustu þremur stórmótum vegna meiðsla eða persónulegra ástæðna. „Ég hef saknað þess að spila fyrir landsliðið," segir hann. „Það er alltaf öðruvísi að spila með landsliði en félagsliði. Andrúmsloftið er skemmtilegra og það er alltaf gaman að hitta strákana. Auk þess fær maður þá tækifæri til að koma til Íslands," segir Garcia og hlær en hann hefur verið í góðu sambandi við Alfreð allt frá því að endurhæfingin hófst.

„Við ræðum alltaf saman annað slagið og förum yfir stöðuna. Mitt viðhorf gagnvart landsliðinu er ávallt það sama – ef ég er heill heilsu gef ég kost á mér," segir Garcia. Framundan eru æfingabúðir með landsliðinu sem eru fyrsta skrefið í undirbúningnum fyrir EM í Noregi sem fram fer í upphafi næsta árs. Garcia vonast til þess að vera valinn í þann hóp. „Það var hrikalegt að missa af HM í Þýskalandi á þessu ári og það er langt síðan ég fór að hugsa um EM í Noregi. Mig dreymir um að fá tækifæri til að spila þar."

Garcia segir að eitt af því jákvæðasta við að vera valinn í landsliðið sé tækifærið til að koma til Íslands, skoða landið og heilsa upp á vini og kunningja.
SPORT/GVA

Ég er

Jaliesky Garcia
Fæðingardagur: 28. janúar 1975
Hæð: 1,94 cm
Landsleikir: 39
Mörk: 148 (3,8 að meðaltali í leik)

Vissir þú...

... að tilviljun ein réð því að Garcia byrjaði að æfa handbolta, þá níu ára gamall. Handboltaþjálfari kom í skólann hans í smábænum Pinar Del Rio á Kúbu og bað þá sem hefðu áhuga á að æfa íþróttina að rétta upp hönd. Það gerði Garcia, án þess að hafa hugmynd um hvað íþróttin snerist um.

... að Garcia kom til Íslands fyrir tilstilli vinar síns, landsliðsmannsins fyrrverandi Julian Duranona, sem náði að sannfæra forráðamenn HK um að fá Garcia á reynslu. Hann hafði þá ekki æft að viti í um þrjú ár en svo fór að Garcia fékk samning hjá HK.

... að eiginkona Garcia er frá Púertó Ríkó og hefur leikmaðurinn lýst því yfir að hann muni líklegast flytja þangað þegar handboltaferlinum lýkur. Hann hefur þó hug á því að spila sitt síðasta tímabil í handbolta á Íslandi.

Stjarna innan vallar sem utan

Markúsar Mána Michaelssonar, besta leikmenn Íslandsmótsins í fyrra, hefur verið sárt saknað hjá handknattleiksliði Vals það sem af er tímabili í N1-deildinni, en hann hefur lítið sem ekkert æft með liðinu í haust vegna anna í vinnu. Forsvarsmenn Straums, fjárfestingarbankans sem Markús Máni starfar hjá, eru hins vegar í skýjunum með að geta notað krafta hans að fullu. Markús Máni er menntaður viðskiptafræðingur og hefur starfað hjá Straumi frá því hann sneri aftur til Íslands úr atvinnumennsku í fyrra.

„Markús Máni er algjör lykilmaður hjá okkur. Við erum afskaplega fegnir að hafa hann," segir Höskuldur Ari Hauksson, yfirmaður markaðsviðskipta hjá Straumi, en það er sú deild sem Markús Máni starfar hjá. Höskuldur hefur starfað hjá Straumi frá því í apríl en segir Markús hafa heillað sig upp úr skónum frá þeim tíma. „Hann er frábær drengur, öflugur starfskraftur og alveg pottþéttur."

Á handboltavellinum er Markús Máni þekktur fyrir mikinn dugnað og kröftugan leik. Hann þykir mikill leiðtogi á velli og tekur ævinlega af skarið þegar þörf er á. Höskuldur segir að Markús hafi sama mann að geyma í dagvinnunni. „Hann er stjarna, innan vallar sem utan."

Nokkuð er liðið frá því að Markús Máni Michaelsson reimaði á sig skóna í búningsklefa Valsmanna.
SPORT/ANTON

MasterCard

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

Official Sponsor

TVÖ LIÐ, EINN FALLEGUR LEIKUR: ÓMETANLEGT

MasterCard

TUGURINN

stigahæstu leikmenn allra tíma í úrvalsdeild karla í körfubolta

1. Valur Ingimundarson 7.355

Langstigahæsti leikmaður úrvalsdeildarinnar og verður meti hans varla haggað í bráð enda með 2.573 stiga forskot á næsta mann sem er enn að spila. Valur skoraði 18,4 stig að meðaltali í 400 leikjum með Njarðvík, Tindastóli og Skallagrími.

2. Guðjón Skúlason 6.649

Skoraði 16,3 stig að meðaltali í 409 leikjum með Keflavík og Grindavík.

3. Teitur Örlygsson 6.597

Teitur skoraði öll stigin sín fyrir Njarðvík og var með 16,2 að meðaltali í 406 leikjum.

4. Guðmundur L. Bragason 5.655

Skoraði 16,3 stig að meðaltali í 348 leikjum með Grindavík og Haukum frá 1987 til 2004.

5. Jónatan James Bow 4.892

Er stigahæsti Bandaríkjamaðurinn á listanum en hluta af ferli sínum lék hann með tvöfalt ríkisfang. Jónatan var með 22,1 stig að meðaltali í 221 leik fyrir Hauka, KR, Keflavík og Val.

6. Kristinn Friðriksson 4.782

Er stigahæsti leikmaðurinn sem er enn að spila. Kristinn hefur skorað stigin fyrir fimm félög en hann er með alls 15,1 stig að meðaltali í 317 leikjum.

7. Jón Arnar Ingvarsson 4.679

Skoraði 13,8 stig að meðaltali í 340 leikjum með Haukum og Breiðabliki frá 1988 til 2004.

8. Birgir Mikaelsson 4.411

Skoraði 14,0 stig að meðaltali í 316 leikjum á árunum 1980-2001, fyrir KR, Skallagrím, Snæfell og Breiðablik

9. Eiríkur Önundarson 4.179

Eiríkur er að hefja sitt tólfta tímabil í úrvalsdeildinni en hann hefur skorað 15,1 stig að meðaltali í 276 leikjum.

10. Páll Axel Vilbergsson 4.074

Er líklegur til þess að hækka sig á listanum á næstu árum enda enn á besta aldri. Páll Axel hefur skorað 16,4 stig að meðaltali í 248 leikjum.

sport
Útgefandi: 365 miðlar.
Ritstjóri: Vignir Guðjónsson, vignir@frettabladid.is

Forsíðumyndina tók Valli af Guðmundi Þorbjörnssyni, Grími Sæmundsen, Þorgrími Þráinssyni og Sigurbirni Hreiðarssyni.

SPURT OG SVARAÐ

» MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR, VAL

Fædd: 25. júlí 1986
Íþrótt: Fótbolti

Þegar þú varst búinn að skora 34. markið þitt síðasta sumar, flaug einhvern tímann í gegnum huga þinn að þú ættir eftir að skora 38 mörk árið eftir? Aldrei nokkurn tímann.
Muntu skora yfir 40 mörk næsta sumar? Ég get með engu móti sagt til um það.
Kemst íslenska kvennalandsliðið í lokakeppni EM 2009? Alveg pottþétt.
Saknarðu Vestmannaeyja? Já, rosalega mikið. Ég sakna auðvitað fjölskyldunnar en líka friðarins. Í Reykjavík eru allir á fullu og mikið stress. Maður losnar við allt slíkt í Eyjum.
Getur Valur orðið Íslandsmeistari án þín? Að sjálfsögðu.
Var leiðinlegt í Þýskalandi? Já, ógeðslega leiðinlegt. Þjóðverjar eru litlir húmoristar og taka lífinu einum of alvarlega.
Helsti styrkleiki: Góður vinur.
Helsti veikleiki: Þrjóska.
Hápunktur ferilsins: Allir Íslandsmeistaratitlarnir og fyrsti A-landsleikurinn.
Draumaliðið: Kvennalið Manchester United. Verst að það er ekki til.
Ef þú værir síamstvíburi, hvern vildirðu helst hafa fastan við þig? Karítas, bestu vinkonu mína. Við erum perluvinir, höfum aldrei rifist og ég veit að ég gæti verið föst við hana.

Morgunmatur: Venjulegt Cheerios.
Hvor er betri, þú eða Ásthildur Helgadóttir? Hei, þetta er ósanngjörn spurning. No comment.
Erfiðasti andstæðingur: Bandaríska A-landsliðið.
Besta ráðið: Mamma og amma kenndu mér að koma fram við aðra eins og ég vil að aðrir komi fram við mig.
Bíll: Ég ek um á Toyota Auris, en á hann ekki. Það er ótrúlega góður bíll en ég myndi samt kaupa mér BMW ef ég ætti pening.
Ef báðir leikirnir færu fram á sama tíma, úrslitaleikurinn á HM karla og úrslitaleikurinn á HM kvenna, hvorn myndirðu horfa á? Sem kona yrði ég að horfa á úrslitaleik kvenna. Annars myndi ég stilla upp tveimur sjónvörpum hlið við hlið og horfa á þá báða.

Besti leikmaður heims í kvennaflokki: Marta frá Brasilíu og Kelly Smith frá Englandi.
Besti leikmaður heims í karlaflokki: Ronaldo.
Hver er kynþokkafyllstur? Justin Timberlake.
Áttu kærasta? Hmmm.... No comment.
Ef þú værir ekki fótboltakona: Þá væri ég handboltakona.
Besta vinkonan í boltanum: Get ekki gert upp á milli stelpnanna í Val. Við erum eins og ein stór fjölskylda.
Ef þú gætir spilað með hvaða leikmanni sem er: Ég myndi velja Mörtu í kvennaflokki og síðan myndi ég alveg þiggja sendingarnar frá David Beckham.
Eftir fimm ár verð ég.... Vonandi búin að spila í lokakeppni EM. Ég verð að spila með einhverju öflugu atvinnumannaliði úti í heimi með rosalega góða leikmenn mér við hlið. Það er síðan óskandi að ég verði á einhverjum góðum stað þar sem ég er hamingjusöm.

» EKKI PLÁSS FYRIR ALLA JEPPANA

Svona lítur Hummerinn út sem Wayne Rooney keypti sér fyrir skemmstu.

Framkvæmdir standa nú yfir á bílastæði leikmanna, þjálfara og starfsmanna á æfingasvæði Manchester United. Ástæðan fyrir framkvæmdunum er einföld - ekki er lengur pláss fyrir tryllitæki leikmanna liðsins á þeim bílastæðum sem fyrir eru.

Flestir leikmanna liðsins eru milljónamæringar og hefur það orðið að hálfgerðu tískufyrirbæri á meðal knattspyrnumanna í Englandi að fara ferðir sínar um á jeppa. Og því stærri sem hann er, því betra.

Sóknarmaðurinn Wayne Rooney á stærsta bílinn hjá Manchester United, 2007 árgerð af Hummer H2. Slíkt tryllitæki kostar tæpar 10 milljónir króna, sem er örlítið minna en það sem Rooney fær í vikulaun. Gary Neville og Ryan Giggs aka báðir á Range Rover jeppum og þá fjárfesti Cristiano Ronaldo nýlega í Bentley Continental sem er sportbíll, en er þó yfir tveir metrar á breidd.

„Ástandið er súrrealískt. Strákarnir eru nánast í keppni um hver á stærsta bílinn. Hver veit hvað kemur næst," sagði ónefndur starfsmaður æfingasvæðisins við eitt bresku götublaðanna.

Bílastæðin á æfingasvæði Man. Utd. eru stór - en ekki nógu stór.

JDC bílar er viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili fyrir Dodge / Chrysler / Jeep / New Chrysler LLC

Vinnustofan | október 2007

FRUMSÝNING

DODGE NITRO

2,8 L diesel / 4,0 L bensín

Frumsýnum Dodge Nitro 2007 - evrópugerð í sýningarsal okkar að Krókhálsi 4.

Einnig erum við með fjölda annarra bíla í sýningarsal frá Jeep, Dodge og Chrysler, m.a. Jeep Commander – diesel, Jeep Grand Cherokee – diesel, Dodge Avenger og Chrysler 300C.

KÍKTU VIÐ OG REYNSLUAKTU!

VIÐ ERUM HÉR, Á EFRI HÆÐ HARÐVIÐARVALSHÚSSINS!

Opnunartími:

Mánudaga - föstudaga
10 - 18

Laugardaga
10 - 14

JDC bílar hf.
Krókhálsi 4
110 Reykjavík
Sími: 540 6700
jdc@jdc.is
www.jdc.is

MAX RAFTÆKI

1.489 kr.

Nýtt á CD

Sprengjuhöllin



Philips

Philips 200WS8FB
- 20" LCD skjár - svartur
- Svartími: 5ms
- Upplausn: 1680x1050
- Skerpa: 800:1 (contrast)
- Birtustig: 300dc/m2
- DVI og VGA tengi

29.989 kr.
Fullt verð 34.989

Gæðastæða

Philips MCM275
- 2x10w míkrósamstæða
- Geislaspilari með MP3
- Stafrænt FM útvarp með 40 stöðvaminnum
- Dynamic Bass Boost
- Digital Sound Control
- Klukka með vekjara og svefnrofa
- Aux inngangur og heyrnartólstengi
- 2-way Bass Reflex hátalarar
- Fjarstýring

19.989 kr.
Fullt verð 22.989

Fartölva

Acer Aspire 5633WLMi-1G80
- 1.67Ghz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
- 1GB vinnsluminni, 80GB harðdiskur
- DVD+/-RW skrifari, 15,4" CrystalBrite skjár (1280x800)
- Intel GMA950 128MB skjákort
- Þráðlaust a/b/g netkort
- Windows Vista Home Premium

84.989 kr.
Fullt verð 109.989

Tökuvél

Sony DCRSR30
- Stafræn tökuvél
- 30GB harður diskur
- 20x Optical linsa
- Night Shot möguleiki
- 2,5" LCD skjár
- Fjarstýring fylgir

49.989 kr.
Fullt verð 59.989

GSM sími

Nokia E50
- Nettur farsími í E-línunni
- Biðtími allt að 230 klst.
- 262,144 skjálitir
- Skjástærð 240 x 320 dílar
- Taltími allt að 7 klst.
- Með eða án myndavélar
- Þyngd 104 gr
- 70MB minni
- Micro-SD rauf (allt að 2GB)



19.989 kr.
Fullt verð 29.989

Þvottavél

Siemens WXLP162A
- 1600 snúninga 6kg þvottavél
- Tekur 6kg í þvott
- Rafeindastýrður/mekanískur kerfisveljari
- Hraðkerfi ullarvagga
- Þvottahæfni A
- Orkunýting A
- Vinduhæfni A

69.989 kr.
Fullt verð 99.989

Bakarofn

Scandomestic XO5500
- 61 lítra stál ofn til innbyggingar
- 1900w grill
- 850w efra element - 1200w neðra
- Mál í sm (hxbxd): 59,5x59,5x58
- Glerhurð
- Orkunýting B

29.989 kr.
Fullt verð 34.989

Kæliskápur

Scancool SFA55
- 85 sm kæliskápur
- Kælir 120 lítra
- Glerhillur
- Grænmetisskúffa
- Orkunýting A
- Mál (hxbxd: 85x55x57

22.989 kr.
Fullt verð 26.989

Myndavél

SONY DSCW50
- Stafræn myndavél
- 6 milljón punkta uppl.
- 2,5" LCD skjár
- 3x Optical
- 6x Digital zoom
- Carl Zeiss linsa
- Hreyfimyndataka
- USB tenging
- 32MB minni innbyggt

16.989 kr.
Fullt verð 28.989

Ryksuga

Panasonic MCCL673
- 2100w pokalaus ryksuga
- 380w sogkraftur
- HEPA Filter kerfi
- Gúmmíhjól
- 2 fylgihlutir
- 6.5 m snúra

14.989 kr.

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19. **Fim. 11-22.**
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær tækjakaup

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
Við erum beint á móti IKEA

MAX

Með bílinn handa þér

Enn meiri ánægja?

Enn meiri akstursánægja þökk sé BMW EfficientDynamics tækninni

Minni eldsneytisnotkun þökk sé BMW EfficientDynamics tækninni

Nýja BMW 1 línan. Einfaldlega fallegur bíll.

Gengur illa að finna sparneytin bíl með þróttmikla eiginleika? Leitinni er lokið, þökk sé nýju BMW 1 línunni og **byltingarkenndu EfficientDynamics tækninni.** Þessi nýstárlega nálgun hjá BMW dregur úr eldsneytisnotkun án þess að það komi niður á akstursánægjunni, sem er okkar á milli sagt ótrúleg frammistaða. Ný fjögurra strokka vél, ný lagskipt High Precision innspýting, nýtt rafstýri, nýr BER rafall sem virkjar **bremsuaflið og sjálfvirk start-stopp stilling minnkar í samstilltu átaki notkunina um 1 lítra á 100 km.** Komdu og upplifðu skemmtun eins og hún gerist best. Komdu í spar-reynsluakstur.

Verð frá kr. 2.650.000

Nýja
BMW 1 línan

www.bmw.is

Sheer
Driving Pleasure

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is

Langt í land í Afganistan

Forysta Atlantshafsbandalagsins álítur friðargæzlu- og uppbyggingarverkefni þess í Afganistan prófstein á að bandalagið standist kröfur 21. aldar. Í grein *Auðuns Arnórssonar* kemur fram að blikur eru á lofti hvort NATO reynist unnt að standast þessa prófraun.

Á nýafstöðnum ársfundi Þingmannasambands NATO, sem fram fór í Laugardalshöll, var verkefni Atlantshafsbandalagsins í Afganistan eitt af þeim málum sem mest voru rædd, enda hefur framkvæmdastjóri bandalagsins, Jaap de Hoop Scheffer, lýst því yfir að verkefnið þar sé prófsteinn á hvort NATO sé fært um að standa undir þeim væntingum sem 21. öldin gerir til öflugasta hernaðarbandalags heims.

SANDBLÁSNIR HERMENN Eitt mesta vandamálið sem liðsskortur fjölþjóðaliðsins veldur er að það getur ekki haldið svæðum sem það „hreinsar" af skæruliðum. Þeir snúa þangað jafnharðan aftur og íbúarnir þora ekki að sýna Kabúl-stjórninni hollustu. NORDICPHOTOS/AFP

Sex ár frá innrás

Síðastliðinn sunnudag voru rétt sex ár síðan hernaðaríhlutun vesturveldanna í Afganistan hófst með sprengjuárásum Bandaríkjahers á stöðvar talibana sem þá stjórnuðu landinu, en Bretar og fleiri bandamenn tóku síðan þátt í innrásinni. Í samstilltri sókn innrásarliðsins og afganska Norðurbandalagsins voru talibanar (og erlendir liðsmenn al-Kaída sem störfuðu í skjóli þeirra) á innan við tveimur mánuðum hraktir á flótta upp í fjöllin næst landamærunum að Pakistan, þaðan sem þeir stunda skæruhernað enn þann dag í dag.

Þessi skæruhernaður hefur færzt í aukana á þessu ári. Yfir 5.000 manns hafa fallið í þeim átökum það sem af er árinu, en það er mesta mannfall sem orðið hefur á einu ári frá því innrásin var gerð. Allt árið í fyrra féllu um 4.000 manns. Flestir hinna föllnu teljast vera uppreisnarmenn gegn hinni kjörnu ríkisstjórn Afganistans, sem Hamid Karzai forseti fer fyrir, og „Alþjóðlega öryggisaðstoðarliðinu", ISAF, eins og fjölþjóðaliðið sem NATO stýrir nefnist formlega.

Lýst eftir liðsauka

Tæplega 35.000 manns þjóna nú undir merkjum ISAF í Afganistan. Þessi liðsafli á mjög erfitt með að uppfylla það metnaðarfulla hlutverk sem honum er ætlað við að tryggja öryggi, sinna friðargæzlu og uppbyggingarstarfi í landinu, enda er framkvæmdastjórinn de Hoop Scheffer stöðugt að þrýsta á bandalagsþjóðirnar að leggja meira af mörkum til að bæta horfur á árangri.

Hann ítrekaði þessa áskorun sína í ávarpinu í Laugardalshöll á þriðjudaginn. Daginn áður hafði hann minnt á hana er hann kom við í Kaupmannahöfn á leiðinni til Íslands, og danski forsætisráðherrann Anders Fogh Rasmussen tók undir með honum og sagði það vera „gríðarlega mikilvægt að við [bandalagsþjóðirnar í NATO] fylgjum skuldbindingum okkar eftir; við megum ekki láta Afganistan aftur verða hryðjuverkamönnum skjól."

Danir juku í september framlag sitt til ISAF úr 440 hermönnum í 600. Þeir eru flestir á vettvangi í Helmand-sýslu í suðurhluta landsins, en þar hafa skæruliðar haft sig einna mest í frammi. Tveir Danir féllu í árás talibana á herbúðir þeirra í Helmand fyrir skemmstu. Ýmsar aðrar þjóðir, sem lagt hafa ISAF til liðsafla, hafa gert það með margvíslegum skilyrðum, svo sem að þeirra hermenn taki ekki þátt í aðgerðum í Suður- og Austur-Afganistan, þar sem hættan er mest á að lenda í beinum átökum við skæruliða.

Nú í vikunni var framlag Þjóðverja til ISAF til umræðu á þýzka þinginu, en fram til þessa hafa Þjóðverjar lagt áherzlu á að taka ekki þátt í hernaðarlegum árásaraðgerðum, heldur aðeins eiginlegri friðargæzlu. Henni hafa þeir sinnt í Norður-Afganistan, þar sem miklu friðvænlegra hefur verið en í suðurhlutanum. Þingið samþykkti á föstudag að framlengja þátttöku þýzka hersins í ISAF, en í umræðunni fyrir atkvæðagreiðsluna kom skýrt fram að Þjóðverjar vilja hafa skýra aðgreiningu milli friðargæslu- og uppbyggingarhlutverks ISAF-fjölþjóðaliðsins annars vegar, og hins vegar „Operation Enduring Freedom" (OEF); bandaríska herliðið í Afganistan starfar í umboði þeirrar áætlunar sem er hluti af hnattrænu „stríði" bandarískra stjórnvalda gegn hryðjuverkum.

Plástur á svöðusár

Einn af herforingjum ISAF í Kabúl hefur látið hafa eftir sér að fjölþjóðaherliðið yrði að hafa minnst 160.000 mönnum á að skipa til að geta uppfyllt hlutverk sitt með árangursríkum hætti um allt Afganistan. Í skýrslu sendinefndar NATO-þingsins, sem heimsótti Afganistan í byrjun september, segir að það þyrfti 800.000 hermenn til að hafa jafnöfluga nærveru í Afganistan og bandalagið hefur haft í Kosovo. Bruce Riedel, sem var fulltrúi í bandaríska Þjóðaröryggisráðinu til ársins 2002, þykir vera skömm að því að bandalagsþjóðirnar skuli ekki hafa reynzt viljugar til að leggja meira af mörkum en raun ber vitni. „Til uppbyggingar lands, sem hefur sætt stanzlausu stríði og eyðileggingu í aldarfjórðung, eyðum við minna fé á hvern íbúa en í Bosníu eða á Haítí," hefur Der Spiegel eftir Riedel. „Við reynum að binda um svöðusár með plástri," bætir hann við.

Eitt höfuðmarkmið uppbyggingarstarfsins hefur verið að byggja upp afganska stjórnarherinn og lögregluna, enda ljóst að það væri uppskrift að hörmungum ef erlenda herliðið hyrfi af vettvangi áður en stofnanir afganska ríkisins – einkum og sér í lagi herinn og lögreglan – eru færar um að standa á eigin fótum og verjast féndum í eigin landi. Uppbygging stjórnarhersins hefur gengið brösulega. Þótt yfir 30.000 manns hafi nú fengið þjálfun til þjónustu í honum kvað ekki vera nema lítill hluti þess fjölda tiltækur. Fátækt og spilling valda því að vopn sem stjórnarhernum eru send lenda gjarnan á svartamarkaðnum. Lögreglumenn eru uppáhaldsskotmark skæruliða og hafa hundruð þeirra látið lífið í árásum talibana. Spilling er viðvarandi í innanríkisráðuneytinu; sagt er að það kosti allt að 150.000 dollara að kaupa héraðslögreglustjóraembætti. Sá sem embættið hlýtur er svo fljótur að hala þann kostnað aftur inn með því að beita liði sínu til að rukka fólk.

Klofin afstaða almennings

Almenningur í flestum evrópsku NATO-ríkjunum er mjög klofinn í afstöðu sinni til íhlutunar NATO í

Fjölþjóðaherlið NATO í Afganistan

Framkvæmdastjóri NATO hefur skorað á bandalagsríkin að leggja til fleiri hermenn og meiri búnað til fjölþjóðaherliðsins ISAF. Yfirlit yfir liðsframlag til ISAF samkvæmt upplýsingum úr höfuðstöðvum þess í Kabúl.



Dan K. McNeill
Bandar. hershöfðingi
35.000 ISAF-hermanna

Lönd utan NATO sem leggja ISAF til lið	
Ástralía	900
Svíþjóð	350
Nýja-Sjáland	150
Albanía	150
Makedónía	130
Króatía	110
Finnland	100
Aserbaídsjan	20
Írland	7
Austurríki	3
Sviss	2

Bandaríkin	15.000
Bretland	6.700
Kanada	3.000
Þýskaland	2.900
Ítalía	2.600
Holland	1.300
Tyrkland	1.200
Frakkland	1.000
Pólland	950
Spánn	700
Rúmenía	550
Danmörk	500
Noregur	450
Búlgaría	400
Belgía	300
Ungverjaland	300
Tékkland	230
Litháen	200
Portúgal	200
Grikkland	150
Eistland	130
Lettland	80
Slóvakía	70
Slóvenía	60
Ísland	10
Lúxemborg	10

Mynd: AFP
© GRAPHIC NEWS

➜ ALÞJÓÐLEGA ÖRYGGISAÐSTOÐARLIÐIÐ

Hinn 20. desember 2001 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna að sett yrði á fót „Alþjóðlega öryggisaðstoðarliðið í Afganistan", ISAF. Í fyrstu skiptust vissar NATO-þjóðir á um að fara fyrir liðinu, en árið 2003 tók bandalagið sjálft að sér að stýra því.

Nú þjóna í ISAF tæplega 35.000 manns og koma þeir frá alls 37 löndum þar sem 11 lönd utan NATO leggja verkefninu einnig lið. Langflestir ISAF-liðar eru hermenn, en sumir eru lögreglumenn, flugumferðarstjórar eða aðrir borgaralegir sérfræðingar.

Samkvæmt upplýsingum frá höfuðstöðvum ISAF í Kabúl frá því nú í september eru níu Íslendingar skráðir liðsmenn ISAF, en samkvæmt því sem fram kemur á vef Íslensku friðargæslunnar eru þeir alls fjórtán – níu við rekstur Kabúl-flugvallar, þrír í höfuðstöðvum ISAF í Kabúl og tveir þróunarfulltrúar í endurreisnar- og uppbyggingarsveit (PRT) í Chagcharan í Ghor-héraði í vesturhluta landsins.

Afganistan. Með tilliti til þessa hvatti de Hoop Scheffer í ræðu sinni á NATO-þinginu þingmenn í bandalagsríkjunum til að beita sér til að upplýsa almenning í hverju landi um að aðgerðir NATO í Afganistan snúist í raun um að verja eigin öryggishagsmuni viðkomandi NATO-þjóðar á tímum hnattvæðingar.

Ekki voru þó allir þingfulltrúar jafnmóttækilegir fyrir þessari áskorun framkvæmdastjórans. Einn fulltrúinn lagði til við fréttamann, að hann spyrði de Hoop Scheffer hvernig væri að vera fyrsti framkvæmdastjóri bandalagsins í sögu þess sem sæti uppi með að bíða ósigur í verkefni sem bandalagið hefði ráðizt í.

Þetta viðhorf þingfulltrúans endurspeglar að ein aðalástæðan að baki því að jafn illa skuli hafa gengið og raun ber vitni að fá bandalagsríkin til að senda þann búnað og liðsafla til Afganistan sem NATO hefur óskað eftir, er að ekki ríkir pólitísk samstaða um matið á því sem sá liðsafli geti komið til leiðar. Margir þingmenn virðast hikandi við að samþykkja að fleiri hermenn úr þjóðherjum þeirra verði sendir á vettvang við Hindukush-fjöll nema fyrir liggi áætlun um lok verkefnisins – „exit strategy“ eins og það er kallað.

Hugur og hjörtu ekki auðunnin

Reynslusögur af vettvangi í Afganistan hafa einnig tvímælalaust haft áhrif á viðhorf þingmanna. Reynslan hefur sýnt að mjög snúið er fyrir erlent herlið – sem kom sem innrásarlið inn í landið þótt það njóti stuðnings kjörinna stjórnvalda – að vinna „hug og hjörtu“ afgansks almennings. Að byggja skóla og aðra félagslega innviði sem miða að því að bæta líf fólksins er jafnvel ekki til þess fallið að ná þessu markmiði. Dæmi eru um að talibanar auki áhrif sín meðal heimamanna með því að sprengja skóla sem byggðir hafa verið fyrir tilstuðlan hinna erlendu „trúleysingja“.

Þá hafa hjálparliðar frá NATO-löndum, sem hafa til að mynda unnið að því að þjálfa afganska lögreglumenn, fórnað höndum þegar þeir verða vitni að því að um leið og þjálfuninni er lokið beita þessir nýþjálfuðu lögreglumenn hamslausu ofbeldi gegn varnarlausum borgurum – eða þá gerast umsvifalaust liðhlaupar og ganga til liðs við héraðsstríðsherra, ópíumbaróna eða jafnvel skæruliða talibana. Að heróínframleiðsla, sjálfsmorðsárásir og gíslatökur skuli stöðugt færast í aukana endurspeglar líka hve illa Kabúl-stjórnin og hið erlenda stuðningslið hennar ræður við ástandið í landinu.

Í skýrslu sendinefndar NATO-þingsins, sem vitnað er til hér að framan, segir að mikilvægasta forsendan fyrir því að verkefni NATO í Afganistan skili árangri sé að bandalagið setji sér og hrindi í framkvæmd „þaulhugsaðri, ítarlegri sýn á verkefnið sem samstaða sé um og tryggt að fái það fé, búnað og liðsafla sem þörf er á.“ Varnarmálaráðherrar bandalagsins ræða málið síðar í þessum mánuði en horfur eru á að ekki verði neinar grundvallarbreytingar á því hvernig NATO sinnir verkefni sínu í Afganistan fyrr en hugsanlega annað verður ákveðið á leiðtogafundi bandalagsins í Búkarest í vor.

STUÐ MILLI STRÍÐA Borgir drauma og ótta

ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR ER ÁSTFANGIN AF PARÍS

Síðustu helgi eyddi ég í borg ástarinnar, París, og gisti í lítilli íbúð þar sem hægt var að horfa á Eiffelturninn lýsa upp himininn á kvöldin. Ég held að París sé kölluð borg ástarinnar vegna þess að það er ekki eingöngu auðvelt að vera ástfanginn í borginni, heldur er líka svo auðvelt að verða ástfanginn af borginni sjálfri. Og þrátt fyrir öll ástföngnu pörin þótti mér borg ástarinnar alveg jafn frábær í góðra vina hópi.

Við komuna til Parísar, um miðjan dag, tók kona á móti farþegum neðanjarðarlestanna. Hún spilaði á banjó og brosti framan í alla þá sem gáfu sér tíma til að horfa á hana. Af lestarstöðinni var förinni síðan heitið á kaffihús. Á kaffihúsum í París, eins og í mörgum stórborgum, er ekkert tiltökumál að sitja einn. Tvær eldri konur sátu einar hvor á sínu borðinu, drukku kaffi og horfðu á mannlífið. Ég held að það yrði góð leið til þess að eyða ellinni þegar þar að kemur.

Fyrir utan Nýlistasafnið hefði líka verið hægt að sitja og horfa á mannlífið heilu dagana. Þar sat fólk og teiknaði eða las, og gömul útigangskona spilaði einn og sama tóninn aftur og aftur á heimagerða fiðlu, við lítinn fögnuð viðstaddra. Tveir ungir menn dönsuðu þó og skiptu á milli sín rósavínsflösku. Á meðan bauð maður í fullum indjánaskrúða hverjum sem vildi sopa úr sinni vínflösku. Hvernig ætli þessu hefði verið tekið á góðum degi á Austurvelli í sumar?

Þegar líða tók á kvöldið færðist enn þá meira fjör í leikinn. Tískuvika og heimsmeistaramót í rúbbí mynduðu skemmtilega blöndu og miðbærinn var troðfullur. Þegar komið var á lestarstöðina á nýjan leik, um tólf tímum frá síðustu heimsókn, sat banjókonan enn á sama stað og spilaði. Hún lét það ekkert á sig fá þótt hópur lögreglumanna hlypi framhjá henni á miklum hraða. Ég gat ekki annað en hugsað með mér hvort það væri líka rætt um óöld í miðborginni í frönskum fjölmiðlum.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Ólafur Elíasson á uppboð

Gallerí Fold stendur fyrir uppboði í kvöld í Súlnasal Hótel Sögu. Boðin verða upp fjölmörg listaverk eftir íslenska listamenn, þar á meðal Kjarval, Þórarin B. Þorláksson, Kristján Davíðsson og Ólaf Elíasson.

STORMUR EFTIR ÞORVALD SKÚLASON FRÁ 1963 Þetta verk er á meðal þeirra sem verða boðin upp í kvöld.

Jóhann Hansen er einn af listaverkasölum Gallerís Foldar. Hann segir mikið af eftirsóknarverðum verkum á uppboðinu að þessu sinni.

„Við erum til að mynda með tvö verk eftir Ólaf Elíasson, en við höfum ekki fengið verk eftir hann á uppboð áður að mér vitandi. Annars vegar er um að ræða grafíkverk sem líkist kannski helst innanhússarkitektúr og hins vegar er um að ræða steinþrykk sem minnir kannski frekar á skissu eða teikningu. Þessi verk eru ekki dagsett en eru á að giska um tíu ára gömul."

Á þriðjudag fór fram uppboð í Kaupmannahöfn þar sem málverk eftir Jón Stefánsson seldist á um þrjár og hálfa milljón króna. Jóhann segir afar sambærilegt verk eftir sama listamann verða boðið upp í kvöld. „Það verður fróðlegt að sjá hvort það selst á sambærilegu verði," segir Jóhann.

Af öðrum athyglisverðum verkum sem verða til sölu nefnir Jóhann þrjú verk eftir Mugg. „Þar er kannski markverðast olíumálverk, en þau eru fremur sjaldgæf eftir þennan listamann. Svo er vatnslitamynd sem er í anda Dimmalimm og sýnir litla stúlku í berjamó. Þriðja verkið er skissa af altaristöflu á Bessastöðum. Við höfum áður haft eitt og eitt verk eftir Mugg á uppboðum en aldrei áður þrjú í einu."

Jóhann bætir við að auk ofantalinna verði fjöldinn allur af öðrum spennandi verkum boðinn upp í kvöld og því eigi listunnendur ekki að láta uppboðið framhjá sér fara.

Uppboðið hefst kl. 18.45.

vigdis@frettabladid.is

KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR SÖNGKONA Syngur lög Richard Rodgers í Salnum í kvöld.

Söngbók í Salnum

Allt frá upphafi djassins hafa listamenn tekið vinsæl dægurlög og spunnið á þau nýja búninga. Lög nokkurra höfunda hafa náð slíkri fótfestu meðal djassleikara að ekki verður framhjá þeim litið þegar djasssagan er skoðuð. Einn þessara höfunda er Richard Rodgers, sem þekktastur er sem annar helmingur tvíeykisins Rodgers og Hammerstein.

Gunnar Hrafnsson kontrabassaleikari, Kjartan Valdemarsson pínóleikari, Kristjana Stefánsdóttir söngkona og Pétur Grétarsson trommuleikari hafa leitað í smiðju Richard Rogers og munu leika valin lög, af þeim rúmlega 900 sem hann samdi, á tónleikum í TÍBRÁ í Salnum í kvöld kl. 20.

Vakin er athygli á því að framhald verður á þessari fræðandi og skemmtilegu dagskrá í TÍBRÁ í marsmánuði, en þá verður tónlist Cole Porter til umfjöllunar.

Almennt miðaverð á tónleikana er 2.000 krónur.

Leiðsögn um „Drasl"

Myndlistarmaðurinn Magnús Tómasson býður upp á leiðsögn um sýningu sína „Drasl" í Listasafni ASÍ, Freyjugötu 41, í dag kl. 15. Sýningin er hluti af Sequences-listahátíðinni.

Magnús Tómasson er fæddur í Reykjavík 1943. Hann nam myndlist við Listaháskólann í Kaupmannahöfn og útskrifaðist þaðan árið 1970.

Þrátt fyrir að hann væri við nám í Danmörku var hann í góðum tengslum við það sem var að gerast í myndlist á Íslandi. Hann tók meðal annars þátt í stofnun Gallerí SÚM árið 1968.

Magnús hefur haldið margar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum á Íslandi og erlendis. Hann hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir list sína. Verk eftir hann eru meðal annars í eigu Listasafns Íslands og Listasafns Reykjavíkur og flestir Íslendingar kannast við verk hans, Þotuhreiður, sem er við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Það kennir ýmissa grasa á sýningunni í Listasafni ASÍ, en þar sýnir Magnús til að mynda skúlptúra og myndþrennur sem hann nefnir Formrím, auk myndaraðarinnar Samanburðarlandafræði en hugmyndin að elstu myndinni í þeirri röð er frá árinu 1977. - vþ



MAGNÚS TÓMASSON MYNDLISTARMAÐUR Fræðir sýningargesti í dag kl. 15.

Óperа í beinni

Í kvöld býður Rás 1 hlustendum sínum upp á beina útsendingu á óperunni Ariadne auf Naxos eftir Richard Strauss sem flutt verður í Íslensku óperunni.

Arndís Björk Ásgeirsdóttir og Elísabet Indra Ragnarsdóttir eru umsjónarmenn útsendingarinnar. Arndís Björk segir þetta í annað sinn sem Rás 1 standi að beinni útsendingu frá Íslensku óperunni. „Við sendum út beint frá Flagara í framsókn nú í vor og tókst það afar vel. Við ákváðum því að halda áfram á sömu braut og senda beint út frá Ariadne auf Naxos."

Óperan sjálf er aðalatriði útsendingarinnar, en einnig verður rætt við góða gesti. „Við verðum að sjálfsögðu með smá fróðleik og umræður sem snúast um verkið. Áður en óperan sjálf hefst munum við fara yfir söguþráð hennar og í hléinu fáum við svo til okkar sérfræðinga sem ræða við okkur um tónlistina, tónskáldið, uppsetninguna og fleira," segir Arndís Björk.

Uppsetning Íslensku óperunnar á verkinu hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda og því er upplagt fyrir tónlistarunnendur að stilla útvarpstækin á Rás 1 í kvöld, en útsendingin hefst kl. 19.50. - vþ

ÚTVARPSHÚSIÐ VIÐ EFSTALEITI Rás 1 býður upp á óperu í beinni útsendingu í kvöld.

Bó í bransanum í 40 ár

Björgvin Halldórsson situr ekki auðum höndum frekar en fyrri daginn en hann fagnar því í ár að hafa verið „í bransanum“ í fjóra áratugi. Hann er að taka upp fjórðu „jólagestaplötu“ sína, stefnir á að halda stórtónleika í desember og gefa út fyrri jólaplötur á þrefaldri safnplötu. Á næsta ári ætlar hann að gefa út sólóplötu og spila í Kaupmannahöfn.

FJÓRAR JÓLAPLÖTUR Björgvin Halldórsson gefur út sína fjórðu jólaplötu í nóvember auk þess sem fyrri plöturnar þrjár verða gefnar út á safnplötu. Hann segist rétt vera að byrja í bransanum þótt hann hafi verið að í fjörutíu ár.

„Þessar þrjár plötur náðu allar miklum vinsældum og mörg laganna eru orðin klassísk,“ segir Björgvin um fyrri jólaplötur sínar. „Nýja platan ber nafnið Jólagestir Björgvins en þar syng ég meðal annars með Svölu dóttur minni, Stefáni Hilmarssyni, Garðari Cortes og Sverri Bergmann. Á henni eru erlend lög sem ekki hafa heyrst áður með íslenskum texta.“ Björgvin viðurkennir að sá orðrómur eigi sér stoð að hann hyggist halda jólatónleika í Laugardalshöll hinn 1. desember. „Það hefur alltaf verið draumur minn að halda flotta jólatónleika. Það er þó ekkert neglt niður enn þá, en ef af verður verða tónleikarnir veglegir, stórhljómsveit og allur pakkinn.“

Sautján ár eru síðan Björgvin gaf síðast út jólaplötu. „Mér fannst vera kominn tími til að koma með nýja,“ segir hann. „Þetta ár er líka mjög sérstakt fyrir mig því í ár eru liðin fjörutíu ár síðan ég byrjaði í minni fyrstu hljómsveit og fetaði mín fyrstu skref í bransanum.“ Hann jánkar því að líklega sé jólabarnið í honum að brjótast út fyrir alvöru þessi jólin. „Já, ætli það ekki. Við verðum öll að varðveita jólabarnið í okkur í þessum heimi sem versnandi fer. Ég hef alltaf verið svolítill jólasveinn og það verður erfitt að breyta því héðan af.“

Björgvin segist vera að vinna að fleiri verkefnum sem væntanlega muni koma á óvart. Hann er auk þess að fara til Kaupmannahafnar í apríl til að halda stórtónleika með strengjasveit Konunglegu óperunnar og fleirum. Fjórir áratugir hafa ekki hægt á kappanum nema síður sé. „Ég er rétt að byrja í bransanum. Ég hef aldrei verið betri í hálsinum og ef guð lofar heldur starfsorkan áfram. Verkefnin flæða að og mér finnst gott að geta verið í hljóðveri á veturna og veiða á flugu á sumrin. Ég vel líka gott fólk í kringum mig sem er jafnvel betra en ég. Þótt maður spili pínulítið á gítarinn tekur maður ekki öll sólóin sjálfur.“

sigrunosk@frettabladid.is

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

GOOD LUCK CHUCK	kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	14
GOOD LUCK CHUCK LÚXUS	kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	
HALLOWEEN	kl. 8 - 10.25	16
SUPERBAD	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
SHOOT'EM UP	kl. 10.20	16
HÁKARLABEITA 600 KR.	kl. 1.30 - 4 - 6	
HAIRSPRAY	kl. 3.10 - 5.30 - 8	
BRETTIN UPP ÍSL. TAL	kl. 2	
THE SIMPSONS MOVIE ISL&ENSKT TAL	kl. 1.30 300 kr. Sið. sýningar	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

4 MONTHS ENSKUR TEXTI	kl. 3 - 5.40 - 8 - 10.15	12
EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI	kl. 3 - 5.40 - 8 - 10.20	12
ALEXANDRA ENSKUR TEXTI	kl. 3 - 6 - 10.15	14
HALLOWEEN	kl. 8 - 10.30	16
VEÐRAMÓT	kl. 3 - 5.40 - 8	14

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Háskólabíói merktar með rauðu

GOOD LUCK CHUCK	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	14
THE KINGDOM	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	16
HEIMA - SIGURRÓS	kl. 4 - 6 - 8 - 10	14
VEÐRAMÓT	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	14

SÍMI 462 3500 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

GOOD LUCK CHUCK	kl. 6 - 8 - 10	14
THE KINGDOM	kl. 8 - 10.10	16
HALLOWEEN	kl. 6	16
SUPERBAD	kl. 4	12
HÁKARLABEITA 600 KR.	kl. 4	

Engin endastöð

TÓNLIST

In Rainbows

Radiohead

★★★★

Lítið um óvænta hluti en Radiohead sýnir og sannar af hverju sveitin er besta tilraunakennda popphljómsveit heimsins.

Radiohead er óútreiknanleg hljómsveit, vægast sagt. Eftir tvö ár og heilan haug af mismiklum bullfréttum um framvindu sjöundu breiðskífu sveitarinnar þá allt í einu, algjörlega út í bláinn: BÚMM! „Já, hæ, ný plata, In Rainbows, kemur bara út eftir tíu daga. Bæ!“ Ha, hvað er í gangi? Hvar er hinn frjálsi fjölmiðlamarkaður sem á að fylgjast með og koma í veg fyrir að maður fái hjartaáfall við svona óvæntar fréttir. Nei, ég tek þetta til baka. Uppátæki Radiohead er án nokkurs vafa ferskasta spark sem tónlistarheimurinn hefur fengið upp í óæðra gatið á sér í langan tíma. Átti slíkt líka svo fyllilega skilið.

Vindum okkur samt að plötunni, er hún eins rjúkandi heitt og þægilegt spark og fréttirnar af henni? Hún byrjar snaggarlega á hörðu bíti og Yorke hefur upp raust sína. How come I end up where I started / How come I end up where I went wrong. Söngur Yorke hljómar mjög R&B-lega í laginu og yfirleitt á plötunni, ólíkt reiðinni sem einkenndi Hail to the Thief. Sál Radiohead rís upp og hættir að lemja frá sér. Bergmálið færir sig frekar varfærnislega áfram og hefur meiri reiðu á hlutunum. Weird Fishes/Arpeggi sannar slíkt best. Yfirborðsmikið, þétt á alla kanta og tilbrigðin trítla yfir líkama manns á duttlungafullan hátt, líkt og regnboginn sjálfur. Jigsaw Falling Into Places og House of Cards eru önnur lög sem gera flest allt sem góð tónlist á að gera.

Radiohead hefur samt ekki sagt skilið við groddann eða tilraunamennskuna. Annað lagið Bodysnatchers byggir þannig á rausnarlegum gítarriffum, líkt og jafnvel Queens of the Stone Age.

Tilfinningaþungi raddar Yorkes skilar sér vel og fellur að lýrískum textum hans, rétt eins og vanalega. Depurðin er í hámarki en á milli reynist von og bjartari tilfinningar. All I Need er til dæmis ekkert annað en hreinræktað ástarlag. Ástarsorgin gerir hins vegar vart við sig í Videotape.

In Rainbow kemur sjaldan á óvart en hefur allt sem aðdáendur Radiohead geta beðið um, fyrir utan að vera besta plata sveitarinnar til þessa. Hún vinnur á með hverri hlustun og nú er að bíða og sjá hver langtímaáhrifin verða. Kid A og Amnesiac lifðu fjarlægðina af og efldust á meðan Hail to the Thief mistókst slíkt.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

Hörundslitur skiptir máli

Leikkonan Halle Berry segir að hörundslitur sinn vefjist enn þá fyrir þeim sem halda utan um budduna í Hollywood. Hún telur þó að hlutirnir séu að breytast hægt og rólega þar í borg.

Þrátt fyrir að vera fyrsta þeldökka konan til að vinna óskarinn sem besta leikkonan segist Berry enn þá þurfa að leggja hart að sér til að sannfæra kvikmyndaframleiðendur um eigið ágæti. „Ég ætti ekki að þurfa að sannfæra kvikmyndaverin um að ég sé sú rétta í hlutverkin. Leiklistarhæfileikar mínir ættu að segja allt sem segja þarf,“ sagði Berry í viðtali við Reuters.

Nýjasta mynd Berry, Things We Lost in the Fire, kemur í kvikmyndahús í Bandaríkjunum hinn 19. október.

Þar leikur hún ekkju sem biður vin eiginmanns síns um að búa hjá sér og börnunum sínum tveimur. Berry segist hafa spurt leikstjórann hvort honum fyndist það skipta máli að hún væri þeldökk þar sem handritið var ekki skrifað með þeldökka konu í huga. Svaraði leikstjórinn Susanne Bier því að henni væri alveg sama.

Berry gengur allt í haginn um þessar mundir því hún á von á sínu fyrsta barni með kærasta sínum Gabriel Aubry og hefur látið hafa það eftir sér að hún vilji eignast fleiri börn. Á meðal þekktustu mynda hennar í gegnum tíðina eru Monster´s Ball og X-Men.

HALLE BERRY Leikkonan Halle Berry segir að kynþáttur sinn vefjist enn þá fyrir kvikmyndaforkólfum í Hollywood.

Hugbúnaðarþróun - Forritun

Skýrr leitar að orkumiklu og jákvæðu fólki , sem vill takast á við spennandi starf í hugbúnaðarþróun. Verkefni á þessu sviði tengjast til dæmis greiningu á þörfum viðskiptavina, forritun og þróun, innleiðingu og úrlausn tæknilegra verkefna. Viðkomandi þurfa að hafa góðan tæknilegan bakgrunn auk þekkingar og reynslu í forritun.

Skýrr er kraftmikið og traust fyrirtæki í lifandi starfsumhverfi. Mikið er lagt upp úr faglegum og góðum vinnubrögðum. Áhersla er lögð á að starfsfólk þróist í starfi og viðhaldi og bæti stöðugt við kunnáttu sína og hæfni.

Skýrr sækist eftir starfsfólki, sem hefur metnað til að axla ábyrgð, takast á við krefjandi verkefni og vaxa í starfi. Skýrr er fjölskylduvænt fyrirtæki í lifandi samkeppnisumhverfi. Starfsfólk fyrirtækisins myndar samhentan hóp þar sem mannauðurinn er í fyrirrúmi. Gildi Skýrr eru fagmennska, frumkvæði, jákvæðni og þjónustulund.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði verk-, kerfis- eða tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Kunnátta og reynsla í hugbúnaðarþróun
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæð vinnubrögð
- Reynsla af hópvinnu og verkefnastjórnun
- Forritun í C#, .NET, Java og/eða Delphi, ásamt vefþjónustu
- Þekking á lausnum Microsoft og Oracle kostur

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Óðinsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs, í 569 5100 eða ingibjorg.odinsdottir@skyrr.is. Umsóknarfrestur er til mánudagsins 22. október næstkomandi. Eyðublöð fyrir umsóknir er að finna á vefsvæði Skýrr. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum svarað.

Skýrr veitir um 2.300 viðskiptavinum fjölbreytta hugbúnaðar- og rekstrarþjónustu. Allt á einum stað. 24/7. Fyrirtækið er samstarfsaðili Business Objects, Microsoft, Oracle og VeriSign. Starfsemi fyrirtækisins er vottuð samkvæmt alþjóðlega gæða- og öryggisstaðlinum ISO 9001.

Allt á einum stað

Skýrr

> Fáum á okkur aulamörk

Emil Hallfreðsson var þungur á brún eftir ósigurinn gegn Lettlandi. „Þetta var ekki góður leikur. Fengum aulamörk á okkur og náðum ekki að nýta þessi færi sem við fengum. Ég hafði mjög góða tilfinningu fyrir þessu og við byrjuðum af krafti. Síðan lá leiðin niður á við. Það er eins og við rífum okkur upp í stöðunni 4-1 en náðum ekki að pota inn nema einu marki.“ Emil sagði að ekki kæmi annað til greina en að gera betur á móti Liechtenstein á miðvikudaginn. „Ég verð fúll í kvöld og fúll í nótt. Ég rífi mig upp á morgun og byrja þá að hugsa um næsta leik. Það kemur ekki annað til greina en að geta eitthvað í þeim leik.“

sport
sport@frettabladid.is

ÍSLAND TAPAÐI GEGN LETTLANDI Í GÆR: OKKAR MENN VORU ÞVÍ AFAR SVEKKTIR Í LEIKSLOK:

Létum þá líta út eins og Diego Maradona

Íslendingar töpuðu illa á móti Lettum, 2-4, í síðasta heimaleik sínum í undankeppni EM í gær. Eyjólfur Sverrisson, þjálfari landsliðsins, var að vonum allt annað en sáttur með leik liðsins.
„Ég er gríðarlega svekktur með spilamennsku okkur í leiknum. Fyrri hálfleikurinn var skelfilegur og varnarlega vorum við alltof langt frá mönnunum og því fengum við á okkur þrjú mörk úr föstum leikatriðum. Við vorum alltaf á eftir þeim í fyrri hálfleik og menn voru ekki að fara eftir leikskipulaginu og við duttum alltof aftarlega eftir óskabyrjun í leiknum,“ sagði Eyjólfur sem fannst þó allt annað að sjá liðið í seinni hálfleik.
„Við fórum yfir málin í hálfleik og ég ákvað að skipta ekki um leikmenn þrátt fyrir að vera mjög ósáttur við fyrri hálfleikinn og fá menn frekar til þess að bæta leik sinn og færa sig framar á völlinn. Auðvitað var svekkjandi að fá á sig mark strax í byrjun, en eftir það fannst mér við koma vel inn í leikinn,“ sagði Eyjólfur og kvaðst geta tekið eitthvað jákvætt frá leiknum.
„Mér fannst við spila ágætlega í seinni hálfleik, auk þess

var ánægjulegt að sjá Eið Smára spila góðan leik og skora tvö góð mörk,“ sagði Eyjólfur en gat augljóslega ekki leynt vonbrigðum sínum.
Gunnar Heiðar Þorvaldsson, framherji landsliðsins, var eins og Eyjólfur hundfúll með leikinn. „Liðið féll alltof langt til baka og þar með talinn framherjinn og því var enginn til þess að taka á móti boltanum þegar við vorum að sækja. Menn voru ákveðnir í því að standa sig í leiknum, en það gekk ekkert upp hjá okkur í dag. Þetta voru klárlega engir toppleikmenn sem við vorum að spila á móti, en við létum þá líta út eins og Diego Maradona,“ sagði Gunnar svekktur. Aleksandrs Starkovs, þjálfari Letta, var að vonum sáttur og hrósaði sínum mönnum í hástert í leikslok. „Við erum að reyna að byggja upp nýtt landslið og sigur gegn Íslendingum er vissulega stórt skref í rétta átt. Mér fannst Andris Vanins, markvörður okkar, og sóknarmaðurinn Maris Verpakovskis báðir eiga frábæran leik og við ætlum að reyna að halda áfram á sömu braut,“ sagði Starkovs.

WEST HAM
Verð á mann í tvíbýli
52.800 KR.
24.–26. NÓVEMBER
TOTTENHAM
Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Everton, Manchester Utd og Fulham.
+ Nánari upplýsingar: www.icelandair.is/ithrottaferdir
WWW.ICELANDAIR.IS

Niðurlægðir af Lettum í Dalnum

Íslenska landsliðið í knattspyrnu beið algjört afhroð gegn Lettlandi á Laugardalsvelli í gær. Lokatölur 2-4. Leikurinn var afturhvarf til fortíðar og gamlir draugar létu sjá sig á ný. Vörnin var í molum og sú liðsheild og stemning sem var í síðustu tveim leikjum var víðs fjarri. Niðurstaðan enn ein niðurlægingin.

FÓTBOLTI Lettar niðurlægðu Íslendinga á Laugardalsvellinum í gær er þeir unnu sanngjarnan stórsigur, 2-4. Slakt lettneskt lið, sem hafði ekki skorað mark á útivelli í riðlinum, skoraði ein fjögur mörk í Dalnum í gær og hefði hæglega getað skorað fleiri. Lettar, sem meðal annars töpuðu fyrir Liechtenstein, hafa því skorað átta mörk í tveim leikjum gegn Íslandi. Þeir hafa samtals skorað níu mörk í riðlinum. Það níunda var sjálfsmark andstæðinganna.

Fyrri hálfleikur var vægt til orða tekið skelfilegur hjá íslenska liðinu. Lettarnir voru augljóslega mun ákveðnari strax í byrjun en íslensku strákarnir fengu frábæra forgjöf á 4. mínútu þegar Eiður Smári batt endahnútinn á magnaða skyndisókn. .

Lettarnir létu þetta kjaftshögg ekki buga sig heldur héldu áfram að sækja. Sóknarleikur þeirra var mun markvissari, þeir voru þess utan grimmari í alla bolta. Miðju- og varnarleikur íslenska liðsins var í molum, sama hvar á var litið. Dekkningar í teig voru átakanlega lélegar, leikmenn voru á hælunum og hreinlega ekki með í leiknum. Sú stemning og baráttuandi sem einkenndi liðið í síðustu leikjum var hvergi sjáanleg og virðist sem þeir leikir hafi verið algert stílbrot.

RÁÐALAUS Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari horfir á meðan Lettar fagna einu fjögurra marka sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

SKÖMMUSTULEGIR Leikmenn íslenska landsliðsins í knattspyrnu gengu hnípnir af Laugardalsvelli í gær eftir háðulega útreið gegn Lettum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Það var fullkomlega sanngjarnt þegar Klava jafnaði með skalla í teignum eftir horn á en hann var glæpsamlega illa dekkaður og átti í engum vandræðum með að skora. Aðeins fjórum mínútum síðar kom Laizans Lettum yfir með marki beint úr aukaspyrnu. Tíu mínútna martröð íslenska liðsins var síðan fullkomnuð þegar Verpakovskis var fyrstur að átta sig í teignum og kom Lettum í 1-3.

Þetta voru fyrstu mörk Letta á útivelli í riðlinum og gestirnir voru hreinlega að niðurlægja íslenska liðið en það var ekki heil brú í leik liðsins í hálfleiknum.

Hálfleiksræðan hjá Eyjólfi skilaði litlu því Verpakovskis skoraði öðru sinni og kom Lettum í 1-4 eftir aðeins 19 sekúndur í síðari hálfleik. Eiður Smári minnkaði muninn með laglegu einstaklingsframtaki á 53. mínútu og kveikti lítinn vonarneista. Í kjölfarið kom smá pressa frá íslenska liðinu en hún stóð ekki lengi yfir.

Síðari hálfleikur var tíðindalítill og íslenska liðið átti engin svör. Hugmyndaleysið var algjört og sóknarleikurinn ómarkviss og tilviljanakenndur.

Leikur Íslands í heild sinni olli vonbrigðum. Mikið hafði verið gert með að byggja ofan á þá stemningu og liðsheild sem var einkennandi í liðinu í síðustu tveim leikjum. Sú frammistaða hefði átt að gefa mönnum vind í seglin en liðið féll í sama farið og það hefur verið í nánast alla undankeppnina. Breytti engu þótt liðið fengi 1-0 forskot í leiknum. Liðið hefur verið niðurlægt hvað eftir annað í riðlinum og er yfirspilað á heimavelli gegn Lettum og Liechtenstein. Það er engan veginn ásættanlegt og leikurinn í gær er lítið annað en enn einn vitnisburðurinn um að liðið og þjálfarinn séu ekki á réttri leið. **henry@frettabladid.is**

Ísland 2-4 Lettland
Laugardalsv., áhorf.: 5.836 — Mike Dean (7)

1-0 Eiður Smári Guðjohnsen (4.)
1-1 Oskars Klava (27.)
1-2 Jurijs Laizans (31.)
1-3 Maris Verpakovskis (37.)
1-4 Maris Verpakovskis (46.)
2-4 Eiður Smári Guðjohnsen (53.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	17–16 (8–6)
Varin skot	Árni Gautur 2 – Vanins 6
Horn	7–5
Aukaspyrnur fengnar	9–19
Rangstöður	2–0

EINKUNNIR ÍSLANDS

BYRJUNARLIÐIÐ

Árni Gautur Arason, markvörður	3
Slakur. Átti varla eina góða markvörslu í leiknum og hefði mátt gera betur í sumum markanna.	
Kristján Örn Sigurðsson, hægri bakvörður	3
Sá kraftur og eldmóður er var í honum í síðustu leikjum var ekki til staðar. Var á gönguhraða nánast allan leikinn, varðist ekki vel og veitti engan stuðning í sókninni.	
Ívar Ingimarsson, miðvörður	3
Stýrði vörninni ekki af sama myndarskap og í síðustu leikjum. Var svifaseinn og ólíkur sjálfum sér.	
Ragnar Sigurðsson, miðvörður	3
Ekki heldur líkur sjálfum sér. Dekkaði illa, hægur, tæpur í sínum aðgerðum og fann aldrei taktinn.	
Hjálmar Jónsson, vinstri bakvörður	3
Byrjaði vel og gaf góða stoðsendingu í fyrsta markinu. Gat lítið eftir það og hafði takmarkað fram að færa. Fékk tækifæri til að réttlæta stöðugt val í hópinn en sýndi ekki fram á að hann eigi skilið sæti sitt.	
Grétar Rafn Steinsson, hægri vængmaður	5
Fór snemma af velli vegna meiðsla. Það munaði talsvert um það enda var hægri vængurinn lamaður.	
Brynjar Björn Gunnarsson, varnartengiliður	2
Átti vægast sagt skelfilegan leik og hugsanlega sinn langlélegasta frá upphafi. Gekk nákvæmlega ekkert upp hjá honum. Sendingar skelfilegar og varnarleikurinn slakur.	
Jóhannes Karl Guðjónsson, tengiliður	5
Ekki með í fyrri hálfleik en átti ágætis spretti í þeim síðari og spilaði boltanum ágætlega frá sér.	
Emil Hallfreðsson, vinstri vængmaður	4
Reyndi hvað hann gat að komast upp vænginn en hafði ekki erindi sem erfiði allan leikinn.	
Eiður Smári Guðjohnsen, framherji	7
Skoraði tvö mörk sem hefðu átt að duga til sigurs. Lítið hægt að kvarta yfir tveggja marka frammistöðu. Var duglegur og naut þess greinilega að spila loksins fótbolta.	
Gunnar Heiðar Þorvaldsson, framherji	3
Náði aldrei takti við leikinn og sú vinnusemi sem einkenndi hans leik í síðustu leikjum var ekki eins áberandi. Fór af velli á 65. mínútu og hefði mátt fara fyrr af velli.	

VARAMENN

25. mín. Kári Árnason fyrir Grétar Rafn Steinsson	3
Ekki öfundsverður að koma inn í skelfilegan fyrri hálfleik. Fann sig ekki frekar en í síðasta leik og var átakanlegt að fylgjast með hversu illa honum gekk að skila boltanum frá sér.	
65. mín. Helgi Sigurðsson fyrir Gunnar Heiðar Þorvaldsson.	4
Innkoma hans breytti engu. Náði ekki takti frekar en félagar hans.	
88. mín. Ármann Smári Björnsson fyrir Kristján Örn Sigurðsson	-

Eiður Smári sló markamet landsliðsins í gær:

Skuggi yfir metinu

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen fyrirliði var gríðarlega ósáttur. „Við látum þá líta vel út. Þeir detta inn í opin svæði því við vorum greinilega ekki viðbúnir neinu í dag. Við erum á heimavelli og með sjálfstraustið í lagi eftir tvo góða leiki. Byrjun frábærlega í leiknum en gefum síðan eftir á einhvern óskiljanlegan hátt. Við gefum þeim of mikil svæði og sitjum of aftarlega eftir að við komumst yfir,“ sagði Eiður svekktur.

Eiður Smári náði loks að bæta markamet Ríkharðs Jónssonar eftir sex markalausa leiki í röð en Eiður hefur nú skorað 19 mörk fyrir Ísland. „Auðvitað er maður stoltur að bæta þetta markamet. Það er skuggi yfir metinu í dag en ég hef trú á að ég eigi eftir að njóta þess í framtíðinni. Ég hefði gefið metið upp á bátinn fyrir þrjú stig í dag. Velgengni hjá liðinu er mikilvægari en þetta markamet mitt.“

Ragnar Sigurðsson varnarmaður var alls ekki sáttur með leik sinn í gær. „Varnarleikurinn var slakur hjá okkur og við vorum alltof langt frá mönnunum. Ég er

SVEKKTUR Landsliðsfyrirliðinn átti erfitt með að leyna vonbrigðum sínum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

vægast sagt ósáttur með minn leik og ég tek þetta á mig að hluta til,“ sagði Ragnar. **- gmi / - óþ**

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: STÖÐ 2 STÖÐ 2+ STÖÐ 2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ+ STÖÐ 2 SIRKUS STÖÐ 2 SIRKUS+

Landsbankinn

EIGUM VIÐ AÐ RÆÐA ÞAÐ EITTHVAÐ?

NÆTURVAKTIN – Í KVÖLD KL. 20:35

„Guði sé lof fyrir Næturvaktina“
Atli Fannar – 24 stundir

skemmtilegri

30% aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á Netinu. Stod2.is

NÆTURVAKTIN - kl. 20:35

DAMAGES - kl. 21:15

THE TUDORS - kl. 22:05

JESPER TOLLEFSEN Sést hér eftir undirskriftina við Víking í gær.

Knattspyrnulið Víkings:

Tollefsen tekur við Víkingi

FÓTBOLTI Víkingur réð í gær Danann Jesper Tollefsen sem þjálfara félagsins til næstu tveggja ára en Tollefsen tók við Leikni um mitt síðasta sumar og gerði athyglisverða hluti. Tollefsen tekur við starfinu af Magnúsi Gylfasyni sem hætti samkvæmt samkomulagi eftir síðasta tímabil.

Tollefsen mun starfa sem yfirmaður þjálfaramála og koma að þjálfun yngri flokka og knattspyrnuakademíu félagsins samhliða þjálfun meistaraflokksins.

Tollefsen er vel menntaður þjálfari sem er uppalinn hjá AGF í Árósum þar sem hann hefur meðal annars þjálfað. Víkingar vænta mikils af verkum Danans og er svo sannarlega verk að vinna eftir að Víkingur féll úr Landsbankadeildinni. **- hbg**

N1 DEILD KARLA
Fimmtudagur 4. október
Vestmannaeyjar kl. 16.00
ÍBV - HK
Ásvellir kl. 16.00
Haukar - Stjarnan

Spánverjar gerðu endanlega út um vonir Dana

Leikið var í undankeppni EM í gær og línur eru farnar að skýrast í F-riðli eftir að Spánn vann Danmörk, en spennan magnast til muna á öðrum vígstöðvum. Ekkert lát er á góðu gengi enska liðsins þessa dagana sem lagði Eistland í gær.

FÓTBOLTI Margir leikir fóru fram í undankeppni EM í fótbolta í gær og fyrir utan tap Íslands gegn Lettlandi ber helst að nefna að Svíþjóð vann Liechtenstein og Spánn vann Danmörku í F-riðli. England vann Eistland í E-riðli og Frakkland burstaði Færeyjar í B-riðli eftir ævintýralegt ferðalag.

Öruggur 0-3 sigur Svíþjóðar á Eistlandi kom fæstum á óvart, en mörkin skoruðu Freddie Ljungberg, Christian Wilhelmsson og Anders Svensson og Svíar sitja því eftir sem áður á toppi F-riðils.

Spánn gerði út um vonir Danmerkur um laust sæti á Evrópumótinu í Austurríki og Sviss á næsta ári með því að vinna 1-3 á Parken. Spánverjar komust í 0-2, með mörkum frá Raúl Tamudo og Sergio Ramos í fyrri hálfleik, en Jon Dahl Tomasson náði að minnka muninn fyrir Dani nokkrum mínútum fyrir leikslok. Spánverjar áttu hins vegar lokaorðið þegar Albert Riera skoraði þriðja mark þeirra á lokamínútu venjulegs leiktíma og sitja í öðru sæti riðilsins fast á hæla Svíum.

Margir biðu með eftirvæntingu eftir leik Frakklands og Færeyja eftir miklar hrakfarir Frakka við

VONBRIGÐI Danir eiga ekki lengur möguleika á því að komast á lokakeppni EM í Austurríki og Sviss á næsta ári eftir tap gegn Spáni í gær. NORDICPHOTOS/AFP

að komast til Færeyja og þurftu þeir meðal annars að lenda á Egilsstöðum á föstudag vegna mikillar þoku í Færeyjum. Frakkar komust þó að lokum til Færeyja stuttu fyrir leik í gær en ferðalagið virtist ekki hafa sett liðið út af laginu, því liðið vann öruggan 6-0 sigur og mikil spenna er á toppi B-riðils þar sem Skotar og Ítalir berjast ásamt Frökkum.

England vann mikilvægan 3-0 sigur á Eistlandi en Shaun Wright-Phillips og Wayne Rooney komu Englandi í 2-0 áður en Taavi Rahn innsiglaði sigur Englendinga með sjálfsmarki. Steve McClaren, stjóri Englands, telur að byrjunin á leiknum hafi gert útslagið í leiknum. „Það var afar mikilvægt fyrir okkur að byrja leikinn af krafti og það gerðum við svo sannarlega og fyrri hálfleikurinn var mjög fagmannlega leikinn af okkur," sagði McClaren sem hrósaði Wayne Rooney sérstaklega í leikslok. „Wayne Rooney var búinn að setja pressu á sjálfan sig fyrir leikinn og mér fannst hann virkilega vilja sanna eitthvað og hann gerði það og átti svo sannarlega skilið að skora í leiknum. Ég er mjög ánægður fyrir hans hönd," sagði McClaren í leikslok, en Wayne Rooney hafði sagt við fjölmiðla fyrir leikinn að hann hefði ekki leikið vel fyrir England í tvö ár. **omar@frettabladid.is**

SKORAÐI LOKSINS Wayne Rooney skoraði loksins fyrir England geng Eistlandi, en Rooney hafði ekki skorað í keppni fyrir liðið síðan á Evrópumótinu árið 2004. NORDICPHOTOS/GETTY

www.expressferdir.is
SKRÁÐU ÞIG Í FÓTBOLTAKLÚBB EXPRESS FERÐA!
Það margborgar sig að skrá sig í Fótboltaklúbb Express Ferða. Nöfn allra klúbbfélaga og þeirra sem skrá sig fyrir 15. nóvember fara í pott og eru glæsileg verðlaun í boði, ferð á heimaleik með West Ham að eigin vali.
Innifalið er flug, gisting og miði á leikinn.
Dregið verður 1. desember.
Skráðu þig núna! Þú gætir unnið ferð á leik með West Ham!
» Gakktu til liðs við okkur og skráðu þig á www.icelandexpress.is/expressfotbolti
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Valsstúlkur unnu 4-0 gegn Wezemaal í gær:

Frábær sigur Vals

FÓTBOLTI Valsstúlkur fóru bókstaflega á kostum gegn belgíska liðinu Wezemaal og unnu 4-0 í Evrópukeppni félagsliða kvenna í gær og eiga möguleika á því að komast í 8-liða úrslit í keppninni.

Valsstúlkur hrukku í gírinn seint í síðari hálfleik gegn belgísku meisturunum og skoruðu öll mörk sín á síðustu 20 mínútum leiksins. Katrín Jónsdóttir skoraði fyrsta mark leiksins með skalla eftir hornspyrnu og Málfríður Erna Sigurðardóttir bætti öðru marki við einnig með skalla eftir hornspyrnu. Margréti Láru Viðarsdóttur fannst ekki nóg komið og bætti tveimur mörkum við í lok leiksins og hefur því skorað alls 19 mörk í 12 Evrópuleikjum sem er frábær árangur.

Valsstúlkur spila síðasta leik sinn í riðlinum á þriðjudag gegn

FÖGNUÐUR Valsstúlkur gátu leyft sér að fagna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

enska liðinu Everton og komast í 8-liða úrslit með sigri í leiknum, en liðinu gæti einnig nægt jafntefli ef úrslit úr öðrum leikjum verða þeim hagstæð. **- óþ**

ÚRSLIT

Undankeppni EM:

A-RIÐILL:

Armenia-Serbía	0-0
Aserbaijan-Portúgal	0-2
- Bruno Alves, Hugo Almeida.	
Pólland-Kasakstan	3-1
Belgía-Finnland	0-0

Stig efstu liða: 1. Pólland 21, 2. Portúgal 20, 3. Finnland 19, 4. Serbía 17.

B-RIÐILL:

Skotland-Úkraína	3-1
Miller, McCulloch, McFadden - Shevchenko.	
Færeyjar-Frakkland	0-6
- Benzema 2, Anelka, Henry, Rothen, Ben Arfa.	
Ítalía-Georgía	2-0
Pirlo, Grosso.	

Stig efstu liða: 1. Skotland 24, 2. Frakkland 22, 3. Ítalía 21, 4. Úkraína 13.

C-RIÐILL:

Ungverjaland-Malta	2-0
Moldavía-Tyrkland	1-1
Grikkland-Bosnía	3-2

Stig efstu liða: 1. Grikkland 22, 2. Noregur 17, 3. Tyrkland 17, 4. Bosnía 13.

D-RIÐILL:

Slóvakía-San Marínó	7-0
Kýpur-Wales	3-1
Írland-Þýskaland	0-0

Stig efstu liða: 1. Þýskaland 23, 2. Tékkland 20, 3. Slóvakía 13, Kýpur 13.

E-RIÐILL:

England-Eistland	3-0
Wright-Phillis, Rooney, sjálfsmark.	
Króatía-Ísrael	1-0

Stig efstu liða: 1. Króatía 24, 2. England 23, 3. Ísrael 18, 4. Rússland 18.

F-RIÐILL:

Ísland-Lettland	2-4
Danmörk-Spánn	1-3
Tomasson - Tamudo, Ramos, Riera.	
Liechtenstein-Svíþjóð	0-3
- Ljungberg, Wilhelmsson, Svensson.	

Stig efstu liða: 1. Svíþjóð 22, 2. Spánn 22, 3. Norður-Írland 16, 4. Danmörk 14.

G-RIÐILL:

Hvíta Rússland-Lúxemborg	0-1
Rúmenía-Holland	1-0
Slóvenía-Albanía	0-0

Stig efstu liða: 1. Rúmenía 23, 2. Holland 20, 3. Búlgaría 18, 4. Slóvenía 10.

N1-deild kvenna:

HK-Stjarnan 18-24

Mörk HK: Elva Björg Arnardóttir 5, Arna Sif Pálsdóttir 4, Natalia Cieplowska 4, Auður Jónsdóttir 2, Rut Jónsdóttir 1, Brynja Magnúsdóttir 1, Elín Anna Baldursdóttir 1.

Mörk Stjörnunnar: Alina Petrache 6, Sólveig Lára Kjærnested 6, Birgit Engl 3, Rakel Dögg Bragadóttir 2, Hildur Harðardóttir 2, Ásta Björk Agnarsdóttir 2, Ásdís Sigurðardóttir 2, Harpa Sif Eyjólfsdóttir 1.

Fylkir-Haukar 18-24

Mörk Fylkis: Natasha Damljanovic 6, Elín Helga Jónsdóttir 4, Sunna Jónsdóttir 3, Hanna Rut Sigurjónsdóttir 2, Elzbieta Kowal 1, Áslaug Gunnarsdóttir 1, Ingibjörg Karlsdóttir 1.

Mörk Hauka: Hanna G. Stefánsdóttir 8, Nína K. Björnsdóttir 4, Ramune Pekarskyte 4, Sigrún Brynjólfsdóttir 3, Hind Hannesdóttir 2, Ausra Geciene 1, Harpa Melsteð 1, Inga Fríða Tryggvadóttir 1.

Iceland Express-deild kvk:

Grindavík-Hamar	94-65
Keflavík-Fjölnir	88-51
Haukar-KR	74-71

SLÆMT TAP Í UNGVERJALANDI Sigfús Páll Sigfússon og félagar í Val máttu sætta sig við 13 marka tap, 41-28, gegn ungverska liðinu Fotex Vezsprem ytra. Staðan í leikhléi var 20-12. Baldvin Þorsteinsson var atkvæðamestur í liði Vals með 10 mörk og Sigfús Páll kom næstur með fimm. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Good Luck Chuck
Sometimes love blows.
SENDU SMS JA GLF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR OG MARGT FLEIRA!
9. HVER VINNUR!
BÍÓMIÐI
SMÁRA BÍÓ REGNBOGINN HÁSKÓLABÍÓ
Frumsýnd 12. október
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb 99 kr/skeytið.

Getz Frá kr. 1.430.000

- ABS með ESP hemlavörn
- Innbyggð árekstrarvörn
- 240/977 ltr. farangursrými
- Geislaspilari / MP3 og 4 hátalarar
- Hiti í sætum (Getz Sport)
- Topplúga (Getz Sport)

Frá kr. 16.900 á mánuði*

Hyundai hefur gæðin

Flottur er algjört skilyrði

Fáðu þér Getz og vertu á bíl sem uppfyllir öll skilyrði.

Frá kr. 16.900 á mánuði*

- ✓ Flottur
- ✓ Hagstæður
- ✓ Rúmgóður
- ✓ Traust bílaumboð
- ✓ Öruggur
- ✓ Góð þjónusta

B&L

Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Getz GLS 5 dyra á 16" álfelgum. Bílasamningur miðast við 80% lánshlutfall af kr.1.430.000 í 84 mánuði og í erlendri myntkörfu, JPY 50%, CHF 50%.

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

> Glenn Close

Hin fjölhæfa leikkona Glenn Close er fædd í Greenwich í Connecticut árið 1947. Foreldrar hennar voru úr yfirstétt, en faðir Close rak um tíma læknastöð í Belgíska Kongó. Close hefur verið tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna, meðal annars fyrir hlutverkið sem hún er hvað þekktust fyrir – sem hin geðtruðflaða Alex í Fatal Attraction. Hún leikur lögfræðinginn Patty Hewes í þáttunum Damages, sem Stöð 2 sýnir í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HLAKKAR TIL

Spennan magnast

Dauðir tímar hafa einkennt sjónvarpsdagskránna í allt sumar og haust. Vellur, væl og matreiðsluþættir í yfirþyrmandi magni. Enginn dagur hefur verið sjónvarpsdagur í fleiri fleiri mánuði en nú er von að breyting verði á. Ég fæ bæði kitl í magann og titring í tærnar við tilhugsunina um næstu þáttaröð Grey's Anatomy sem hefst á Stöð 2 hinn 31. október næstkomandi. Gleði, gleði, gleði. Þrítug konan ætti kannski ekki að gera sig uppvísa að slíkri barnalegri gleði, hvað þá opinberlega í blaði, en hvað um það.

Það er eitthvað við þessa óþroskuðu læknanema með brókarsótt sem er svo heillandi. Ég hef bæði hlegið, grátið og farið hjá mér. Hvers annars gæti ég óskað mér af einum þætti?

Ekki sakar heldur að allar persónurnar eru eins og persónulegir vinir mínir og auk þess vinir

vina minna. Daginn eftir sýningu þáttar verjum við samstarfskonurnar iðulega tíu mínútum í umræður um helstu viðburði í lífi Meredith og vina hennar. Ég verð að viðurkenna að sumir sem koma inn í þær samræður verða heldur vonsviknir og kannski hneykslaðir þegar þeir komast að því að ekki er verið að ræða nýjasta slúðrið á vinnustaðnum heldur atburði í leiknu læknadrama.

Það verður skemmtilegt að vita hvernig haltu mér/slepptu mér samband Meredith og doktor Drauma mun þróast á næstu mánuðum. Hvað verður um hjónaband Georges og mun nýr maður koma inn í líf Christinu fyrst búið er að kasta leikaranum sem lék Burke út með baðvatninu fyrir fordóma? Nú er bara að bíða og sjá.

GREY'S ANATOMY Aðdáendur eru byrjaðir að hlakka til nýrrar þáttaraðar.

EKKI MISSA AF

19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu SJÓNVARPIÐ

22.50 A Fistful of Dollars STÖÐ 2

22.05 Touching the Void STÖÐ 2 BÍÓ

19.25 Arrested Development SIRKUS

21.00 Law & Order: SVU SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Í næturgarði 08.29 Róbert Bangsi 08.39 Pósturinn Páll 08.54 Bubbi byggir 09.05 Disneystundin 09.06 Herkúles 09.28 Sígildar teiknimyndir 09.36 Fínni kostur 09.58 Arthur 10.23 Ævintýri HC Andersen

10.50 Hvað veistu? e.

11.20 Laugardagslögin

12.30 Silfur Egils

13.40 Rolando Villazón e.

14.45 Rembrandt

15.00 Matur er mannsins megin(3:6)e.

15.55 Íslandsmótið í handbolta (1:50)

17.30 Táknmálsfréttir

17.40 Eldurinn

18.00 Stundin okkar

18.30 Spaugstofan

19.00 Fréttir

19.35 Veður

▶19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

20.20 Glæpurinn (1:20)

21.20 Lystin að lifa Í myndinni er sögð saga Örnu Þórsdóttur sem glímir við átröskun eða lystarstol og lotugræðgi. Arna sem er tvítug hefur verið veik í sex ár.

21.55 Sunnudagsbíó - Snegla tamin (The Taming of the Shrew) Bresk sjónvarpsmynd frá 2005 byggð á leikriti Williams Shakespeare sem hér er fært til nútímans. Meðal leikenda eru Shirley Henderson, David Mitchell og Rufus Sewell.

23.25 Silfur Egils e.

00.35 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 A Shot at Glory

08.00 Just For Kicks

10.00 Peter Pan

12.00 Ocean´s Twelve

14.05 A Shot at Glory

16.00 Just For Kicks

18.00 Peter Pan

20.00 Ocean´s Twelve

▶22.05 Touching the Void Átakanleg saga tveggja fjallaklifrara sem lentu í skelfilegum hremmingum á fjallinu Siula Grande í Perú.

00.00 Real Cancun

02.00 Conan the Destroyer

04.00 Touching the Void

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2

08.00 Algjör Sveppi

10.00 Barnatími Stöðvar 2

11.05 Prehistoric Park (6.6)

12.00 Hádegisfréttir

12.25 Nágrannar

14.10 Heima hjá Jamie Oliver (13.13)

14.35 Tískulöggurnar (5.6)

15.30 Til Death (8.22)

15.50 Commander In Chief (17.18)

16.40 60 mínútur

17.45 Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.05 Mannamál með Sigmundi Erni (1.40)

19.50 Monk (13.16)

20.35 Næturvaktin (5.12) Hljómsveitin Sólin fær loksins tækifæri til að koma fram en Ólafi tekst að koma sér í vandræði í vinnunni. 2007.

21.05 Damages NÝTT (2.13) Glænýr og hörkuspennandi lögfræðiþáttur með stórleikkonunni Glenn Close í hlutverki Patty Hewes, virts lögfræðings sem lætur ekkert stöðva sig á leið sinni á toppinn. 2007.

21.55 The Tudors (8.10) Dramatísk þáttaröð með gæðaleikaranum Jonathan Rhys Meyers í aðalhlutverki. Mayers er hér í hlutverki Hinriks VIII sem þekktur var fyrir ástarsambönd sín ekki síður en konungstitilinn. Í þáttunum er fylgst með lífi og ástum Hinriks sem og þeirra sem stóðu honum næst. (8.10) Henry vill að hjónaband hans og drottningar verði ógilt en það gæti leitt til milliríkjadeilu. Aðalhlutverk: Sam Neill, Jeremy Northam, Steven Waddington, Jonathan Rhys Meyers. Leikstjóri: Ciaran Donnelly, Brian Kirk. 2007. Stranglega bönnuð börnum.

▶22.50 A Fistful of Dollars Spagettívestrinn sem gerði Clint Eastwood að stórstjörnu. Clint leikur nafnlausa manninn sem kemur til smábæjar í villta vestrinu þar sem tvær stórfjölskyldur berjast grimmilega um völdin. 1964. Stranglega bönnuð börnum.

00.25 Saving Grace (5.13)

01.10 Star Trek: First Contact (e)

03.00 Chasing Beauties

04.25 Monk (13.16)

05.10 Til Death (8.22)

05.30 Næturvaktin (5.12)

05.55 Fréttir

06.35 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíví

SÝN besta sætið

08.50 Kaupþings mótaröðin 2007

09.55 EM 2008 - undankeppni

11.35 Augusta Masters Official Film

12.30 Það helsta í PGA mótaröðinni

13.00 Evrópumótaröðin Bein útsending frá lokahringnum á HSBC Wrld MAtch Play mótinu í Evrópsku mótaröðinni.

16.00 PGA Tour 2007 - Highlights (Valero Texas Open)

16.55 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur

17.25 EM 2008 - undankeppni Útsending frá leik Englands og Eistlands í undankeppni EM 2008.

19.10 King of Clubs

19.40 NFL Gameday Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandarísku fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.

20.10 NFL Bein útsending frá Dallas, Texas þar sem Cowboys taka á móti Patriots í NFL boltanum.

23.10 Evrópumótaröðin Bein útsending frá lokahringnum á HSBC Wrld MAtch Play mótinu í Evrópsku mótaröðinni.

SÝN 2

13.50 Masters Football Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright.

16.10 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

16.40 PL Classic Matches Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

17.10 PL Classic Matches

17.40 Goals of the season Glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

18.40 Liverpool - Tottenham

20.20 Bolton - Chelsea

22.00 Masters Football Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby og Peter Beardsley. UK Masters Cup er gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

07.45 Vörutorg

08.45 MotoGP Upptaka frá móti sem fram fór í Ástralíu í nótt. Þetta var sextánda mót tímabilsins í MotoGP fer fram. Þar er ein skemmtilegasta brautin í MotoGP og hjólin ná gríðarlegum hraða. Valentino Rossi hefur verið sigursæll á þessari braut en tapaði í fyrra fyrir landa sínum Marco Melandri.

13.15 Dr. Phil (e)

14.00 Sport Kids Moms & Dads (e)

15.00 The Biggest Loser (e)

16.00 America's Next Top Model (e)

17.00 Innlit / útlit (e)

18.00 Backpackers (e)

18.30 7th Heaven Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug.

19.15 Survivor (e)

20.10 Sport Kids Moms & Dads (7.8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fylgst er með fimm fjölskyldum sem telja að íþróttir séu ekki bara leikur. Foreldrar sem leggja allt í sölurnar til þess að krakkarnir nái á toppinn í sinni íþróttagrein.

▶21.00 Law & Order: SVU (16.22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Ung framhaldsskólastúlka hverfur sporlaust í skólaferðalagi í New York og grunur fellur á skólastráka sem eiga ríka foreldra.

21.50 Californication (2.12) Glæný gamanþáttaröð með David Duchovny í aðalhlutverki. Hann leikur rithöfundinn Hank Moody sem má muna fífil sinn fegurri. Þetta eru ögrandi þættir með kolsvörtum húmor.

22.25 C.S.I. New York (e)

23.15 The Black Donnellys (e)

00.05 Raines (e)

00.55 Vörutorg

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasínþáttur – mannlíf og menning á Norðurlandi. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Loksins raunhæfur valkostur í stað nagladekkja fyrir fólksbíla og jeppa

TOYO
VERÐLAUNA-MYNSTRIÐ
Stærri snertiflötur - aukið öryggi



TOYO
Harðskeljadekk
Frábær ending - Minna svifryk - Mjög hljóðlát

30 daga eða 800 km skilaréttur
Svo sannfærðir erum við um kosti TOYO harðskeljadekkjanna að við bjóðum 800 km eða 30 daga skilarétt ef þið eruð ekki fullkomlega sátt. Andvirðið gengur þá að fullu til kaupa á öðrum hefðbundnum vetrar- eða nagladekkum hjá okkur, við umfelgum fyrir þig hratt og örugglega.

561 4110
NESDEKK
Fiskislóð 30

TOYO TIRES
Umhverfisvænn valkostur í stað nagladekkja

Bílabúð Benna

Vagnhöfða 23 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 8.00 - 18.00.
Laugardaga 11.00 - 14.00.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21. 55

The Tudors

Í kvöld sýnir Stöð 2 áttunda hluta þáttaraðarinnar The Tudors. Þar er á ferðinni verðlaunuð dramatísk þáttaröð með gæðaleikaranum Jonathan Rhys Meyers í aðalhlutverki. Meyers er hér í hlutverki Hinriks VIII Englandskonungs sem þekktur var fyrir ástarsambönd sín ekki síður en konungstitilinn. Í þáttunum er fylgst með lífi og ástum Hinriks sem og þeirra sem stóðu honum næst.

▶ CALIFORNICATION

Skjár einn kl. 21.50

Glæný gamanþáttaröð með David Duchovny í aðalhlutverki. Hann leikur rithöfundinn Hank Moody sem man fífil sinn fegurri. Þættirnir eru ögrandi og með kolsvörtum húmor. Í kvöld reynir Charlie að fá Hank til að blogga fyrir veftímarit og allt fer úr böndunum þegar Hank er boðið í matarboð heima hjá sinni fyrrverandi og nýja manninum hennar.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Ársól
09.03 Upp og ofan
10.15 „Markgreifafrúin fór út klukkan fimm"
11.00 Guðsþjónusta í Langholtskirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Gárur
14.00 Hvað er að heyra?
15.00 Útvarpsleikhúsið: Uppfræðsla Litla trés
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Úr tónlistarlífinu
17.30 Úr gullkistunni
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.26 Seiður og hélog
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Tónlist
19.20 Leynifélagið
19.50 Ariadne
23.00 Andrarímur
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

14.30 Hollyoaks (31.260)
16.35 Hollywood Uncensored
17.15 Most Shocking
18.00 The George Lopez Show (11.22) (e)
18.30 Fréttir
19.00 Bestu Strákarnir (25.50) (e)
▶ **19.25 Arrested Development 3** Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. Þú veist aldrei á hverju þú átt von frá þessum hópi. 2005.
19.50 The Will (6.6) Spennandi raunveruleikaþáttur þar sem ættingjar milljónamæringsins Bills Long keppa um erfðarréttinn á stórum búgarði. Í hverri viku keppa ættingjarnir og í lok þáttarins er einn sendur heim. 2005.
20.30 Windfall (4.13) (e) Ný bandarísk þáttaröð um 20 manna hóp vina og kunningja sem dettur í lukkupottinn og vinnur 386 milljónir dollara í lottói. Hópurinn á þó eftir að komast að því að hamingjan er ekki föl og vandræðin eru rétt að hefjast.
21.15 Jake 2.0 (13.16) (e) Jake Foley er bara venjulegur maður þar til dag einn þegar hann lendir í furðulegu slysi sem gefur honum óvenjulega krafta. Nú er hann sterkari og sneggri en nokkur annar og leyniþjónusta Bandaríkjanna ákveður að nýta sér krafta hans.
22.00 Tekinn 2 (5.14) Önnur sería hinnar geysivinsælu þáttaraðar Tekinn þar sem Auðunn Blöndal fetar í fótspor Ashtons Kutchers og hrekkir fræga fólkið á óborganlegan hátt. (5.14) Jóhanna Guðrún er illa tekin þegar ungur aðdáandi fær hana til þess að gefa sér eiginhandaáritun í andlitið. 2007.
22.25 Stelpurnar (8.10)
22.50 Smallville (13.22) (e)
23.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Cutting It **13.00** Florida Fatbusters **13.30** Florida Fatbusters **14.00** Doctor Who **14.45** Doctor Who Confidential **15.00** Strictly Come Dancing - The Story So Far **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** Terry Jones' Barbarians **18.00** Great Railway Journeys of the World **19.00** Hitch: Alfred the Great **20.00** The Human Mind **21.00** Joe Louis: The Boxer who Beat Hitler **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** Terry Jones' Barbarians **0.00** Great Railway Journeys of the World **1.00** I Knew John Lennon **2.00** Hitch: Alfred the Great

DR 1

11.30 Hjerteflimmer **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.00** Doctor Who **13.45** HåndboldSøndag **15.30** Sigurd og Big Bandet **16.00** Lysets nøgle **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Har vi travlt mor? **17.30** Blandt vilde dyr og bleskift **18.00** Forbrydelsen **19.00** 21 Søndag **19.40** SøndagsSporten **19.55** Dødens Detektiver **20.20** Filmperler: Flugten **22.15** Clement i Amerika

NRK 1

6.00 Ugler i mosen **6.20** Tigga og Togga **6.25** Magnus og Myggen **6.40** Disneytimen **7.35** SvampeBob **8.00** Månáid-TV - Samisk barne-tv **8.15** Hjorten på nært hold **8.45** Bilder i bronse **9.30** To Have and Have Not **11.05** Et mesterverk **11.55** Jessye Norman **13.25** Lyden av lørdag **14.30** Oslo Horse Show **15.30** Åpen himmel **16.00** Tyven, Tyven **16.25** Wummi **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Kvitt eller dobbelt **19.05** Nils og Ronny - sammen for barna **19.35** Det kunne hende deg **21.10** Kveldsnytt **21.25** Rally-VM **22.15** Why Democracy? **23.10** Uka med Jon Stewart **23.35** Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

9.50 Niklas mat **10.20** Jonas och Musses religion **10.50** Hjärnstorm **11.20** Tillsammans för Världens barn **13.25** I love språk **14.25** Världen **15.25** Muslim i Europa 15.55 Anslagstavlan **16.00** BoliBompa **16.30** Videokväll hos Luuk **17.30** Rapport **18.00** Andra Avenyn **18.30** Sportspegeln **19.15** Agenda **20.10** VeteranTV **20.40** Vetenskap - Hjärnans hemligheter **21.10** Rapport **21.20** Fotbollskväll **22.05** Kobra **22.50** Sex med Victor **23.20** Brottskod: Försvunnen **0.05** Sändningar från SVT24

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: STÖÐ 2 STÖÐ 2+ STÖÐ 2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ+ SIRKUS SIRKUS+

SIGMUNDUR ERNIR STJÓRNAR LÍFLEGRI UMRÆÐU

MANNAMÁL – FYRSTI ÞÁTTUR Í KVÖLD KL. 19:05

- Ingibjörg Sólrún og Geir Haarde ræða um borgarpólitíkina
- Gunnar Steinn Pálsson ræðir um ímynd stjórnmálamanna
- Gerður Kristný og Katrín Jakobsdóttir taka púlsinn á menningunni

MANNAMÁL

stöð 2 skemmtilegri

NÆTURVAKTIN - kl. 20:35

DAMAGES - kl. 21:15

THE TUDORS - kl. 22:05

HVAÐ SEGIR MAMMA?

„Að sjálfsögðu er ég mjög stolt af stelpunni, hún stendur sig alveg frábærlega. Við erum góðar vinkonur. Klara er bæði sjálfstæð og ákveðin en mjög ljúf. Hún er skynsöm og veit nákvæmlega hvað hún vill. Ég hef ekkert nema jákvætt um hana að segja.“

Ingibjörg M. Ísaksdóttir, móðir Klöru Óskar Elíasdóttur, en eins og fram kom í Fréttablaðinu hefur Disney sýnt áhuga á að fá Nylon-stúlkur til liðs við sig.

HIN HLIÐIN DANÍEL ÞORSTEINSSON TÓNLISTARMAÐUR

Reynir að leggja hjátrú á hilluna

Hvað er að frétta? Það er allt á fullu, Sometime var að gefa út sína fyrstu plötu sem heitir Supercalifragilisticexpialidocious, þannig að maður er á fullu að kynna hana. Svo erum við náttúrlega á Airwaves föstudagskvöldið 19. okt. á Organ klukkan 1.15. Forvitnir geta kíkt á myspace.com/sometimegroup.
Augnlitur: Gráblár.
Starf: Tónlistarmaður og vinn líka á leikskóla.
Fjölskylduhagir: Í sambúð og á tvö börn.
Hvaðan ertu? Úr Reykjavík.
Ertu hjátrúarfullur? Ég var það, en er að reyna að hætta.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Family Guy.
Uppáhaldsmatur: Mexíkóskur og sushi.
Fallegasti staðurinn: Æi, ég veit það ekki.
iPod eða geislaspilari: Bæði.
Hvað er skemmtilegast? Að slaka á með nánu fólki, borða, búa til tónlist og hlusta.
Hvað er leiðinlegast? Leiðinlegt fólk.
Helsti veikleiki: Ég er allt of hress.
Helsti kostur: Ég er ótrúlega fljótur að hlaupa.
Helsta afrek: Iðunn og Hugi.
Mestu vonbrigðin: Þetta með jólasveininn og Gilitrutt...
Hver er draumurinn? Að vera hamingjusamur.
Hver er fyndnastur/fyndnust? Joe John Johanstonson.
Hvað fer mest í taugarnar á þér? Ég reyni að láta ekki neitt fara í taugarnar á mér, þó að það geti verið frekar erfitt.
Hvað er mikilvægast? Að reyna að minnsta kosti að vera sanngjarn.

Kærastan í bakrödd

„Ég verð söngvari og umboðsmaður. Það verður nóg að gera hjá okkur þegar við fáum æfingaplássið. Við erum að taka til í því núna en það er enn þá leyndarmál hvar húsnæðið er,“ segir Kristján Þórðarson, betur þekktur sem útvarpsmaðurinn Stjáni stuð. Hann stofnaði nýverið hljómsveitina Big Strong Boys ásamt þremur vinum sínum og ætlar sér stóra hluti. „Við erum góðir. Á böllum tökum við lög eftir ýmsa flytjendur en þegar við gefum út disk verður frumsamið efni á honum. Það bætast tvær stelpur í bandið seinna meir. Kærastan vill nefnilega vera með og önnur stelpa sem verður kvenmannsröddin á böllum. Kærastan verður í bakrödd.“ Hann segir að nafninu verði ekki breytt þótt stelpurnar gangi til liðs við sveitina.

Stjáni er ekki nýgræðingur í tónlistinni. „Ég hef sungið í 10-11 búð og á menningarnótt þar sem ég tók þrjú lög á stað niðri í bæ. Áður var ég í hljómsveit sem hét Strandverðirnir en hún hætti þegar helmingurinn fór til útlanda í skóla.“ Það er alltaf nóg að gera hjá Stjána sem ber út blöð á nóttunni, er með útvarpsþátt á RVKFM og starfar sem kerrustjóri í Rúmfatalagernum. Hann stendur auk þess á tímamótum því í næsta mánuði eru hann og kærastan, Soffía Jensdóttir, búin að vera saman í tíu ár. Hann segist þó ekki tilbúinn til að kvænast strax. „Ég er ekki tilbúinn til þess. Ekki strax. Ég ætla að fara í Perluna með henni í tilefni af afmælinu og ég ætla að borga. Það er leyndarmál hvert við förum eftir það.“

- sók

SYNGUR Í BIG STRONG BOYS Stjáni stuð er búinn að stofna hljómsveitina Big Strong Boys ásamt vinum sínum. Kærastan hans kemur til með að syngja bakrödd.

SKOPPA OG SKRÍTLA Í AFRÍKU Þær Linda og Hrefna eru nýkomnar frá Tógó þar sem þær sýndu fyrir munaðarlaus börn. „Við erum eiginlega enn þá með kökk í hálsinum,“ segir Linda.

SKOPPA OG SKRÍTLA: SETJA UPP YFIR TUTTUGU SÝNINGAR Í NEW YORK

Fá góð meðmæli í Time Out

Tvíeykið Skoppa og Skrítla hefur lengi notið vinsælda meðal barna á Íslandi. Fleiri hafa nú gert sér grein fyrir aðdráttarafli leiksýninga þeirra því þær Linda Ásgeirsdóttir og Hrefna Hallgrímsdóttir halda á næstunni utan til New York þar sem til stendur að sýna allt að þrjár sýningar á dag í þrjár vikur.

„Þetta verður mikil keyrsla en er auðvitað mjög spennandi. Við erum alveg í skýjunum með þetta. Skoppa og Skrítla eru að verða að miklu ævintýri,“ segir Linda. „Við fórum til New York í vor og fengum frábærar viðtökur. Eftir það sýndum við í litlu leikhúsi í Flórída.

Ein mamman kom tvisvar á sýninguna og sagði hana þá bestu sem hún hefði séð. Svo skemmtilega vill til að móðir hennar, Julia Pane, býr í New York og er háttsett hjá góðgerðarsamtökunum The Caritas Training Center sem vilja núna fá sýningarnar okkar. Við komum til með að sýna nítján sinnum fyrir um 1.800 börn í Bandaríkjunum. Auk þess frumsýnum við nýtt verk, Skoppa og Skrítla í álfaleit, í Scandinavia House á sérstakri menningar- og listahátíð fyrir börn sem tileinkuð er Íslandi.“

October
6
13
20
28

ÓMISSANDI Í NEW YORK Blaðið Time Out, sem fjallar um viðburði í New York, birti mynd af Skoppu og Skrítlu og sagði að allir þyrftu að sjá sýningu þeirra.

Koma Skoppu og Skrítlu hefur þegar vakið athygli og sýning þeirra er titluð „must see“ í blaðinu Time Out sem fjallar um viðburði í New York. „Svo erum við auk þess að fara í viðtal á fréttastöð í borginni. Þetta er bara draumur að rætast,“ segir Linda ánægð. „Við leikum nánast allar sýningarnar á ensku. Katrín Þorvaldsdóttir brúðugerðarmeistari fer út með okkur. Hún stjórnar brúðu í sýningunni og sér um bæði leikmynd og búninga.“

Skoppa og Skrítla eru ekki óvanar því að vera á ferð og flugi því þær eru nýkomnar frá Tógó í Afríku. „Við sýndum í barnaþorpi þar sem búa 74 munaðarlaus börn. Það var alveg ólýsanleg tilfinning að fá að heimsækja þau.

Við erum eiginlega enn þá með kökk í hálsinum. Það er svo gott fólk þarna og aðstæðurnar sem það býr við ótrúlegar. Við tókum upp ansi mikið efni og ætlum að reyna að sýna það í sjónvarpi í formi heimildarmyndar.“

sigrunosk@frettabladid.is

Ragga verndari Fjölskylduhjálpar Íslands

Söngkonan Ragnhildur Gísladóttir hefur tekið við af Bryndísi Schram sem verndari Fjölskylduhjálpar Íslands. Samtökin hafa undanfarin fimm ár aðstoðað Íslendinga í neyð og útvegað þeim matvörur og fatnað og aðrar nauðsynjavörur. „Starf mitt felst fyrst og fremst í að vekja athygli á þessum samtökum,“ segir Ragnhildur en starf Fjölskylduhjálpar er alfarið byggt á sjálfboðavinnu. „Í hverri viku mætir fólk og leggur sitt af mörkum til að aðstoða þá sem þurfa virkilega á þessari aðstoð að halda og ég vil einfaldlega leggja mitt á vogarskálarnar,“ útskýrir hún.

Ragnhildur hefur verið tilölulega stutt í starfi en segir að það hafi komið sér í opna skjöldu hversu mikil neyðin í raun og veru er í þessu velmegunarsamfélagi sem við erum sögð búa í. „Það eru svo margir sem vilja ekki vita af þessu og þykir óþægilegt að vita af slíkum hlutum í miðju góðærinu. Og allt of margir líta þetta hornauga og finnst þetta vera einhver aumingjaskapur,“ útskýrir Ragnhildur en hún mun ásamt dóttur sinni, Bryndísi Jakobsdóttur, sinna sjálfboðastörfum á vegum Fjölskylduhjálparinnar.

Ragnhildur hvetur fólk til að líta sér nær og gleyma ekki sínum minnsta bróður. Hver gjöf skipti máli. „Og nú eru að koma jól og þá þarf fólk að gera enn meira,“ segir Ragnhildur. „Við þurfum að hjálpa náunganum og styðja við hann þegar hann hrasar.“ Þeir sem vilja styðja við Fjölskylduhjálp Íslands geta lagt inn á reikninga 101-26-66090 eða 546-26-6609 á kennitöluna 660903-2590.

- fgg

Kringlukast

FINUCCI
collezione

SKYRTUR

VERÐ ÁÐUR KR. ~~8.980~~

MARGAR GERÐIR

VERÐ NÚ KR. 5.980

LEÐURJAKKI

VERÐ ÁÐUR KR. ~~49.980~~

VERÐ NÚ KR. 34.980

FINUCCI
collezione

JAKKAFÖT

VERÐ ÁÐUR KR. ~~44.980~~

MARGAR GERÐIR - ALLAR STÆRÐIR

VERÐ NÚ KR. 26.980

herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN
568 9234

Fókus

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Apótekið lægra verð

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs Jónssonar

Flokksræfilsháttur

Flokksræfilsháttur íslenskra stjórnmálamanna hefur nú endanlega gengið af stjórnmálaáhuga mínum dauðum. Ekkert er metið hlutlægt, engrar samkvæmni gætir, allt er skilið samkvæmt hagsmunum flokksins.

Í kjölfar síðustu borgarstjórnarkosninga fór að halla undan fæti. Þá kölluðu sjálfstæðismenn næstverstu útreiðina í sögu sinni „glæsilegan kosningasigur“. Sú staðreynd að R-listaflokkarnir skyldu ekki tapa neinu fylgi, þrátt fyrir vandræðaganginn sem einkenndi allt kjörtímabilið, var auðvitað í augum sjálfstæðismanna engin vísbending um að þrátt fyrir allt nytu R-listaflokkarnir óbreytts trausts kjósenda. Eftir síðustu alþingiskosningar syrti enn í álinn. Þá var fylgistap Samfylkingar kallað „varnarsigur“ þar á bæ, rétt eins og ríkisstjórnir sæki á stjórnarandstöðu en ekki öfugt. Metið á þó Guðlaugur Þór, sem í sjónvarpsviðtali fyrir nokkrum árum kallaði eins atkvæðis sigur Vöku í Háskólakosningum „glæsilegan“. Hvernig er eiginlega sigur sem er „ekkert sérstaklega glæsilegur“?

FRÉTT vikunnar var síðan hrein revía. Dagur B. Eggertsson, sem gagnrýndi síðustu borgarstjórn fyrir að vera mynduð um völd en ekki málefni, reið á vaðið með að svara því, aðspurður hvort nýi meirihlutinn væri ekki myndaður á nákvæmlega sama hátt, að undir þessum kringumstæðum giltu allt önnur viðmið. Auðvitað var öllum ljóst að eina breytingin var hvorum megin borðsins Dagur sjálfur sat. Sjálfstæðismenn vændu Björn Inga um siðleysi fyrir að koma eins fram við sig og þeir komu sjálfir fram við Ólaf F. í fyrra og fyrir að stjórnast af hagsmunum sem var í lagi að hann stjórnaðist af á meðan hann var í samstarfi við þá. Svo veinuðu þeir að vanda að margra flokka stjórn gæfist aldrei vel, þrátt fyrir að Reykvíkingar hafi í raun endurkjörið R-listann þótt hann væri ekki í framboði. Ómar sá aðeins sterka stöðu Margrétar, Valgerður kænsku Björns Inga og UVG þótti atburðarásin í heild eingöngu afhjúpa Svandísi sem hinn raunverulega leiðtoga í borginni. Er von að maður nenni ekki að vera með?

ÉG óska Reykvíkingum til hamingju með nýja borgarstjórn og nýjum borgarstjóra velfarnaðar í starfi. Um leið þakka ég fráfarandi meirihluta góð verk, einkum strætókortin. Þau eru Sjálfstæðisflokknum til fágæts sóma.

GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn 14. október, 287. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.13	13.14	18.13
Akureyri	8.03	12.58	17.53

Heimild: Almanak Háskólans

www.icelandexpress.is

Farðu í útrás og gerðu góð kaup í Evrópu!

» Nú er hárréttur tími til að skella sér í verslunarleiðangur til Evrópu. Iceland Express býður flug til heimsborganna Kaupmannahafnar, London, Lúxemborgar, Berlínar og Barcelona sem eru fullkomnir áfangastaðir fyrir þá sem vilja gera góð kaup í skemmtilegu umhverfi. Svo er nóg annað að gera, veitingahús, fjölbreytt mannlíf og afþreying við allra hæfi enda nauðsynlegt að safna kröftum á milli tarna!

Byrjaðu vel heppnaða verslunarferð með því að fara inn á **www.icelandexpress.is** og bókaðu ódýrt fargjald!

BÓKAÐU NÚNA!

» VERÐ FRÁ: **7.995 kr.** Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

» BÖRN: **50%** Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600 » www.icelandexpress.is

Iceland Express

Fíton / SÍA